



**HVUNN
DAGS
HETJAN**
▶ 30



ÁSTRÍÐUGLÆPIR
MORÐ Í ENGIHJALLA ▶ 36

**HJÓLA-
SÝNING**



VATNAGÖRBUM 24 - 26 • SÍMI 520 1100 • WWW.BERNHARD.IS

Í dag laugardag
milli kl. 11 og 16



FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

17. maí 2014
115. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



ÓVÆNT KOMIN Á KAF Í BÚSKAP

Tónlistarparið **Svavar Pétur Eysteinnsson** og **Berglind Häsler** er nýflutt á eigin jörð á Berufjarðarströnd, ásamt þremur börnum sínum. Þar sinna þau hjónin lambfé og æðarvarpi þessa dagana um leið og þau fagna útkomu nýrra diska með hljómsveitum sínum. ▶ 24



GÁFUR TROMPA ÚTLIT

Björg Magnúsdóttir segist skrifa um eigin veruleika í bókum sínum. ▶ 24



**FIMM STJÖRNU
VONARSTRÆTI** ▶ 58



**JÓN GNARR
SLÆR Í GEGN
VESTANHAFS** ▶ 40



WHIRLPOOL DAGAR WHIRLPOOL DAGAR
LOKADAGUR LOKADAGUR 10.50% AFSLÁTTUR
LOKADAGUR LOKADAGUR



ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR
- HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR



ht.is
UMBODSMENN UM LAND ALLT

**FLJÓTLEGT
OG ÞÆGILEGT**



FINNAR OG ÍSLENDINGAR
DREKKA MEST 4

Af Norðurlandabúum drekka Finnar og Íslendingar mest allra af áfengi.

BÆTIR HAG FLESTRA 6

Landbúnaðarstefna ESB bætir hag flestra

SKULDALEIÐRÉTTINGAR Í HÖFN 8

Skuldaleiðréttingar og veiðigjöld eru í höfn á Alþingi.

HVATVÍSAR OG ÁSTRÍÐUFULLAR 10

Íslenskar valdakonur eru hvatvísar og ástríðufullar.



SKOÐUN 16→19

GAMLA ÍSLAND 16

Porsteinn Pálsson um drauga gamla Íslands og nauðsynlegar málamiðlanir.

SKIPULAG EÐA SKIPULAGSLEYSI 19

Póra Andrésdóttir um þéttingu byggðar.



HELGIN 20→44

STOLT AF MÖMMU 20

Ástríður Magnúsdóttir er með leiðsögn um sýningu á fatnaði móður sinnar, frú Vigdísar Finnboga-dóttur.

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2014 32

Fréttablaðið skoðar stöðu mála í Árborg.

HM Í BRASÍLÍU 38

Fellur markmetið núna? 26 dagar eru í fótboltaveislu sumarsins.

HRÓI HÖTTUR KOMINN TIL LANDSINS 40

Leikhópurinn Lotta verður á ferð og flugi í sumar.



LÍFIÐ 56→70

LIST Á INSTAGRAM 56

Fimm listamenn sem vert er að fylgjast með á samskiptamiðlinum.

GLAMÚR OG GLÆSILEIKI 56

Fullt hús á tískusýningu Andreu í Hafnarborg.

HVAR LIGGJA MÖRKIN? 57

Kynfræðingurinn Sigríður Dögg Arnarsdóttir svarar spurningum lesanda.

ÚR LÖGFRÆÐI Í LÖGGUNA 70

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir verður lögregluþjónn á Hvolsvelli í sumar.



SPORT 64

HETJA ÍBV SLÓ MET 64

Agnar Smári Jónsson var magnaður í oddaleik ÍBV og Hauka.

BIKARINN FER Á LOFT Í MÝRINI 64

Stjarnan og Valur eigast við í oddaleik lokaúrslita Ólisdeildar kvenna.



FIMM Í FRÉTTUM LÍFSÝNI OG HANDTAKA FLÓTTAMANNNS



IZEKOR OSAZEE flóttamaður frá Nígeríu var handtekin á mánudag þegar hún sinnti tilkynningarskyldu hjá lögreglu. Henni var sleppt úr haldi en brottvísun hennar úr landi hefur verið frestað.



SÖLVI BLÖNDAL og félagar hans í hljómsveitinni Quarashi gáfu á fimmtudag út sitt fyrsta nýja lag í tíu ár. Lagið heitir Rock On og kemur út á Spotify og YouTube en sveitin stefnir á stærri útgáfu síðar á þessu ári.



KÁRA STEFÁNSSYNI og félögum hans í Íslenskri erfðagreiningu hefur gengið misjafnlega að safna lífsýnum hjá Íslendingum með hjálp frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu. Mörg dæmi eru um að fólk neiti að láta sýni af hendi til björgunarsveitarmanna. Kári hefur sagt gagnrýni á söfnunina hrokafulla.



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR innanríkisráðherra fundaði með aðstandendum Hjórdísar Svan Aðalheiðardóttur og fullyrða þeir að ráðherra hafi lofað að börnin yrðu ekki send úr landi eins og nú stendur til. Ráðherra þverneitar því.



→ **JÓN ÞÓR ÓLAFSSON**, þingmaður Pírata, hefur fundið fyrir einkennum vegna myglusvepps í húsnæði Alþingis við Austurstræti. Starfsmenn þingsins hafa kvartað yfir þreytu, augnþurrki, beinverkjum og fleiru sem rakið er til myglusvepps.

Gæti truflað heimsminjaskráningu

Þjóðgarðsvörður útilokar ekki að slæmt ástand fráveitumála á verndarsvæði Þingvallavatns geti haft neikvæð áhrif á heimsminjaskráningu Þingvallasvæðisins alls. Vinna að skráningu sem byggir á náttúrufari er þegar komin nokkuð á leið.

UMHVERFISMÁL Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður útilokar ekki að fráveitumál á verndarsvæði Þingvalla geti haft neikvæð áhrif á fyrirhugaða skráningu Þingvallasvæðisins alls á heimsminjaskrá Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Aðeins hluti þjóðgarðsins á Þingvöllum er á heimsminjaskrá í dag, á forsendum sögu og menningar. Stefnt er að því að Þingvallavatn ásamt vatnasviði verði sett á heimsminjaskrá sem einstakar náttúruminjar á heimsvísu í framtíðinni. Skráningin mun byggja á forsendum náttúrufars og er undirbúningur slíkrar skráningar þegar hafinn, til dæmis með undirbúningsvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands við gagnaöflun um náttúrufar svæðisins.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær uppfylla sárafá af þeim hátt í 700 sumarhúsum á verndarsvæði Þingvallavatns þær kröfur sem þar eru í gildi um fráveitumál, sem er niðurstaða samstarfshóps Heilbrigðisnefndar Suðurlands, sveitarfélaga, Þingvallanefndar og fleiri.

Spurður hvort bágt ástand frárennismála á verndarsvæðinu geti haft neikvæð áhrif á heimsminjaskráningu svæðisins í heild, segir Ólafur Örn það hugsanlegt.

„Ég get ekki svarað þessari spurningu afdráttarlaust. En auðvitað hljóta menn að spyrja þessara spurninga í samhengi við náttúrufar Þingvallavatns í dag, sem er einstakt. Spyrja hvort Íslendingar, sem óska þess að hafa umsjón staðarins fyrir hönd mannkyns, gæta svæðisins nægilega vel,“ segir Ólafur og hnykkir á því að með skráningunni sé viðurkennt að svæðið sé einstakt



Á ÞINGVÖLLUM Tilnefning Þingvalla á heimsminjaskrá var samþykkt árið 2004.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mótunarsaga Íslands fyrir allra augum

Forsendur fyrir skráningu náttúru Þingvallasvæðisins á heimsminjaskrá eru fjórar:

- Einstök landslagshéild þar sem sjá má þá þrjá þætti sem mótuðu Ísland.
- Flekaskilin, áhrif eldvirkni og jökla.
- Sýnileiki plötuskilanna, og virkni þeirra í dag.
- Fjögur afbrigði heimskautableikjunnar og ný ætt nýlega fundinna krabbadyra með tveimur tegundum sem hvergi hafa fundist annars staðar í heiminum.
- Aðeins 93 ferkílómetrar af tæplega 240 sem þjóðgarðurinn á Þingvöllum nær til eru á heimsminjaskrá í dag.
- Vatnasvið Þingvallavatns er 1.044 ferkílómetrar.

á heimsvísu og þurfi að standast kröfur sem fara saman við gildi þess. Það hljóti að ná til mengunar sem hefur áhrif á vatnið hvort sem það er frárennslí frá mannaústöðum eða önnur mengun.

Hann telur að krafan hljóti að

vera að þau atriði sem manns höndin getur haft áhrif á séu löguð. „Það kæmi mér í sjálfa sér ekkert á óvart að sú krafa kæmi fram að þetta yrði skoðað sérstaklega áður en til skráningarinnar kemur,“ segir Ólafur Örn.

svavar@frettabladid.is

Verjendur í Aurum-málinu telja engar reglur hafa verið brotnar hjá Glitni:

Býst við sýknu allra fjögurra

DÓMSMÁL Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, er sannfærður um að allir ákærðu í Aurum-málinu verði sýknaðir. Málflutningi lauk í gær eftir tveggja daga ræðuhöld ákærvaldsins og verjenda ákærðu.

Í málinu eru þeir Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, Jón Ásgeir Jóhannesson fjárfestir og þeir Magnús Arnar Arngrímsson og Bjarni Jóhannesson, sem báðir voru starfsmenn Glitnis, ákærðir fyrir umboðssvik eða hlutdeild í umboðssvikum vegna sex milljarða króna láns sem Glitnir veitti félaginu FS38 ehf. vegna kaupa á félaginu Aurum

Holdings Ltd. Allir neita sakborningar sök í málinu.

Gestur sagði í samtali við Fréttablaðið að hann teldi fullnægjandi upplýsingar hafa komið fram við meðferð málsins um það hvað raunverulega gerðist við lánveitinguna. „Ég yrði hissa á því ef niðurstaðan yrði sakborningum ekki í hag.“

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, sagðist ekki geta tjáð sig um efnisatriði málsins en búast má við dómi á næstu fjórum vikum. Hann sagði málið umfangsmikið og því mætti búast við að það tæki dómara góðan tíma að komast að niðurstöðu.



PUNGAR REFSINGAR Sérstakur saksóknari fer fram á fjögurra til sex ára fangelsi yfir sakborningum í Aurum-málinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ægis tjaldvagn

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opíð mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

FRÁBÆRT VERÐ ALLT FYRIR GARÐINN



ALLT FYRIR PALLINN
OG GARÐINN Í SÆLUREITNUM

Helgartilboð

Sýpris

999 kr

~~1.990 kr~~

Helgartilboð á sumarblómum



Margarita

799 kr

verð áður 1.590
12 cm pottur

Dalía

799 kr

verð áður 849
12 cm pottur

Snædrífa

999 kr

1.690

Bláakorn

1.199 kr

1.490



Rafmagnssláttuvél

13.995 kr

IKRA1200W

5085127



Rafmagnssláttuvél

26.995 kr

B&D Emax 1200W

5085160



Bensínsláttuvél

49.995 kr

Razor 4610



KJARA KLÚBBUR % SKRÁÐU ÞIG Í NÆSTU VERSLUN



Kjaraklúbbsverð

13.590 kr.

Fullt verð 16.900

Garðsett Kingfisher
4 stólar, borð og sóhlíf!
3899215

Broil King

Great Barbecue Every Time



Gasgrill

105.900 kr

Broil King

Gasgrill Broil King
Signet 20
3 brennarar, rafkveikja.
Grillgrind úr pottjárni
11.4 kW
3000602

Gasgrill Weber

39.890 kr.

Q120 svart ferðagrill

Weber Q120
Brennari: 2,64 kW
Grillflötur: 42x32 cm
3000244



Kolagrill

15.690 kr

á hjólum



Claber slönguhjólasett

4.995 kr

6.929

Úðabrúsi

1.995 kr

2.995

Úðabrúsi 5 ltr.
5087381

Claber slönguhjól og slanga
5081637

Háprýstidæla

C105 6-5

105 bar, kapall og
slanga 5 m
440 ltr/klst.
5254249

Plöntuskófla

299 kr

GREEN-IT

Háprýstidæla

10.995 kr

14.995



blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

10.05.2014 → 16.05.2014

4,3 milljarðar króna



er sú upphæð sem Landsbankinn hagnaðist um á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Það er mun minni hagnaður en á sama tíma í fyrra.

508

hegningarlagabrot voru skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í apríl. Þau hafa aldrei verið færri síðan samræmd skráning hófst.




550 þúsund krónur

eru meðalgrunnlaun flugfryja. Þær stefna nú í verkfall til að krefjast bættra kjara.


1.700

leiðsögumenn hafa útskrifast á Íslandi á síðastliðnum þrjátíu til fjórutíu árum. Aðeins 700 þeirra eru í Félagi leiðsögumanna.



115 þúsund

ferðamenn fóru í hvalaskoðun frá Reykjavík á síðasta ári.



25%

allra heimila á landinu eru leiguíbúðir samkvæmt Péttri Blöndal, þingmanni Sjálfstæðisflokksins.



34 milljónir

er sú upphæð sem Íslensk ættleiðing fékk sem grunnfjárveitingu frá innanríkisráðuneytinu til að sinna hlutverki sínu.



15. sæti

varð hlutskipti Íslendinga í Eurovision-keppninni um síðustu helgi.



10 þúsund kíló

seldust af neftóbaki hjá ÁTVR frá janúar og fram í apríl á þessu ári. Það er 42% aukning.



SÖFNUNIN KYNNT Björgunarsveitarmenn Landsbjargar hafa safnað sýnum einstaklinga sem veitt hafa samþykki sitt.

Persónuvernd sendi ÍE bréf:

Segir of stuttan tíma hafa liðið

VÍSINDI Persónuvernd telur að lengri tími hefði þurft að líða frá því Íslensk erfðagreining (ÍE) sendi gögn tengd söfnuninni „Útkall í þágu vísinda“ og þangað til söfnun lífsýna hófst.

Þetta kemur fram í bréfi sem Persónuvernd sendi ÍE og birti á heimasíðu sinni í gær. Þar segir að söfnunin hafi ekki fengið sérstakt leyfi frá Persónuvernd, eins og segir í kynningarbæklingi ÍE. „Enda er hún ekki háð slíku leyfi frá stofnuninni ef hún byggist á upplýstu samþykki þátttakenda,“ segir í bréfi Persónuverndar.

Árangurslaus sáttafundur:

Yfirvinnubann kl. 6 á morgun

KJARAMÁL Boðað yfirvinnubann flugfryja hjá Icelandair hefst klukkan sex á morgun. Óvíst er hvaða áhrif bannið hefur.

Á hverjum tíma er ákveðinn hópur á vakt og á bakvakt eru nokkrir sem eiga að hlaupa í skarðið ef forföll verða. Forfallist fleiri en eru á bakvakt getur það orðið til þess að fella þurfi niður flug. Sáttfundur var í deilunni gær og var hann árangurslaus. Næsti fundur er boðaður 22. maí.

Varaformaður Flugfryjufélags Íslands segir að það beri mikið í milli í deilunni.

Af Norðurlandabúum drekka Finnar og Íslendingar verst

Hvergi er drukkið meira áfengi á mann en í Hvíta-Rússlandi að því er segir í nýrri skýrslu WHO. Á Norðurlöndum er mest drukkið í Finnlandi og minnst á Íslandi. Í sömu löndum er þó verst drukkið á Norðurlöndum.

HEILBRIGÐISMÁL Af Norðurlandabúum drekka Finnar mest og Íslendingar minnst að því er fram kemur í nýrri skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um áfengi og heilbrigði í heiminum.

Fram kemur í skýrslunni, sem nær til allra 194 aðildarríkja WHO, að áfengisnotkun valdi dauða 3,3 milljóna manna á ári hverju. Af öllum dauðsföllum er hlutfallið 5,9 prósent. Auk þess að stuðla að ótímabærum dauða er áfengi sagt auka líkur á að fólk þrói með sér yfir 200 sjúkdóma.

Hvorki Ísland né Finnland ná þó á topp tíu lista þeirra landa þar sem mest er drukkið í heiminum, en þar tróna þó Evrópulönd, því mest er drukkið í Evrópu.

Mest er drukkið í Hvíta-Rússlandi, 17,5 lítrar af hreinu áfengi per íbúa yfir 15 ára aldri á ári hverju. Þar á eftir koma Moldóva með 16,8 lítra, Litháen (15,4 lítrar) og Rússland (15,1 lítri).

Hér á landi er talan 7,1 lítri af hreinu áfengi per íbúa á ári, en 10,4 lítrar ef bara er horft til þeirra sem drekka á annað borð.

Finnar drekka 12,3 lítra af áfengi á mann (18,1 þeir sem drekka), Danir 11,4/12,9 lítra, Svíar 9,2/13,3 lítra, og Norðmenn 7,7/9,0 lítra á mann.

En þar með er þó ekki öll sagan sögð, því WHO mælir líka hversu „vel“ er drukkið.

Hér er hlutfall óhófsdrykkju, eða það sem á ensku kallast *binge drinking*, þar sem mikið af áfengi er innbyrt á tiltölulega skömmum tíma, næstmest á Norðurlöndum.

Hér til hliðar má sjá lista yfir 25 efstu lönd raðað eftir óhófs-

→ Hvorki Ísland né Finnland ná þó á topp tíu lista þeirra landa þar sem mest er drukkið í heiminum, en þar tróna þó Evrópulönd, því mest er drukkið í Evrópu.

drykkju þeirra sem á annað borð drekka. Allra verst í heimi drekka Litháar, en 56,1 prósent þeirra sem þar drekka á annað borð drekka illa. Í öðru sæti er Finnland þar sem hlutfallið er 53,7 prósent.

Af aðildarríkjum WHO er Ísland svo í þrettánda sæti hvað þetta varðar með hlutfallið 34,9 prósent. Í Svíþjóð sem er í 14. sæti er hlutfallið 34,5 prósent og 33,4 í Bretlandi sem er í því fimmtánda.

Danmörk situr svo í 19. sæti á þessum skammarlista með 32,2 prósentu óhófsdrykkjuhlutfall þeirra sem á annað borð drekka. Best Norðurlandabúa standa svo Norðmenn sig með hlutfallið 13,9 prósent, nálægt fertugasta sæti.

Til samanburðar má svo nefna að óhófsdrykkjuhlutfall þeirra Bandaríkjamanna sem á annað borð drekka er 24,5 prósent. Sama hlutfall er 17,3 prósent í Kína, 13,0 prósent í Ástralíu og 23,1 prósent í Kanada.

Af þjóðum Vestur-Evrópu hafa Ítalir og Hollendingar allra besta stjórn á drykkju sinni samkvæmt tölum WHO. Í Hollandi er hlutfall óhófsdrykkjufólks í hópi þeirra sem drekka 6,6 prósent og 6,2 prósent á Ítalíu.

olikk@frettabladid.is



DRYKKJULÆTI Ekki fer alltaf saman magn og „gæði“ drykkju að því er fram kemur í nýrri könnun. Ítalir og Hollendingar drekka „vel“, en Íslendingar og Finnar „illa“.


ÓHÓFSDRYKKJA EVRÓPUPJÓÐA HLUTFALL*

Sæti	Land	% yfir 15 ára	% þeirra sem drekka
1	Litháen	36,6	56,1
2	Finnland	36,5	53,7
3	Grikkland	34,9	52,8
4	Austurríki	40,5	52,4
5	Moldóva	32,2	48,6
6	Írland	39	48,2
7	Malta	26,8	44,2
8	Tékkland	38,9	43,6
9	Slóvakía	28,6	43,4
10	Belgía	34,3	41,7
11	Eistland	23,3	35,8
12	Portúgal	20,4	35,8
13	Ísland	23,7	34,9
14	Svíþjóð	23,8	34,5
15	Stóra-Bretland	28	33,4
16	Úkraína	22,6	33
17	Hvíta-Rússland	25,9	32,7
18	Ungverjaland	26,3	32,3
19	Danmörk	28,5	32,2
20	Armenía	20,1	31,4
21	Frakkland	29,4	31
22	Lettland	20,9	30,9
23	Kýpur	26	30,5
24	Túrkménistan	11,7	29,8
25	Búlgaría	19,6	29,1

Heimild: Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin/WHO

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 21°	Friedrichshafen 17°	New York 21°
Apéna 22°	Gautaborg 18°	Orlando 28°
Basel 22°	Kaupmannahöfn 18°	Ósló 21°
Berlín 15°	Las Palmas 24°	París 21°
Billund 21°	London 22°	San Francisco 19°
Frankfurt 19°	Mallorca 24°	Stokkhólmur 17°

Á MORGUN
6-13m/s, hvassast SV-lands.

MÁNUDAGUR
Fremur hæg, N-læg, hvassast SA-lands.

Vordís Eiríksdóttir veðurfréttamaður

15%

afsláttur af Nicorette Fruitmint

Allar pakningastærðir og allir styrkleikar

Gildir til 30. maí 2014

Lyf & heilsa

HELGARVEÐRIÐ Skúrir á köflum um S- og A-vert landið og bjart yfir NA-lands. Þetta snýst svo við á morgun þegar það birtir til SV-lands en búast má við slydduéljum og rigningu um landið NA- og A-vert. Hiti 0-12 stig, hlýjast SV- og V-lands.

AUGLÝSINGAÐELDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is

FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrnann Helgason hrnann@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HILUX

LÁTTU REYNA Á'ANN



Hilux er fjallkóngurinn yfir Íslandi í leik og starfi enda harðduglegur vinnubjarkur sem hefur sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Nýhönnun á sætum og innra byrði gefur einstök þægindi í akstri innan bæjar sem utan. Sterkbyggð grind og ríkulegur öryggisbúnaður skapa meira öryggi ofan á óhagganlegan stöðugleika með öflugri fjöðrun og góðri hæð yfir vegi. Þú færð ekki annan eins styrk og öryggi á betra verði. Hilux fæst með hljóðlátri 2.5l eða 3.0l dísilvél sem bíður þess að komast þangað sem þig langar.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

Verð frá 5.490.000 kr.



Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að láni án vaxta í allt að þrjú ár.

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgæfið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. 40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Pútín heimsækir Kína: Kínverjar kaupa rússneskt gas

PEKING, AP Í opinberri heimsókn Vladímírs Pútín, forseta Rússlands, til Kína í næstu viku vonast kínversk yfirvöld til að þjóðirnar undirriti samning um stórkaup Kínverja á rússnesku gasi. Samningurinn er metinn á hundruð milljarða íslenskra króna. Meira en áratugur er síðan samningaviðræður hófust. Þá náðu þjóðirnar ekki saman um verð á gasi. Bandarísk yfirvöld hafa þrýst á kínversk yfirvöld að hætta við samninginn vegna framgöngu Rússa í Úkraínu. - ih

Lögð er til greiðsla tæplega 1,2 milljarða króna arðs vegna rekstrar Haga reikningsárið 2013/2014: Hagnaður Haga var milljarði yfir fyrra ári

VIÐSKIPTI Fjárfestar tóku ársuppgjöri Haga vel í fyrstu viðskiptum eftir birtingu þess í gær. Bréf félagsins hækkðu um rúm tvö prósent í viðskiptum framan af degi, en enduðu svo daginn með tæplega eins prósent hækkingu.

Hagnaður Haga á síðasta rekstrarári, sem lauk um mánadamótin febrúar/mars, nam 3.953 milljónum króna. Afkomun er 33,6 prósentum betri en ári fyrr þegar hagnaðurinn var 2.958 milljónir.

Fyrir aðalfundi félagsins, sem

haldinn verður 5. júní næstkomandi, liggur tillaga um greiðslu arðs sem nemur 1,0 krónu á hlut vegna reikningsársins 2013/2014. Heildararðgreiðsla nemur þá 1.172 milljónum króna.

Fram kemur í tilkynningu Haga til Kauphallar að í tilefni af góðu uppgjöri hafi Guðmundur Marteínsson, framkvæmdastjóri Hagkaups, afhent Eiríki Jónssyni, yfirlækni á Landspítalanum, 25 milljón króna framlag til kaupa á

Ársuppgjör Haga

Fjármagnsliður	2012/2013	2013/2014	Breyting
Vörusala	71.771	76.158	+6,1%
EBITDA hagnaður	4.963	5.862	+18,1%
Hagnaður	2.958	3.953	+33,6%
Eigið fé	8.731	12.098	+38,6%
Heildarskuldur	16.983	14.507	-14,6%
Eignir	25.714	26.605	+3,5%

Heimild: Ársreikningur Haga 2013/14

svokölluðum aðgerðabjarka sem nýtist til margvíslegra skurðaðgerða á grindarholslíffærum kvenna og við þvagfæraskurðlækningar. - óká

Landbúnaðarstefna ESB bætir hag flestra

Doktor í stjórnmálahagfræði segir að búast megi við andstöðu gegn landbúnaðarkerfi ESB frá þeim sem vanist hafi opinberri meðgjöf. Aukið vöruúrval og lægra verð matvæla skipti þó máli. ESB setji 363 milljarða evra í landbúnað til 2020.

LANDBÚNAÐUR Hagur flestra vænkast við að Ísland gerist aðili að sameiginlegri landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins (ESB). Þetta er álit Magnúsar Bjarnasonar, doktors í stjórnmálahagfræði, en hann ritar grein um landbúnaðarstefnu ESB í nýjasta hefti efnahagsritsins Vísbandingur.

Magnús bendir á að með aðild myndu landbúnaðarstærkir til íslenskra bænda að mestum hluta koma frá ESB en ekki beint frá skattgreiðendum. „Aukið vöruúrval og lækkun matvæla verðs mun jákvætt fyrir langflestu landsmenn. Mikil matarútgjöld eru stórmál fyrir marga, til dæmis einstæða foreldra og aðra lágláunahópa,“ bendir hann á í grein sinni.

„Íslenskir ráðamenn eru samt mótfallnir aðild landsins að ESB og sumir virðast líka hafa sérstakt horn í síðu landbúnaðarstefnu bandalagsins,“ bætir hann við. „Flestir þessir ráðamenn eru vel launaðir og þá skiptir matvæla-verð ef til vill litlu sem engu máli.“

Hann segir að breytingar sem hér yrðu við aðild að landbúnaðarstefnu ESB myndu vitaskuld skapa óánægju hjá þeim sem vanist hafi að lifa á háum opinberum styrkjum og þeim sem framleiddi afurðir á ósamkeppnishæfu verði. „Á sínum tíma voru danskir einokunarkaupmenn óánægðir með afnám einokunarverslunarinnar og lénsherrar Evrópu óánægðir þegar lénsskipulagið var afnumið. En þessum hópum þarf ekki að verknaði, þeir spjara sig eins og aðrir.“

Þegar við undirritun Rómarsáttmálans árið 1957 segir Magnús



LANDBÚNAÐAR- OG BYGGÐAPRÓUNARSTJÓRI ESB Til að bregðast við því hversu fátt ungt fólk leggur fyrir sig landbúnað hefur ESB hafið aðgerðir til að laða yngra fólk að stéttinni. Aðeins 6% bænda í löndum ESB eru undir 35 ára aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísland og samanburður við önnur lönd

Fram kemur í grein Magnúsar Bjarnasonar í Vísbandingu að um helmingur tekna í landbúnaði hér byggist á innlendum styrkjum, svo sem bein-greiðslum, kvótum, tollum og niðurgreiðslum. Hann segir hlutfallið svipað í Noregi, um 25 prósent hjá ESB, nær tíu prósentum í Bandaríkjunum, fimm prósent í Ástralíu og eitt prósent á Nýja-Sjálandi. „Á Íslandi mun ESB-aðild valda umtalsverðum breytingum á styrkjakerfinu og framleiðslunni – sem krefst nokkurra ára aðlögunartíma – en hvorki styrkir né framleiðsla mun leggjast af héraendis frekar en annars staðar í Evrópu.“

Magnús bendir á að ESB og Evrópuþingið ráðgeri á árunum 2014-2020 að verja 278 milljörðum evra í beingreiðslur og markaðsstuðning og 85 milljörðum evra í þróunarverkefni í sveitum. Þetta samsvari þjóðarframleiðslu Íslands í 35 ár. „En Íslendingar fá ekki krónu af þessu fé því þeir standa utan Evrópusambandsins.“

ESB hafa gert ráð fyrir sameiginlegri matvælaöryggis- og landbúnaðarstefnu. Hún sé hins vegar lifandi og taki reglulegum breytingum. „Þrátt fyrir stöðuga aðlögun landbúnaðarstefnunnar að nýjum tímum hafa markmiðin alltaf haldist þau sömu,“ segir Magnús. Þau séu að styðja við þróun í landbúnaði, sjá til þess að bændur hafi sitt lífibrauð, að markaðir séu stöðugir, að framboð af mat sé nægilegt, og að mat-

væli séu á sanngjörnu verði fyrir neytendur.

Aðlögun landbúnaðarstefnunnar að breyttum tímum hafi hins vegar haft í för með sér að mörgum finnist erfitt að átta sig á hvernig kerfið virki. Þá hafi landbúnaðarstefna ESB jafnan verið gagnrýnd fyrir eyðslu á almannafé, flókið styrkjakerfi og skrifinnsku. „Gagnrýni á landbúnaðarstefnu hins opinbera er því alls ekki einskorðuð við Íslendinga.“ olikr@frettabladid.is



MOSFELLSBÆR

Auglýsing frá Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar

Boðnir eru fram eftirtaldir framboðslistar við bæjarstjórnarkosningar í Mosfellsbæ 31. maí 2014

B - listi Framsóknarflokksins
D - listi Sjálfstæðisflokksins
M - listi Íbúahreyfingarinnar
S - listi Samfylkingarinnar
V - listi Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs
X - listi Mosfellslistans

Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar
 Þorbjörg Inga Jónsdóttir
 Haraldur Sigurðsson
 Valur Oddsson

Ástralía 2. til 18. október

Nú er allra síðasta tækifærið til þess að bóka far í þessa ferð

Sydney, Brisbane, Fraser Island, Þjóðgarðar o.fl.
 er meðal þess sem boðið verður upp á í þessari ferð.


Nánari ferðalýsing á www.iceline.is



Verð á mann í tvíbýli kr 654.500

Upplýsingar í sínum 845-1425 / 899-1295
 eða á tölvupósti info@iceline.is

Iceland Travel



VERUM GRÆN!
 Ferðagáfi á milli gæðum

Fáanleg í næstu verslun!

www.edda.is

Rannsókn lögreglu á dreifingu á sjónvarpsþáttinum Biggest Loser að ljúka: Maður um þrítugt handtekinn

LÖGREGLUMÁL Rannsókn lögreglu á dreifingu á sjónvarpsþáttinum Biggest Loser í gegnum vefsíðuna deildu.net er á lokastigi. Einn maður er grunaður um að hafa dreift þáttinum, segir Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

Maðurinn, sem er tæplega þrítugur og er búsettur á höfuðborgarsvæðinu, var handtekinn vegna rannsóknar lögreglu fyrir nokkru. Lögregla lagði hald á tölvu- og símabúnað mannsins vegna rannsóknar málsins, segir Friðrik Smári.

Skjárinn ehf., sem á og rekur sjónvarpsstöðina SkjáEinn, kærði ólöglega afritun og dreifingu þess manns sem liggur undir grun á þáttum úr sjónvarpsseríunni. Skjárinn telur að með dreifingunni hafi maðurinn valdið stöðinni miklu tjóni.



YFIRLÖGREGLUÞJÓN Friðrik Smári Björgvinsson segir að lagt hafi verið hald á tölvu- og símabúnað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skjárinn telur að með því að dreifa þáttinum hafi maðurinn brotið gegn bæði höfundalögum og almennum hegningarlögum. - bj

NÝR CITROËN C3

LÆGRA BÍLVERÐ - MINNI EYÐSLA



CRÉATIVE TECHNOLOGIE

LÆGRA VERÐ - FRÁ 2.250.000 KR.

Við frumsýnum nýja bíltækni á lægra verði. Hinar nýju PureTech vélar frá Citroën hafa meiri kraft, lægri eldsneytiseyðslu og 25% minni losun koltvísyrings en fyrri kynslóðir slíkra véla. Eldsneytiseyðsla Citroën C3 með nýju PureTech vélinni er aðeins 4,3 l/100 km í blönduðum akstri.

Komdu og reynsluaktu vel búnum Citroën C3.



Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Fella varð niður flug til og frá Denver í gær: Flugmenn vilja ekki vinna yfirvinnu

KJARAMÁL „Menn vilja ekki vinna yfirvinnu. Það er það eina sem mér dettur í hug. Menn eru ekki gláðir með þessi lög,“ segir Hafsteinn Pálsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

Alþingi setti lög í fyrradag sem banna tímabundið allar verkfallsaðgerðir flugmanna.



ENGA YFIRVINNU Flugmenn hjá Icelandair eru reiðir yfir lögum sem Alþingi setti og banna tímabundið verkfallsaðgerðir þeirra. Þeir hafna yfirvinnu þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flugmenn eru reiðir yfir lögum. Þeir telja að brotið hafi verið á stjórnarskrárbundnum réttindum þeirra.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir að hverjum og einum sé það í sjálfsvöld sett hvort hann vinni yfirvinnu eða ekki.

Hann segir að hingað til hafi það ekki verið vandamál að manna þó einhver forfallist. „Við hljótum hins vegar að skoða málin upp á nýtt ef flugmenn vilja ekki vinna yfirvinnu,“ segir Björgólfur.

Icelandair felldi í gær niður flug til Denver í Bandaríkjunum og flug frá Denver til Íslands fellur niður á flugmönnum og flugstjórum hafi valdið því að fella varð flugið niður.

Þá varð seinkun á flugi til og frá Glasgow í Skotlandi í gær og var véla-skortur talinn valda því.

Samninganefndir flugmanna og Samtaka atvinnulífsins sem fara með samningsumboðið fyrir Icelandair hafa ekki verið boðaðar til fundar. Samkvæmt lögum sem banna verkfallsaðgerðir flugmanna hafa þeir frest til 1. júní til að ná samningum við Icelandair. Takist það ekki fer málið í gerðardóm sem á að fella úrskurð fyrir 1. júlí.

-jme

Skuldaleiðréttingar og veiðigjöld í höfn

Alþingimenn eru á leið í sumarfrí. 54 mál voru á dagskrá á síðasta þingfundi og voru flest þeirra afgreidd. Næsti þingfundardagur verður 9. september að öllu óbreyttu.

STJÓRN MÁL Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 16. maí 2014 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 9. september 2014. Þannig hljóðaði þingsályktunartillaga forsætisráðherra sem hann bar fram síðdegis í gær.

54 mál voru á dagskrá Alþingis og voru flest þeirra afgreidd. Skuldaleiðréttingafrumvörp ríkisstjórnarinnar urðu að lögum, annars vegar frumvarpið um séreignarsparnað og hins vegar frumvarpið um leiðréttingu höfuðstóls verðtryggðra lána.

Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, lagði fram breytingartillögu við frumvarpið um leiðréttingu á höfuðstól verðtryggðra lána.

Breytingartillagan fól í sér að hvorki hjón sem eiga hreina eign upp á 30 milljónir né þeir einstaklingar sem eiga hreina eign upp á 20 milljónir fái leiðréttingu.

Þá lagði Árni Páll til að þau fimm prósent þjóðarinnar sem



LANGIR DAGAR Þingfundir hafa verið langir og strangir undanfarna daga og hafa þeir staðið fram á kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

eru ríkust fái enga leiðréttingu. Breytingartillagan var felld ásamt öðrum breytingartillögum stjórnarandstöðunnar.

Þá var frumvarp um veiðigjöld afgreitt sem lög frá Alþingi.

Mál voru afgreidd á færribandi á þingi í gær. Má þar nefna lög um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði, lög um lífsýnasöfn og lög um ýmsar gjaldskrárlækkunarir.

johanna@frettabladid.is



LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA
REYKJAVÍKURBORGAR

ÁRSFUNDUR 2014

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2014, verður haldinn miðvikudaginn 4. júní kl. 16.00 í húsaáskynnum BSRB að Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélag eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta. Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins. Reykjavík, 2. maí 2014

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Starfsemi LsRb 2013

Allar fjárhæðir í milljónum króna

Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 31.12	2013 Samtals	2012 Samtals
Iðgjöld	1.901	1.795
Lífeyrir	-2.929	-2.710
Fjárfestingartekjur	5.108	4.783
Fjárfestingargjöld	-99	-81
Rekstrarkostnaður	-70	-66
Hækkun á hreinni eign á árinu	3.910	3.721
Hrein eign frá fyrra ári	61.924	58.203
Hrein eign til greiðslu lífeyris	65.835	61.924
Efnahagsreikningur		
Verðbréf með breytilegum tekjum	6.083	3.284
Verðbréf með föstum tekjum	57.949	57.265
Veðlán	908	1.113
Aðrar eignir	940	293
Kröfur	58	52
Skuldir	-104	-83
Hrein eign til greiðslu lífeyris	65.835	61.924
Kennitölur		
Nafnávöxtun	8%	8%
Hrein raunávöxtun	4,2%	3,4%
Hrein raunávöxtun – 5 ára meðaltal	3,4%	3%
Fjöldi sjóðfélaga	613	668
Fjöldi lífeyrisþega	3.027	2.906
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,1%	0,1%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt		
Með framtíðar endurgreiðslu launagreiðanda á greiddum lífeyri		
Eign umfram heildarskuldbindingar í %	28,9%	27%
Eign umfram áfallnar skuldbindingar í %	-17,8%	-19,8%

Birt með fyrirvara um prentvillur

Ársreikning LsRb 2013 má sjá í heild sinni á heimasíðu LSS: www.lss.is

Stjórn og framkvæmdastjóri

Í stjórn sjóðsins eru Björk Vilhelmsdóttir stjórnarformaður, Ása Clausen, Jón Fjörnir Thoroddsen, Júlíus Vífill Ingvarsson og Þorgrímur Hallgrímsson.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jón G. Kristjánsson.

Aðsetur sjóðsins er hjá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, Sími 5 400 700 - lss@lss.is - www.lss.is



VERSLUN í tilkynningu Húsasmiðjunnar segir að ákæran sé fyrirtækinu vonbrigði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Starfsmaður Húsasmiðjunnar í tímabundið leyfi: Vísad í upptökur og tölvupóst í ákæru

LÖGREGLUMÁL Í ákæru sérstaks saksóknara gegn þrettán starfsmönnum Byko, Húsasmiðjunnar og Úlfsins byggingarvara fyrir brot á samkeppnislögum er greint frá tölvupóstsendingum og tugum símtala þar sem ólöglegt verðsamráð var rætt.

Samkvæmt ákærunni áttu brotin sér stað frá 13. september 2010 til 3. mars 2011. Nokkrum vikum síðar handtók lögregla og yfirheyrði hátt í tuttugu manns vegna gruns um brot á samkeppnislögum.

Vörustjóri grófvöru hjá Húsa-

smiðjunni hefur verið sendur í tímabundið leyfi frá störfum vegna rannsóknar og ákæru sérstaks saksóknara.

Fram kemur í tilkynningu frá stjórn Húsasmiðjunnar að sex starfsmenn félagsins hafi verið ákærðir. Ekki var talin ástæða til að fleiri færu í leyfi. Byko sendi einn starfsmann í leyfi fyrir rúmri viku. Í tilkynningu sem Guðmundur H. Jónsson, forstjóri Byko, sendi frá sér á þeim tíma kom fram að alls fimm úr starfslíði fyrirtækisins hefðu verið til rannsóknar. -hg



Skautafélag Reykjavíkur auglýsir eftir íþróttastjóra

Skautafélag Reykjavíkur leitar að duglegum og metnaðarfullum einstaklingi til að takast á við skemmtilegt og krefjandi starf hjá félaginu.

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.skautafelag.is

Opnunarhátíð VITA í Skógarhlíð 12

Í dag
laugardaginn 17. maí
kl. 13 – 15

Kynntu þér
ferðir Vita á
vita.is

Við bjóðum ferðaglaða landsmenn velkomna í nýjar höfuðstöðvar Vita í Skógarhlíð

Taktu fjölskylduna með og fagnaðu með okkur.
Mættu á staðinn, gakktu í netklúbb VITA og taktu þátt
í glæsilegu ferðahappdrætti í tilefni dagsins.

Grillaðar pylsur
og drykkir í boði.

Palli jójó mætir kl. 14
og sýnir okkur listir sínar
með jójóíð.

Allir krakkar fá jójó
meðan birgðir
endast.

F E R ð A H A P P D R Æ T T I

▶ 150.000 króna gjafabréf upp í leiguflug

▶ 50.000 króna gjafabréf upp í leiguflug

▶ Gjafabréf fyrir einn til Evrópu í flugi með Icelandair

▶ Gjafabréf fyrir einn til Evrópu í flugi með Icelandair

Vinsælustu ferðir sumarsins eru að seljast upp!

Við opnum fyrir sölu á ferðum vetrarins til Kanarí og Tenerife. Fjölbreyttar helgarferðir og glæsilegar siglingar í haust. Bókaðu strax og tryggðu þér besta verðið.

Verið velkomin til okkar í Skógarhlíðina og njótið lífsins með Vita.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



Skráðu þig
í netklúbbinn - VITA.is

VITA
Skógarhlíð 12
Sími 570 4444

vita

VITA er lífið



NARENDRA MODI Næsti forsætisráðherra Indlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Úrslit kosninga á Indlandi:

Hreinn meirihluti Modi

NÝJA-DELÍ, AP Leiðtogi stjórnarandstöðunnar, Narendra Modi, verður næsti forsætisráðherra Indlands. Flokkur Modi, Bharatiya Janata, náði hreinum meirihluta á indverska þinginu, 282 af 543 þingsætum. Úrslit kosninganna voru tilkynnt í gær. Þetta er stærsti kosningasigur í meira en aldarfjórðung.

Helsta kosningaloforð Modi var að auka hagvöxt á Indlandi.

Þúsundir Tyrkja mótmæla:

Táragasi beitt á mótmælendur

TYRKLAND, AP Þúsundir hafa mótmælt í helstu borgum Tyrklands síðustu daga vegna mannskæðasta námuslyss í sögu landsins. Lögreglan hefur beitt táragasi og sprautað vatni á mótmælendur til þess að tvístra þeim. Mótmælendur vilja að þeir sem bera ábyrgð á slysinu verði sóttir til saka og vinnuástanda námuverkamanna verði bætt.

Bæði fulltrúar stjórnvalda og rekstraraðilar námunnar hafa fullryrt að engin vanræksla hafi átt sér stað.

Íslenskar valdakonur eru hvatvísar og ástríðufullar

Ný viðtalsrannsókn um íslenskar konur í stjórnunar- og leiðtogastörfum leiðir í ljós að gott sjálfstraust, hvatvísni, lífsgleði og það að vera elst í systkinahópnum einkenni hópinn. Sjálfstraustið eflist með hverri áskorun.

ATVINNULÍF Ingveldur Ásta Björnsdóttir og Þorgerður Arna Einarsdóttir, nemendur í MPA-náminu í Háskóla Reykjavíkur, vildu svara þeirri spurningu hvaða eiginleikar íslenskra kvenleiðtoga valda því að þær stíga fram, taka stjórnina og axla ábyrgð. Þær tóku viðtöl við sextán íslenskar konur sem eru eða hafa verið stjórnendur eða leiðtogar.

Meginniðurstaðan er að 80 prósent kvennanna hefur gott sjálfstraust en helmingur þeirra segir þó að því hafi verið öfugt farið í æsku.

„Flestar þeirra hafa eft sjálfstraustið með því að fara fram af brúninni, út fyrir þægindarammann og taka slaginn. Með hverjum sigri hafa þær yfirunnið eigin vanmátt og eft sjálfstraustið. Þær eiga líka flestar sameiginlegt að vera hvatvísar og stökkva fremur en hrökkva ef þeim býðst tækifæri,“ segir Þorgerður.

Tuttugu prósent viðmælenda höfðu ekki gott sjálfstraust að eigin mati. „En þörfin til að hafa áhrif og láta gott af sér leiða er ríkari hjá þeim en að hafa gott sjálfstraust og því demba þær sér út í djúpu laugina,“ segir Ingveldur.

Annað sem konurnar áttu sameiginlegt var að þær lýsa sér sem jákvæðum og glaðlyndum einstaklingum. Flestar deila miklum og almennum áhuga á fólki, líðan annarra og umhverfi sínu.

„Rauði þráðurinn í viðtölum okkar við þær var þessi brennandi ástríða og ótrúleg lífsgleði. Þær hreinlega elskuðu að vera til. Jákvæðni þeirra birtist í því að þær beina sjónum sínum að styrkleikum sínum og sleppa því að rífa sig niður þótt þær séu ekki góðar í öllu. Þess í stað raða þær í kringum sig góðu fólki sem vegur upp á móti þeirra veikleikum,“ segir Ingveldur.

Af konunum sextán eru tíu þeirra fyrstu börn foreldra sinna, fjórar eru annað barn og aðeins tvær aftar í systkinaröðinni. Margar þeirra lýstu uppeldi sínu þannig að hafa fengið mikinn stuðning en var alls ekki pakkað inn í bómull.

„Þær þurftu að reka sig á og taka áskorunum, gera mistök og læra af þeim,“ segir Þorgerður og bætir við að viðtölin við konurnar hafi verið trúnaðarsamtöl og því sé rannsóknin góð samtímaheimild um tilfinningalíf kvenna á framabroti.

erlabjorg@frettabladid.is



GERÐU RANNSÓKN Lokaverkefni Ingvaldur og Þorgerður snerist um að rannsaka sjálfstraust íslenskra kvenna í stjórnunar- og leiðtogastörfum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Hluti viðmælenda í rannsókninni



1. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti
2. Guðfinna Bjarnadóttir, fyrrverandi rektor Háskólans í Reykjavík og framkvæmdastjóri LC ráðgjafar.
3. Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis hf.
4. Svava Grönfeld, framkvæmdastjóri skipulags og þróunar hjá Alvogen.
5. Elínros Lyngdal, forstjóri Ellu og frumkvöðull.
6. Björk Þórarinsdóttir fyrrverandi yfirmaður hjá Kaupþingi.

www.volkswagen.is



Volkswagen Tiguan

Nú með dráttarkrók og Bluetooth búnaði en á sama verði og áður

Vel búinn ferðafélagi

Í Volkswagen Tiguan sameinast fullkomið fjórhjóladrif, sparneytin dísilvél og einstakir aksturseiginleikar sem veita þér algjört ferðafrelsi. Volkswagen Tiguan er einn best búni sportjeppinn á markaðnum. Fullkomið leiðakerfi fyrir Ísland sér til þess að þú ratir alltaf rétta leið. Kynntu þér kosti Volkswagen Tiguan og veittu þér sannkallað frelsi til að ferðast.

Tiguan Sport & Style kostar frá

6.490.000 kr.

Staðalbúnaður í Tiguan Sport & Style er meðal annars:

- Leiðsögukerfi fyrir Ísland
- 2ja ára ábyrgð, ótakmarkaður akstur
- 12 ára ábyrgð á gegnumryði
- Samlitir stuðarar, speglar og handföng
- Lítað gler
- 17" álfelgur „Boston“
- Þokuljós að framan
- Silfurritaðir þakbogar
- Dekktar rúður að aftan
- Regnskynjari á rúðupurrkum
- Dráttarkrókur
- 7 loftpúðar, aftengjanlegur f. framsæti
- „Bluetooth“ fyrir síma og afspilun tónlistar
- Leðurklætt fjölröfa aðgerðarstýri fyrir útvarp og síma
- Hiti í framsætum og speglum
- Bakkmyndavél
- Armpúði á milli framsæta
- „Alcantara“ tauáklæði
- ESP Stöðugleikastýring
- ABS hemlun
- Hraðastillir



Dæmdur í eins árs fangelsi: Reyndi að kúga út 100 milljónir

DÓMSMÁL Héraðsdómur Vest-fjarða hefur dæmt mann á fertugsaldri í eins árs fangelsi, þar af níu mánuði skilorðsbundna, fyrir misheppnaða tilraun til að kúga fé út úr hjónum.

Maðurinn sendi þeim bréf þar sem fram kom að ef þau yrðu ekki við kröfum hans myndi hann, og þeir sem að bréfinu stæðu, gripa til aðgerða gagnvart nánustu ættlingjum þeirra. Þar stóð einnig að fylgst væri með hjónunum, sem áttu heima í Bolungarvík. - ssb

Bændur í Noregi mótmæla tillögum stjórnvalda um skerta ríkisstyrki með óvenjulegum aðgerðum:

Hindruðu flutning á eggjum til verslana

NOREGUR Norskir bændur fjarlægðu í gærmorgun vegatálma sem þeir höfðu sett upp til að hindra flutninga á eggjum til verslana víða um Noreg á fimmtudag. Norðmenn geta þess vegna bakað tertur og annað bakkelsi í tilefni Þjóðhátíðardagsins í dag, 17. maí.

Samtök bænda hafa efnt til mótmæla með ýmsum aðgerðum frá því að þau slitu á Þriðjudaginn viðræðum við stjórnvöld um ríkisstyrki sem að mati bænda eru alltof óhagstæðir. Samkvæmt frétt á vef Aftenposten bjóða stjórnvöld bændum hækkun sem er einungis einn tíundi af kröfum þeirra um nýjan landbúnaðarsamning. Hvorki norsku bænda-

samtökin né samtök smábænda ætla að ganga að samningaborðinu á ný fyrir en stjórnvöld koma með nýtt tilboð.

Sylvi Listhaug landbúnaðarráðherra, sem er í Framfaraflokknum, vill að stærri býli fái meira af ríkisstyrkjnum, einkum þau sem eru með mjólkurframleiðslu. Því eru bændur mótfallnir. Þeir óttast meiri miðstýringu og tala um „iðn- aðarlandbúnað“. Hætta sé á að ýmsir bændur verði að bregða búi vegna þess.

Bændur eru sagðir leggja traust sitt á að þingið komi þeim til bjargar og beita Vinstri flokkinn og Kristilega þjóðarflokkinn þrýstingi með háværum mótmælum sínum. - ibs



RÍKISSTYRKIR Norskir bændur vilja miklu hærri styrki en stjórnvöld leggja til. NORDICPHOTOS/GETTY

Breytt eignarhald Securitas: Stekkur eignast meirihlutann

VIÐSKIPTI Stekkur fjárfestingarfélag hefur eignast meirihluta í Securitas og framtakssjóðurinn Edda slhf. hefur keypt 40 prósent hlut, að því er fram kemur í tilkynningu.

Stekkur átti fyrir þriðjungs hlut, en Fagfjárfestasjóðurinn Norðurljós og AUÐUR I fagfjárfestasjóður slf. selja sína hluti. „Lykilstjórnendur Securitas verða áfram í hluthafahópi félagsins,“ segir í tilkynningu og kaupin háð fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Haft er eftir Guðmundi Arasyni, forstjóra Securitas, að nýir hluthafar þekki félagið og deili framtíðarsýn með stjórnendum. - óká



GUÐMUNDUR ARASON



FYRIR UTAN HÖFÐA Fulltrúar Geðhjálpar ásamt Jóni Gnarr borgarstjóra og Margréti Sverrisdóttur, formanni mannréttindaráðs.

Mannréttindaverðlaun veitt: Geðhjálp fékk verðlaunin í ár

FÉLAGSMÁL Jón Gnarr borgarstjóri veitti samtökunum Geðhjálp Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar við hátíðlega athöfn í Höfða í gær..

Verðlaunin eru veitt þeim sem borgaryfirvöldum þykir hafa staðið vörð um mannréttindi tiltekinna hópa. Verðlaunin eru afhent á árlegum mannréttindadegi en markmið dagsins er að vekja athygli á málefnum er varða mannréttindi borgarbúa.

Það var formaður Geðhjálp- ar, Hrannar Jónsson, sem veitti verðlauninum viðtöku. Geðhjálp fagnar í ár 35 ára afmæli sínu. - ssb

Samkaup reka 48 verslanir: Hagnaður upp á 296 milljónir

VIÐSKIPTI Rekstur Samkaupa hf. skilaði 296 milljóna króna hagnaði árið 2013 samanborið við 340 milljóna hagnað árið áður.

Velta Samkaupa og dóttur- félagsins Búrs jókst um tæp 3,6 prósent frá fyrra ári og var tæp- lega 23,5 milljarðar króna.

Félagið rekur 48 verslanir undir merkjum Nettó, Kaskó, Samkaupa úrvals og Samkaupa strax. Verslanirnar voru margar hverjar reknar áður af kaupfélög- um. - hg

Í TILEFNI GRAFARVOGSDAGSINS 17. MAÍ

OPIÐ HÚS Í EGILSHÖLL

FRÍ SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

DAGSKRÁ
MILLI KL. 15 - 17

- ▶ Diskótek á skautasvellinu með K100 - frítt inn!
- ▶ Hoppukastalar á fótboltavelli og andlitsmálning fyrir krakkana
- ▶ Frí keilukennsla í Keiluhöllinni og frábær tilboð á Fellini og Grand Prix
- ▶ Opið hús hjá World Class. Opnir tímar í spinning og zumba
- ▶ Opið hús hjá Skotfélagi Reykjavíkur. Komdu og prófaðu!

Frítt í bíó
kl. 12.30

Fjórar
mismunandi
sýningar

- ▶ Fjölbreyttar uppákomur hjá ýmsum deildum Fjöl- nis
 - Fótboltaþrautir
 - Körfubolti
 - Tenniskennsla (úti)
 - Frjásar með þrautir

Nánari upplýsingar um dagskrá er að finna á egilshollin.is

MÁLÞING
Grand hótél Reykjavíks
mánudaginn 19. maí 2014
kl. 13:30-16:00

LÍKNARDAUÐI LÍKNARMEÐFERÐ - hvar liggja mörkin?

DAGSKRÁ:

13:30-13:35	Setning: Gísli Páll Pálsson, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.
13:35-14:10	Líknardauði frá sjónarhorni hjúkrunarfræðinga. Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í hjúkrun aldraðra og Elfa Þóll Grétarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun aldraðra með áherslu á líknarmeðferð.
14:10-14:35	Viðhorf til meðferðar við lífslok. Jón Snædal, öldrunarlæknir.
14:35-15:00	Líknardráp í ljósi siðfræðinnar. Salvör Nordal, forstöðumaður siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.
15:00-15:50	Terminal care and euthanasia in the Netherlands - Facts and feelings. Jaap van der Spek, formaður Landssambands eldri borgara í Hollandi og varaforseti EURAG.
15:50-16:00	Málþingslok: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara.

Málþingsstjóri: Pétur Magnússon, formaður Öldrunarráðs Íslands.

MÁLÞINGIÐ ER ÖLLUM OPIÐ – AÐGANGUR ER ÓKEYPIS

- » Athygli er vakin á því að erindi Jaap van der Spek fer fram á ensku.
- » Boðið verður upp á kaffi og kleinur.



Skráning sendist á netfangið: oldrunarrad@oldrunarrad.is



Á **FLÓÐASVÆÐI** íbúar í Obrenovac, sem er 40 km vestan við Belgrad, höfuðborg Serbíu, vaða vatnsselginn. NORDICPHOTOS/AFP

Þúsundir bíða eftir að fá hjálp

Flóðin á Balkanskaga eru þau mestu frá því að mælingar hófust fyrir rúmum eitt hundrað árum.

BALKANSKAGI Á flóðasvæðunum á Balkanskaga bíða þúsundir í gær uppi á þökum húsa sinna eftir björgun.

Yfirvöld í Bosníu-Hersegóvínu og Serbíu segja flóðin sem þar hafa verið undanfarna daga þau verstu frá því að mælingar hófust fyrir 120 árum. Í gær var greint frá því að að minnsta kosti þrjú hefðu druknað.

Í Serbíu hefur neyðarástandi verið lýst yfir í sextán borgum. Í Bosníu-Hersegóvínu hafa hús grafið undir aurskriðum í fjölda borga og bæja. Víða er rafmagnslaut á flóðasvæðunum. Sveitir á vegum Evrópusambandsins, sem taka þátt í björgunarstörfunum í Bosníu-Hersegóvínu, sögðu í gær að hvorki þær né innlendir hersveitir kæmst á sum flóðasvæðin nema með flugi.

Í fréttum í gær var greint frá

því að þylur hefðu ekki getað farið í loftið vegna lélegs skyggins og sterkra vinda. Björgunarsveitir komust þess vegna ekki til margra bæja sem eru alveg einangraðir þar sem samgöngur hafa rofnað.

Yfirvöld í Serbíu sögðu að tekist hefði að bjarga 4.000 manns af flóðasvæðunum. Veðurfræðingar voruðu við frekari flóðum. Spáð er enn meiri úrkomu og sterkum vindum.

Vladimir Pavlovic, sem starfað hefur fyrir serbnesku rétttrúnaðarkirkjuna á Íslandi, kveðst vona að ekki verði frekara manntjón vegna flóðanna. Hann segir fólk úr þorpum nálægt heimaslóðum hans hafa þurft að yfirgefa heimili sín. „Aðstoð hefur borist víða að, til dæmis komu 70 björgunarsveitarmenn með flugvél frá Rússlandi og þylur hafa komið frá Slóveníu.“

ibs@frettabladid.is



Seðlabanki Íslands Gjaldeyrísútböð

Seðlabanki Íslands mun halda þrjú gjaldeyrísútböð 24. júní 2014. Útböðin þrjú eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, sam- anber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011 (<http://sedlabanki.is/afnam>) og skilmála Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta frá 18. nóvember 2011 með síðari breytingum (<http://sedlabanki.is/fjarfesting>).

Útböð í fjárfestingarleið

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í útböðshluta fjárfestingarleiðarinnar eru EUR 25.000. Fjármálafyrirtæki sem gert hafa samstarfssamning við Seðlabanka Íslands um milligöngu munu annast framlagningu umsókna um fyrirhugaða þátttöku fjárfesta í útböðinu samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Það útböð er opið fjárfestum sem hafa fengið samþykka umsókn um þátttöku í fjárfestingarleið. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út í dagslok 30. maí n.k.

Útböð í ríkisverðbréfaléið

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í floknum RIKS 33 0321. Heildarmagn evra (útböðsfjárhæð) sem Seðlabankinn býðst til að kaupa verður að hámarki samsvarandi ISK 400 milljónum. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í ríkisverðbréfaléiðinni eru EUR 10.000. Tilteknir aðalmiðlarar á skuldabréfamarkaði hafa milligöngu um viðskipti í útböðinu gegn greiðslu í ríkisverðbréfum.

Útböð um kaup á krónum gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri

Seðlabanki Íslands kallar eftir tilboðum frá aðilum sem vilja selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Viðskiptabönkum er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin um kaup á íslenskum krónum í skiptum fyrir erlendum gjaldeyri.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að takmarka heildar viðskiptamagn með hliðsjón af áhrifum útböðanna á lausafjástöðu fjármálafyrirtækja. Endanleg útböðsfjárhæð ræðst af þátttöku. Útböðsfyrirkomulag er með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Uppgjör viðskipta í útböðunum þremur verður 3 dögum eftir að útböði lýkur. Tilboðum skal skilað eigi síðar en 24. júní 2014. Nánari lýsingu á framkvæmd útböðanna þriggja er að finna í útböðsskilmálum.

Útböðsskilmála og yfirlit um milligönguáðila, aðalmiðlara og viðskiptabanka má finna á heimasíðu Seðlabankans <http://sedlabanki.is/utbod>.

Næsta gjaldeyrísútböð verður haldið 2. september 2014.

Nánari upplýsingar veita milligönguáðilar, aðalmiðlarar og viðskiptabankar.



ÓMAR VALDIMARSSON Höfundur skýrslunnar hefur áhyggjur af hópi ungra drengja.

Skýrsla um fátækt á Íslandi: Ungmenni í miklum vanda

SAMFÉLAGSMÁL Stór hópur ungmenna er á framfærslu sveitarfélaga og á erfitt með að fóta sig í lífinu samkvæmt nýrri skýrslu Rauða krossins. Helst á þetta við hóp ungra drengja sem eru atvinnulausir, ekki í skóla og búa margir hverjir í foreldrahúsum. Þessi hópur á í mikilli hættu á að lenda í fátæktargildru.

Í skýrslunni segir einnig að níu prósent Íslendinga lifi undir fátæktarmörkum og þrettán prósent eigi á hættu að verða fátækir. Fordómar og stéttaskipting hafa einnig aukist á Íslandi samkvæmt skýrslunni.

ATVINNUMÁL

Fagna vali olíuleitarfélags

Bæjarráð Fljótaldshéraðs fagnar yfirlýsingu Eykon Energy um að velja Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað sem þjónustumiðstöð fyrir olíurannsóknir á Drekasvæðinu. „Þessi ákvörðun felur í sér mikil tækifæri fyrir atvinnulífið á Austurlandi og ekki síst Egilsstaðaflugvöll,“ segir bæjarráðið.



Húsnæðislán

Fastir vextir til 5 ára á óverðtryggðum húsnæðislánnum



Á islandsbanki.is getur þú gert bráðabirgða-greiðslumat og séð með einföldum hætti hversu mikil greiðslubyrðin má vera á mánuði.

Nýtt óverðtryggt húsnæðislán er álitlegur valkostur á lánamarkaði Íslandsbanki býður nú hagstæð óverðtryggð lán fyrir húsnæðis kaupendur með föstum vöxtum til 5 ára. Engar verðbætur leggjast við höfuðstól lánsins og fyrir vikið hefst eignamyndun þín strax.

Kynntu þér húsnæðislán á islandsbanki.is eða hjá húsnæðislánaráðgjafa í næsta útibúi Íslandsbanka.

Fastir vextir gilda fyrstu 60 mánuðina frá útborgunardegi lánsins. Að þeim tíma liðnum ber að greiða breytilega vexti óverðtryggðra húsnæðislána (húsnæðislánvexti) eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma og birtir í vaxtatöflu Íslandsbanka hf. Breytilegir vextir taka á hverjum tíma m.a. mið af stýrivöxtum Seðlabanka Íslands og fjármögnunar- og rekstrarkostnaði bankans, þ.m.t. skattaálagum. Lántakandi þarf að greiða kostnað við greiðslumat, lántökugjald, skjalagerðargjald, þinglýsingargjald og, ef við á, kostnað við veðbanda- og lánayfirilit. Á www.islandsbanki.is getur þú reiknað árlega hlutfallstölu og heildarkostnað.

BRÚÐKAUPSVEISLA Í

Lynning á brúðargjöfum og



Valgerður Jóndís Guðjónsdóttir,
Íslandsmeistari í blómaskreytingum
2014 verður á í Höllinni í Reykjavík í dag,
laugardag, í boði Blómavals og veitir góð ráð.



Brúðkaupsleikur



Öll verðandi brúðhjón sem skrá sig í brúðkaupsleik
Húsgagnahallarinnar eiga möguleika á að vinna
aðalvinninginn sem inniheldur eftirtalið:



Brúðarvöndur

fyrir brúðina frá
Blómavali gerður
af Valgerði Jóndís
Guðjónsdóttur,
Íslandsmeistara í
blómaskreytingum.

Paradekur

frá
World Class - Laugar Spa.
Dekrið hefst á slökun í Bað-
stofunni í Laugum síðan er
farið í mýkjandi fótabað,
austurlenskt höfuðnudd,
frískandi og stinnandi augn-
maski og að lokum klassísk
fótsnyrting. Með þessu fylgir
fersk og ljúffeng ávaxtaskál
og vín eða djúsglas til að
gæða sér á meðan meðan
snyrtifræðingar Laugar Spa sjá
um dekrið. Kr. 34.900.- f/tvo

Gjafakort

að
verðmæti 50.000 frá
Húsgagnahöllinni.
Auk þess sem útstill-
ingahönnuður Hús-
gagnahallarinnar,
Kristjana Jenný
Ingvarsdóttir,
aðstoðar við skreyt-
ingar í veislu og veitir
ráðgjöf.

Gjafakort

að
verðmæti 50.000 frá
Herragarðinum, fyrir
brúðgumann.

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

LAUGAR SPA

HÚSGAGNAHÖLLIN



Öll brúðhjón sem skrá sig á listann
fá veglega brúðargjöf frá Húsgagnahöllinni.



ALESSI

VIDIVI
Vetri della Venezia
MADE IN ITALY

Rosen Thal

Rosti Mepal

iittala

bodum

nuance

HÚSGAGNAHÖLLINNI

skreytingum í Höllinni í Reykjavík!



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –



Skólp ógnar Þingvallavatni og Mývatni:

Mengaðar náttúruperlur

Fréttablaðið sagði frá því í gær að ekki eitt einasta af hátt í 700 sumarhúsum á verndarsvæði Þingvallavatns uppfyllti gildandi kröfur um fráveitumál. Rotþrær eru almennt í ólagi, sem þýðir að skólp og seyra getur farið út í grunnvatnið og með því út í Þingvallavatn.

Þetta er ekki neitt smámál. Einstöku lífríki Þingvallavatns getur stafað ógn af þessari mengun, sem er fyrst og fremst tilkomin vegna trassaskapar við að framfylgja þeim reglum sem gilda og eru settar með hagsmuni lífríkisins í huga. Stórfelld fjölgun ferðamanna eykur einnig mengunarhættuna; fram hefur komið að salernisaðstaðan í Þingvallabjörggarði annar ekki álagi.

Birgir Þórðarson, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, segir í blaðinu að eina örugga lausnin sé að nýta safntanka og aka öllu skólpi burt, en það sé mjög dýr lausn. Hreinsigjald sumarhúsaeygenda, sem í dag er 7.000 krónur á ári, geti þurft að hækka í rúmlega 100 þúsund krónur.

Sjálfsgagt finnst einhverjum það mikil hækkun. En ef það er verðið fyrir að vernda náttúru og lífríki Þingvalla, hljóta þá ekki sumarhúsaeygndur að greiða það með glöðu geði? Ef Þingvallavatn hættir að vera sú einstaka náttúruperla sem það er verða sumarhúsaeygndir í nágrenni þess væntanlega minna virði en þeir hafa verið.

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, segir í Fréttablaðinu í dag að ástand frárennismálanna geti haft neikvæð áhrif á fyrirhugaða skráningu Þingvallasvæðisins alls á heimsmínjaskrá Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Slík skráning er hins vegar margvíslegt hagsmunamál, ekki sízt út frá hagsmunum ferðþjónustunnar.

Frárennismál eru almennt í miklum ólestri á Íslandi. Fyrir rúmu ári kom fram í úttekt hér í blaðinu að í það minnsta fjórðungur Íslendinga – og sennilega enn hærra hlutfall þjóðarinnar – byggir ekki við neina skólphreinsun. Sveitarfélög sem lifa á matvælaframleiðslu eða ferðþjónustu og eiga allt sitt undir hreinu vatni og sjó hafa dregið lappirnar og ekki uppfyllt kröfur um frágang rotþróa og frárennismannvirkja. Þau kvarða mörg undan kostnaði, en framtíðarskaðinn af því að náttúran mengist og lífsviðurværi fólksins bíði fyrir vikið hnekkir, getur orðið margfalt meiri.

Þingvallavatn er ekki eina ómetanlega náttúruperlan sem er í hættu vegna mengunar sem stafar af lélegri fráveitu. Í Mývatni er skaðinn að hluta til skeður; við höfum nýlega heyrt fréttir af því að kúluskíturinn, einstakt og friðlýst vaxtarform grænþörunga í vatninu, sé horfinn. Árni Einarsson, höfundur skýrslu um hvarf kúluskítsins, er ekki í vafa um að stærsta ástæðan fyrir næringarefnaþengingunni í vatninu er slæmt ástand á rotþróum og frárennslu. „Taka þarf þessi mál, einkum frárennslu frá byggð og gístistöðum til gagnarrar endurskoðunar, og er ekki eftir neinu að biða hvað það snertir,“ segir í skýrslu Árna.

Það þýðir lítið að tala um að ætla að efla matvælaframleiðslu og ferðþjónustu á Íslandi og gera um leið ekkert til að stemma stigu við mengun sem getur stórskaðað hvort tveggja. Framkvæmdir kosta eitthvað, en það getur orðið miklu dýrara að gera ekki neitt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



ÞESSA DAGANA ERU BJÖRGUNARSVEITIRNAR AÐ GANGA Í HÚS

Þær sækja skilgögn til þeirra sem ákveða að taka þátt. Umslöggin má einnig setja ófrímerkt í póst.

ÚTKALL
Í ÞÁGU VÍSINDA

www.utkall.is

ÍSLENSK
ERFDAGREINING



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Gamla Ísland

Verkeföll, vinnustöðvanir, skærur, stöðvun samgangna, áætlun um þjóðartekjur í uppnámi og ákvarðanir Alþingis að banna verkeföll með lögum. Þetta hefur verið efni fyrirsgagna fjölmiðla upp á síðkastið. Hagnýtasta myndefni sjónvarpsstöðvanna eru dagatöl sem sýna vinnustöðvanir fram undan.

Fyrir unga fólkið í landinu er þetta ný upplifun og hugsanlega spennandi. Kannski er það svo að einhverjir sjái þetta sem leið til að fá hjól framfaranna til að snúast. Fyrir hina sem muna verðbólguárin er aftur á móti engu



líkara en gamla Ísland sé komið til baka. Það er ekki spennandi tilhugun.

Með þessu móti má vissulega fá hjólin til að hreyfast. En reynsla og þekking á að geta sagt mönnum að verurinn er sá að þetta fær þau til að snúast aftur á bak. Sú spurning vaknar hvort hver kynslóð þurfi að læra með því að ganga sjálf á vegginn eða fram af bjargbrúninni.

Svo má vera að spurningin sé sú hvort við nenum yfirhöfuð

að læra. Rúm þrjátíu ár eru síðan verðbólgan fór yfir eitt hundrað prósent. Tæpur aldarfjórðungur er liðinn frá þjóðarsátt. En það eru ekki nema sex ár síðan þjóðin gekk fram af bjargbrúninni. Og ekki eru liðin nema fjögur ár síðan Rannsóknarnefnd Alþingis birti skýrslu í níu bindum um þá atburði.

Ætli einhverjir hafi dregið þá ályktun af því mikla verki að hringrás hækkana á launum, verðlagi og erlendum myntum kæmi hlutunum í samt lag aftur? Eða höfum við ekki gefið okkur tíma til að draga ályktanir af þeim hamföllum og því sem fræðimenn hafa skrifað um þær?

Raunsæi umfram óskhyggju

Sú litla umræða sem spannst í framhaldi af skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis hefur snúist um persónur og leikendur fremur en markmið og leiðir til viðreisnar landinu. Heftin varð sterkari en framfarahugurinn. Fyrir vikið varð skýrslan aldrei uppspretta lifandi umræðu fyrir nýja tíma. Eftir stendur að hún kemur sagnfræðingum framtíðarinnar að betri notum en þeirri kynslóð sem hún var skrifuð fyrir.

Hvers vegna eru fjölmiðlar fleytifullir af gamla Íslandi á vordögum árið 2014? Sennilega

er ekki til neitt einhlítt svar við þeirri spurningu. Hvað sem öllum skýringum líður er þó ljóst að það hefur ekki tekist að sameina þjóðina um nýja leið til að ganga eftir til móts við framtíðina. Það eru mistök sem ekki er unnt að skrifa á einn pólitískan reikning. En afleiðingarnar eru bikarinn sem allir þurfa að súpa af.

Þegar röð verkfalla blasir við og verðbólgan lúrir handan við næsta horn er hægur vandi að skella skuldinni á óábyrga ráðamenn í röðum launþega og atvinnurekenda. En nú vill svo til að þeir sem standa í stafni fyrir

heildarsamtök launafólks og atvinnufyrirtækja á almennum vinnumarkaði hafa boðað nýjar leiðir í þessum efnunum og kallað eftir athygli tveggja ríkisstjórna í þeim tilgangi. Samt blasir mynd gamla Íslands við.

Þetta ákall byggir á rækilegri sameiginlegri athugun á því hvernig önnur norræn ríki leysa jafn mikilvæg viðfangsefni. Það geymir engar tófralausnir. Satt best að segja gerir það ekki aðrar kröfur en að læra það af öðrum sem við höfum ekki gert jafn vel. En það krefst raunsæis umfram óskhyggju.

Málamiðlun andstæðra markmiða

Samskipti vinstri stjórnarinnar við heildarsamtökin á almennum vinnumarkaði enduðu þar að báðir máláðilar töldu sig svikna af hinum. Eftir kosningar og myndun nýrrar ríkisstjórnar fyrir ári lýstu forystumenn atvinnulífs og launafólks eftir skýrri stjórnarstefnu; einkum og sér í lagi á sviði peningamála svo að nýta mætti norræna lærdóm. Forsætisráðherra sagðist ekki tala við menn úti í bæ. Og framtíðarstefnan er enn eftirlýst.

Með nokkurri einföldun má segja að flokkarnir tveir sem

mynduðu vinstri stjórnina hafi haft tvö markmið: Annar vildi færa landið lengst til vinstri eða inn í draumaland sósíalísmans. Hinn vildi fara með landið inn í markaðsbúskap Evrópusambandsins. Þeir sömdu um að ganga hönd í hönd að þessum tveimur gagnstæðu markmiðum.

Niðurstaðan varð sú að hvorugt markmiðið náðist. Í raun þurfti ekki djúpa hugsun til að sjá það fyrir.

Núverandi stjórnarflokkar sameinuðust líka um tvö höfuðmarkmið: Annar vildi setja heimsmet í

popúlisma með afturvirkri niðurgreiðslu á verðbólgu úr ríkissjóði. Hinn vildi nýja ábyrga ríkisfjármálastefnu. Hættan er sú að það muni reynast nýju stjórninni jafn erfitt og þeirri fyrri að ganga samtímis bæði áfram og aftur á bak.

Ef menn ætla í alvöru að losna við drauga gamla Íslands þarf vitaskuld að miðla málum en þó þannig að menn leitist við að ganga í sömu áttina. Það er sú leiðsögn sem vantar. Í því augnamiði er margt vitlausara en leggja við hlustir þegar forystumenn Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambandsins tala.

Opnum í dag á Laugaveginum

Ný og endurbætt
Opnum í dag nýja, endurbætt
verslun á Laugavegi 13.
Bjóðum upp á kaffi, kleinur
og Svala í tilefni dagsins.
Vertu velkomin!



TIGER
Villidýr á verði · tiger.is

Hvernig á að bæta skaðann sem bankarnir ollu þjóðinni?

FJÁRMÁL

Ólafur Elíasson
tónlistarmaður
Agnar Helgason
líffræðilegur mannfræðingur
Torfi Þórhallsson
verkfræðingur
Ragnar F. Ólafsson
félagssálfraeðingur

Íslenskir skattgreiðendur hafa nú þegar orðið fyrir gríðarlegum kostnaði vegna gjaldþrots einkarekinna banka og enn hvíla óuppgerð þrotabú þeirra á þjóðinni eins og mara.

Í vinnuskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 2012¹ kemur fram að fjárhagskostnaður íslenska ríkisins vegna hruns bankanna á Íslandi hafi verið um 44% af þjóðarframleiðslu, eða u.þ.b. 740 milljarðar. Auk þess þurfti ríkissjóður að auka skuldir sínar um 70% af landsfram-

leiðslu eða um 1.200 milljarða með tilheyrandi kostnaði vegna falls þessara fyrirtækja.

Það er fráleitt óréttlæti að skattgreiðendur á Íslandi hafi þurft að bera slíkan ofurkostnað vegna gjaldþrota einkarekinna banka. Raunar stríðir slík ráðstöfun einnig gegn yfirlýstri stefnu Evrópusambandsins² og Bandaríkjustjórnar³ um gjaldþrot einkarekinna banka. Þar er gert ráð fyrir því að hluthafar og kröfuhafar eigi að bera kostnaðinn af falli slíkra fyrirtækja og jafnvel aðrir aflögufærir bankar, en alls ekki skattgreiðendur.

Í ljósi þessa er furðulegt að orðræðan á Íslandi skuli snúast mest um hagsmuni og meintan rétt kröfuhafa föllnu bankanna í stað þess að snúast um óréttmætt fjárhagstjón íslenskra skattgreiðenda.

Sumir ganga svo langt að tala um íslenskar og erlendar eignir þessara kröfuhafa í þrotabúum bankanna. Hið rétta er að þeir eiga engar slíkar eignir. Þeir eiga aðeins kröfur í þrotabúum sem eru algerlega háðar íslenskum gjaldþrotalögum og verða ekki að eignum fyrr en þrotabúið hefur verið gert upp samkvæmt þessum lögum. Þrotabúin hafa nú fengið fimm ár til að hámarka heimtur, og það er orðið löngu tímabært að klára uppgjör þeirra í samræmi við lög um gjaldþrotameðferð og gjaldeyrishöft. Eina eðlilega niðurstaða er sú að kröfuhafar fái greitt úr þrotabúum eingöngu í íslenskum krónum eins og dómafordæmi er fyrir. Á sama tíma ber stjórnvöldum skylda til að sækja bætur fyrir þann skaða, sem bankarnir ollu þjóðinni, í þrotabú

þeirra. Íslenska ríkið ætti með réttu að vera stærsti kröfuhafinn í þrotabú föllnu bankanna.

Til samanburðar mætti hugsa sér dæmi um olúfyrirtæki starfrækt á Íslandi, sem hefði mengað náttúru landsins með þeim afleiðingum að íslenska ríkið hefði þurft að kosta til meira en 1.000 milljörðum til að hreinsa eftir það. Nú væri fyrirtækið farið í gjaldþrot og þá ætluðu kröfuhafar í þrotabú olúfyrirtækisins að fá allar eigur þrotabúsins en íslenska ríkið ætti ekki að fá neitt. Það er ljóst að slík ráðstöfun stenst ekki skoðun. Það sama gildir um uppgjör á þrotabúum bankanna.

Í samræmi við þær reglur sem Evrópusambandið og Bandaríkjustjórn hafa sett til að verja skattgreiðendur þegar einkareknir bankar verða gjaldþrota, ættu íslensk

→ Eina eðlilega niðurstaða er sú að kröfuhafar fái greitt úr þrotabúum eingöngu í íslenskum krónum.

stjórnvöld að beita sektum, sköttum eða öðrum meðölum sem leynast í vopnabúri fullvalda ríkis til að sækja bætur fyrir það fjárhagstjón sem fall bankanna olli íslenskum skattgreiðendum. Ríkissjóður Íslands má undir engum kringumstæðum fara óbættur frá málinu.

Heimildir

- [1. https://www.imf.org/external/pubs/ft/wp/2012/wp12163.pdf](https://www.imf.org/external/pubs/ft/wp/2012/wp12163.pdf)
- [2. http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-13-1140_en.htm?locale=en](http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-13-1140_en.htm?locale=en)
- [3. http://www.fdic.gov/about/srac/2012/gsifi.pdf](http://www.fdic.gov/about/srac/2012/gsifi.pdf)

Er trúlofunartímabilinu lokið og komið að næsta skrefi?

Samvinna og gott samstarf er að mínu mati grunnforsenda þess að sveitarfélög á Suðurnesjum geti vaxið og dafnað. En sameining sveitarfélaganna á svæðinu er mál sem sveitarstjórnarfolk á svæðinu þarf að fara að skoða af fullri alvöru. Við þurfum að horfa til framtíðar með heildarhagsmuni svæðisins alls að leiðarljósi. Horfum út fyrir boxið

SVEITARSTJÓRNIR



Kristinn Þór Jakobsson
bæjarfulltrúi og oddviti Framsóknar í Reykjanessbæ

Mjög lítið hefur borið á umræðu um sameiningarmál sveitarfélaganna á Suðurnesjum á kjörtímabilinu. Líklega verða sameiningarmálin

ekki kosningamál í næstu sveitarstjórnarkosningum. En þeir bæjarfulltrúar sem verða kosnir í bæjarstjórnir sveitarfélaganna fimm á Suðurnesjum verða að vera tilbúnir til að ræða sameiningarmál af hispursleysi og einurð með öllum huga, laust frá tilfinningum og fordómum. Í þessari endurskoðun felast tækifæri.

Ekki hvort, heldur hvernig
Ef sveitastjórnir óska þess þá getur ráðuneytið veitt þeim heimild í tilraunaskyni til að staðfesta samþykkt um stjórn og fundarskóp sem gerir ráð fyrir öðru

stjórnskipulagi en kveðið er á um í sveitarstjórnarlögum. Ég tel að umræða næsta kjörtímabils ætti að snúast um hvernig, ekki hvort sveitarfélögin á Suðurnesjum sameinist. Málefni sem við þurfum að ræða eru m.a. fjöldi sveitarstjórnarmanna, hvort ráða eigi eða kjósa framkvæmdastjóra sveitarfélagsins beint, kjósa ætti bæjarráð beinni kosningu, breytingar á fyrirkomulagi bæjarstjórnarfundar, fjöldi fastanefnda/ráða og aukið hlutverk einstakra nefnda eða starfsmanna sveitarfélagsins við daglega stjórn sveitarfélagsins því samfara. Einnig þarf að ræða hvort embætti forseta bæjarstjórnar ætti að vera fullt starf, fjöldi bæjarfulltrúa

verði bundinn við íbúafjölda hvers byggðakjarna, aukið íbúalýðræði með íbúafundum og íbúasamráði, nánara samráð um fjárhagsáætlun og önnur verkefni, svo fátt eitt sé nefnt.

Heildarhagsmunir ráði för

Málefni eru mýmörg og margvísleg og ættu að vera rædd út frá hagsmunum íbúa á Reykjanesi en ekki pólitískum hagsmunum einstakra hópa/svæða. Það gæti reynst öllum íbúum allra sveitarfélaganna hagsbót og styrkur ef sveitarfélögin komast að samkomulagi um framtíðarskipan sameinaðs sveitarfélags. Skort hefur traust milli bæjarstjórna á svæðinu og mikið rætt um

→ Látum vantraustið lönd og leið og öllum fyrir umræðu um hvernig málunum er best farið.

að byggja upp traust áður en sameiningarmál verði rædd. Að mínu mati er það fullreynt. Látum vantraustið lönd og leið og öllum fyrir umræðu um hvernig málunum er best farið. Við erum eitt atvinnusvæði, við erum að stórum hluta með sameinlega þjónustu, eins og Kólku, Fjölbautaskóla Suðurnesja, DS, HSS o.fl. stofnanir. Tökum næsta skref og hefjum umræðu um sameiningarmál. Orð eru til alls fyrst.

AKTU FRAMFÖRUM

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Við kynnum þriðju kynslóðina af BMW X5 með sparneytnari vél en nokkur annar bíll í þessum flokki. Nýi BMW X5 er léttari og með minni loftmótstöðu en keppinautarnir. Hann kostar frá 10.490 þús. kr. með 218 hestafla dísilvél og 8 girja sjálfskiptingu og notar einungis 5,8 l/100 km í blönduðum akstri.

Aktu framförum – kynntu þér nýjan BMW X5!

BMW X5 - 5,8 l/100 km.* Verð frá 10.490 þús. kr.

BMW EfficientDynamics 
Less emissions. More driving pleasure.

B/L

*Míðað við uppgefna viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Skipulag eða skipulagsleysi?

Í grein Ólafs Þ. Stephensens 2. maí, „Þétting byggðar í nærveru sálar“, koma fram mikilvægar spurningar: „Eru skólar og leikskólar í stakk búnir að taka við fleiri börnum? Mun umferð aukast? Mun skyggja á lóðir? Verða næg bílastæði? Hver bætir mögulegar skemmdir eða rask vegna framkvæmda?“

Hafa borgaryfirvöld hugsað þessi mál alveg til enda? Á skólalóðum Vesturbæjar- og Austurbæjar-skóla er búið að bæta við litlum skúrum til að geta tekið við þeim börnum sem fyrir eru. Leikskóla-pláss og dagforeldra vantar svo fólk þarf að fara út fyrir hverfið með börnin sín. Hvernig gera þau það? Oftast á bílum! Umferðin mun aukast. Fólk mun ekki ganga og/eða hjóla í öllum veðrum. Ef fólk á að taka strætó þurfa þær samgöngur að lagast. Öllum bílunum frá Borgarspítala og hinum 16 vinnustöðum Landspítalans á líka að beina á Hringbrautina, sem er þegar teppt. Hvernig á sjúkrabíllinn að komast að! Bílar menga ekki síst þegar þeir eru sífellt að stöðva og taka aftur af stað, sem gerist óhjákvæmilega í mikilli umferð. Það fylgja ekki bílastæði öllum nýju íbúðunum. Þó fólk noti bíla ekki alla daga, eiga þá samt flestir. Hvar á að geyma þá? Bílastæði í miðbænum hverfa undir byggingar, m.a. stóra planið á móti Bæjarins bestu og við hliðina á Borgarbókasafninu.

Mikið hefur verið í umræðunni hve mikil synd er að eyðileggja svona fallegan sjónás eins og

Köstum ekki verðmætum á glæ

Framsóknarflokkurinn og Flugvallarvinir vilja vernda Reykjavíkurflygvöll og koma í veg fyrir lokun neyðarflugbrautar sem samkvæmt samkomulagi borgarstjóra og innanríkisráðherra á að loka eins fljótt og hægt er. Framsókn og

SKIPULAG



Ingvar Jónsson flugstjóri hjá Icelandair skipar 6. sæti á framboðslista Framsóknar og Flugvallarvina

Flugvallarvinir vilja tryggja nægt lóðaframboð fyrir íbúa og fyrirtæki í Reykjavík án þess að fórna Reykjavíkurflygvelli. Það skortir ekki byggingarland í Reykjavík. Rétt eins og aðrir flygvellir þá skapar Reykjavíkurflygvöllur störf og laðar að sér fólk og viðskipti. Þar að auki stunda fjölmargir flugnám á flygvellinum. Flygvöllurinn er mikilvægur hlekkur í atvinnustarfsemi landsins og ég trúir að það séu samfélagsleg og efnahagsleg mistök að leggja hann niður.

Rándýrar íbúðir fyrir hverja?

Að leggja niður Reykjavíkurflygvöll og byggja húsnæði í Vatnsmýrinni verður dýrt. Ég velti fyrir mér hverjir hafi efni á því að kaupa sér nýja íbúð þar. Það er kostnaðarsamara að byggja í míri en á klöpp og giska ég á að meðalfermetra-verð fyrir íbúðarhúsnæði verði vart undir 600 þúsund krónum. Það eru 60 milljónir fyrir 100 fermetra íbúð. Ég tel að þetta sé varlega áætlað. Laun á Íslandi eru ekki nógu há til að raunhæft sé að meðal Jón og Gunna fari í slíka fjárfestingu. Til að koma til móts við vilja þeirra sem vilja byggð í Vatnsmýri er vel hægt að byggja í kringum flygvöllinn án þess að þjarma að honum eða leggja hann niður.

Virðum vilja borgarbúa

Samkvæmt skólanakönnun vilja u.þ.b. 70% borgarbúa og 80% landsmanna flygvöllinn áfram í Vatnsmýri. Það eru mikil verðmæti fölginn í flygvellinum sem óskynsamlegt er að kasta á glæ. Ég hvet þig, kjósandi góður, til að leggja málstaðnum lið og kjósa Framsókn og Flugvallarvini í Reykjavík. X-B.

niður Frakkastíginn, og byggja fyrir fjöllin og sjóinn. Gerum ekki fleiri slík mistök, eins og nú er á dagskrá. Má þar nefna nýja byggð við Gömlu höfnina og hótél við hlið Hörpu, sem munu byggja útsýni yfir höfnina og fallega fjallasýn. Um leið á að fórna Slippnum. Eins mun Nýi Landspítalinn skyggja á Gamla Landspítalann, þessar fallegu byggingar Guðjóns Samúelssonar, og loka fyrir sjónás að Háskóla Íslands.

SKIPULAG



Þóra Andrésdóttir íbúi í 101 Reykjavík

Þétting byggðar er á kostnað íbúa sem fyrir eru, átroðsla og ónæði, skuggar og skerðing á útsýni, og skemmdir vegna framkvæmda. Sumum borgarbúum finnst að verið sé að hrekja þá úr 101. Skortur á íbúðum þar er m.a. vegna fjárfesta sem leigja þær út til útlendinga. Það er ekki hægt að þverfóta fyrir gistiheimilum og hótélum.

Borgaryfirvöld segjast vilja fjölbreytni, hvar er hún? Ekkert nema hótél, sem rekin eru með tapi! Samt

eru fleiri að bætast við. Þessu fylgir umferð. Hvergi er krafist aðkomu fyrir rútur eða sendibíla. Því er gengið á rétt borgarbúa, bílum lagt upp á gangstétt og rútur stoppa alla umferð. Eiga Fógetagardurinn og Austurvöllur að vera garður fyrir hótélgesti Landsímarreits?

Með þéttingu byggðar á að nýta betur veitukerfi og gatnakerfi, sem eru þegar til staðar, en eru víða sprungin. Sumir vilja búa í úthverfum, við höfum nóg pláss. Aukum atvinnu þar og minnkum mengun og slit með dreifðari

→Eiga Fógetagardurinn og Austurvöllur að vera garður fyrir hótélgesti?

umferð. Kallast það borgarvernd að taka alltaf mið af hæstu byggingu sem fyrir er, þó gamla byggðin sé lág? Sólríkt, fagurt, fjölskylduvænt umhverfi, og virðing fyrir sögunni skiptir okkur miklu máli. Varðveitum bæjarbraginn, sögu bæjarins. Þá líður okkur eins og heima hjá okkur en ekki aðskotahlutum í eigin borg.

SIEMENS



Siemens bakstursofninn með sjálfhreinsun (pyrolysis) er sannkallaður sigurvegari.

www.sminor.is

Bakstursofninn HB 63AB512S fékk hæstu einkunn í prófun TÆNK á ofnum með sjálfhreinsun (pyrolysis).



NOV. 2013

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Siemens. Framtíðin flyst inn.

HELGIN

Íris Björk Reynisdóttir, ljósmyndari í London.

Jóga og BA-skil í London

„Ég ætla að fara í jóga bæði í dag og á sunnudag. Svo mun ég eyða restinni af helginni fyrir framan tölvuna að fylla inn í rannsóknarvinnu og persónulegar skýrslur ásamt því að leggja lokahönd á myndvinnslu því að ég er að skila BA-lokaverkefni mínu mánudagsmorguninn.“



Arnar Dan Kristjánsson leikari.

Landsbyggðin kallar

„Ég er að fara í brúðkaup að Hellnum á Snæfellsnesi hjá mági mínum. Svo næ ég vonandi að kíkja í Frystiklefann á Rífi í leiðinni og sjá sýninguna hans Kára Viðarssonar, Hetju.“



Fannís Friðriksdóttir, landsliðskona í knattspyrnu.

Undirbýr Íslandsflutninga

„Í dag er þjóðhátíðardagur Norðmanna svo ég ætla að skella mér í morgunmat með nokkrum vel völdum vinkonum og njóta dagsins hér í Bergen. Sunnudagurinn fer í það að pakka niður og kveðja Noreg.“



Benedikt Valsson Hraðfréttamaður.

Fer kannski í partí

„Okkur Fannari er boðið í innflutningspartí í kvöld hjá konu sem heitir Kolla en ég veit ekki hvort ég nenni. Á sunnudaginn ætla ég að skella mér í sund og fá mér svo ís.“

EVROPUMÁL

Mannréttindi og Evrópusambandið



MÁNUDAGURINN 19. MAÍ KL. 12:00-13:30 Í NORRÆNA HÚSINU

Opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Evrópustofu. Fjallað verður um stöðu mannréttinda innan ríkja Evrópusambandsins í kjölfar efnahagsþrenginga undangenginna ára.

Einnig verður fjallað um stefnu sambandsins í mannréttindamálum og hvernig hún nær yfir borgaraleg, pólitísk, efnahagsleg og félagsleg réttindi. Sjónum verður sérstaklega beint að réttindum hinsegin fólks, jafnrétti kynjanna og tjáningarfrelsi í þessu samhengi.

Versnandi staða í mannréttindamálum í kjölfar efnahagsþrenginga

Kinga Göncz er Evrópuþingmaður, varaformaður nefndar Evrópuþingsins um borgaraleg réttindi, dóms- og innanríkismál, og fyrrverandi utanríkisráðherra Ungverjalands.



Stefna Evrópusambandsins í mannréttindamálum – mannréttindi um allan heim

Pauline Torehall er sérfræðingur hjá utanríkisþjónustu Evrópusambandsins (EEAS).



Fundarstjóri: Alyson Bailes, aðjúntur við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.

Fundirnir fara fram á ensku. Allir velkomnir.
Nánari upplýsingar: www.ams.hi.is og www.evpustofa.is

Evrópastofa
Upplýsingamiðstöð ESB

Education and Culture
Lifelong Learning Programme
JEAN MONNET

ALÞJÓÐAMÁLA-
STOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS



KYNNTIST NÝRRI HLIÐ Ástríður Magnúsdóttir rifjar upp sögur tengdar fatnaði móður sinnar, frú Vigdísar Finnbogadóttur, er hún verður með leiðsögn um sýninguna Ertu tilbúin, frú forseti? á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verð alltaf stoltari og stoltari af mömmu

Ástríður Magnúsdóttir kynntist nýrri hlið á móður sinni, frú Vigdís Finnbogadóttur, er hún tók þátt í að setja upp sýninguna Ertu tilbúin, frú forseti? Hún var sjö ára þegar móðir hennar var kjörin forseti en á morgun verður hún með leiðsögn um sýninguna þar sem hún rifjar upp sögur tengdar fatnaðinum.

Álfrún Pálsdóttir

alfrun@frettabladid.is

„Ég er stolt af því að hafa tekið þátt í undirbúningi sýningarinnar og það ferli var afar lærdómsríkt. Skemmtilegt var að vinna með góðu teymi fólks og móður minni, taka við hana viðtöl sem tengdust fatnaði frá forsetatíð hennar og fram spruttu margar minningar, skemmtilegar sögur og fróðleikskorn,“ segir Ástríður Magnúsdóttir, dóttir frú Vigdísar Finnbogadóttur, sem verður með leiðsögn um sýninguna Ertu tilbúin, frú forseti? á morgun, á Alþjóðasafnadaginn, á Hönnunarsafni Íslands.

Fatnaður Vigdísar leikur lykkihlutverk í sýningunni en hann

var mikilvægur í ímyndarsköpun forsetans. Það sem mótadi persónulegan stíl Vigdísar var Parísardvöl hennar, leikhúslífið og að lokum diplómáttáskor hefðir. Þegar hún tók við embætti forseta Íslands árið 1980 stóð Vigdís frammi fyrir því að skapa hefð um klæðaburð fyrir konu í slíku embætti.

Ástríður, sem er meistaranemi í listfræði og í sýningarnefnd sýningarinnar, var sjö ára þegar móðir hennar varð forseti og ætlar að rifja upp skemmtilegar sögur í leiðsögninni. „Eins og til dæmis þegar hún þurfti að fara um borð í þyrllu á Grænlandi í skautbúningi og hversu mikinn tíma það gat oft tekið að hengja utan á fínu silkikjólana orður og aðra fylgihluti sem tilheyrðu embættinu. Sagan þegar skórnir gleymdust á 17. hæð á

Imperial-hótelinu í Japan og hún var komin hálf leið niður á töflunum að hitta keisarann. Þá voru góð ráð dýr.“

Ástríður segist afar stolt af móður sinni og það aukist bara eftir því sem hún kafar dýpra í feril hennar, líf, boðskap og gjörðir. „Hún er brautryðjandi á mörgum sviðum, fyrsta konan til að vera kosin þjóðhöfðingi í lýðræðislegum kosningum og einnig fyrsta íslenska einhleypa konan til að fá leyfi til að ætla barn,“ segir Ástríður. Sýningin sjálf stendur til 5. október.

Hvað? Leiðsögn Ástríðar Magnúsdóttur um sýninguna Ertu tilbúin, frú forseti?

Hvar? Hönnunarsafn Íslands.

Hvenær? Á morgun kl. 14.

WHIRLPOOL DAGAR
10-50% AFSLÁTTUR



ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKAÐAR - UPPÞVOTTAVÉLAR
ÖRBYLJUOFNAR - OFNAR - HELLUBORD - GUFUGLEYPAR
KÆLISKÁPAR - FRYSTIKÁPAR - FRYSTIKISTUR

Heimilistæki ht.is

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU ...

Á TÓNLEIKA SELKÓRSINS, VIÐ REYKJAVÍKUR-TJÖRN, sem verða í Hörpu á morgun kl. 17 og 20. Þar flytur kórinn ásamt þeim Þóru Einarsdóttur og Garðari Thór Cortes helstu dægurlög Gunnars Þórðarsonar, sem eru fyrir löngu orðin klassísk.

Á LAGIÐ SEASONS MEÐ HLJÓM-SVEITINNI FUTURE ISLANDS og hitaðu upp fyrir Airwaves í leiðinni en sveitin mun spila á hátíðinni næsta haust.

BÓKINA 20 TÍLFNI TIL DAGDRYKKJU eftir Þorbjörgu Marínósdóttur sem kom út í vikunni. Sprenglægilleg og neyðarleg bók sem er sú fjórða eftir höfundinn.

Á KVIKMYNDINA VONARSTRÆTI, sem var frumsýnd í gær, en þessi íslenska mynd eftir leikstjóran Baldvín Z hefur hlotið góða dóma.



300.000 kr. í AFSLÁTTI

Tilboð: 3.590.000 kr.

Ford Escape Limited AWD LTA45
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 66.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr.



Verð: 1.690.000 kr.

Toyota Auris Terra PIR54
Skráður maí 2008, 1,4i bensín, beinsk.
Ekinn 79.000 km.



200.000 kr. í AFSLÁTTI

Tilboð: 3.190.000 kr.

Ford B-MAX Titanium JFE65
Skráður maí 2013, 1,6TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 28.000 km.
Ásett verð: 3.390.000 kr. í ábyrgð



300.000 kr. í AFSLÁTTI

Tilboð: 1.390.000 kr.

Hyundai i30 Classic TOH76
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 95.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



200.000 kr. í AFSLÁTTI

Tilboð: 3.190.000 kr.

Ford Focus Trend UYA01
Skráður nóv. 2012, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 21.000 km.
Ásett verð: 3.390.000 kr. í ábyrgð



Verð: 1.990.000 kr.

Ford Escape XLT UU058
Skráður ágúst 2007, 3,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 108.000 km.



300.000 kr. í AFSLÁTTI

Tilboð: 2.390.000 kr.

Honda Accord YHE12
Skráður júlí 2008, 2,4i bensín, sjálfsk.
Ekinn 93.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN



Skofaðu fleiri dæmi hér!

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



Verð: 1.990.000 kr.

Subaru Legacy SU091
Skráður apríl 2007, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 90.000 km.



200.000 kr. í AFSLÁTTI

Tilboð: 1.290.000 kr.

Audi A6 UZ308
Skráður febr. 2004, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 137.000 km.
Ásett verð: 1.490.000 kr.

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband strax!



240.000 kr. í AFSLÁTTI

Tilboð: 2.150.000 kr.

Citroën C4 Saloon Comfort JGB12
Skráður júlí 2011, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 34.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr.



300.000 kr. í AFSLÁTTI

Tilboð: 4.280.000 kr.

Ford Kuga Titanium S AWD BHP25
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 4.580.000 kr.



200.000 kr. í AFSLÁTTI

Tilboð: 1.990.000 kr.

Toyota Auris MXJ73
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.
Ekinn 70.000 km.
Ásett verð: 2.190.000 kr.



340.000 kr. í AFSLÁTTI

Tilboð: 5.450.000 kr.

Toyota Land Cruiser 120 VX ADH19
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 5.790.000 kr.



180.000 kr. í AFSLÁTTI

Tilboð: 1.990.000 kr.

Mazda3 Advance KLI46
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 68.000 km.
Ásett verð: 2.170.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK

Notaðir bílar - Brimborg



Tilboðsbílar fara beint á Facebook!

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgraininni



Öruggur staður til að vera á

BORÐ + SÓFI + 2 STÓLAR + SESSUR

VIÐHALDSFRÍTT

SPARAÐU
20.000
KRÓNUR

SETTIÐ FULLT VERÐ: 79.990

59.990

HORSENS GARÐHÚSGÖGN

Einfalt og fallett sett úr stáli og veðurþolnu, fléttuðu polyrattan efni. Flott borð með fibersteini, 2ja sæta sófi og 2 armstólar. Slitsterkar sessur með polyester áklæði fylgja með. Stærð á borði: B55 x D90 x H42 sm. Stóll: B63 x L68 x H76 sm. Sófi: B118 x D68 x H76 sm. Vnr. 3745700

SPARAÐU
20.000
KRÓNUR

VIÐHALDSFRÍTT

BORÐ + SÓFI + 2 STÓLAR + SESSUR

SETTIÐ FULLT VERÐ: 59.990

39.990

ROMANO GARÐSETT

Fallett garðsett úr svörtu, fléttuðu polyrattan efni. Sófi, 2 armstólar og borð ásamt sessum. Borð er með hertri glerplötu. Stærð á borði: 40 x 80 x 40 sm. Vnr. 43051001

SPARAÐU
10.000
KRÓNUR

VIÐHALDSFRÍTT

BORÐ + SÓFI + 2 STÓLAR + SESSUR

SETTIÐ FULLT VERÐ: 49.990

39.990

GERONA GARÐHÚSGÖGN

Sett úr stáli og veðurþolnu, fléttuðu polyrattan efni. Flott borð með glerplötu úr hertu gleri, 2ja sæta sófi og 2 armstólar. Slitsterkar sessur með polyester áklæði fylgja. Stærð á borði: B80 x L76 x H40 sm. Stóll: B64 x D66 x H76 sm. Sófi: B118 x D66 x H76 sm. Vnr. 3712842

VIÐHALDSFRÍTT

SPARAÐU
15.980
KRÓNUR

BREKSTAD BORÐ + 4 BIRKEMOSE STÓLAR
Flott borð úr áli og stáli. Góðir armstólar úr stáli og polyrattan efni. Stærð á borði: Ø120 x H74 sm. Borð: 39.990 Stóll: 8.995
Vnr. 3763600, 3762300

BORÐ + 4 STÓLAR
59.990

**ALS BORÐ + 4 HESTRA
STILLANLEGIR STÓLAR**

Stórt lúxusborð B95 x L180 x H73 sm. með borðplötu úr viðahaldfríum fibersteini. Góðir stillanlegir stólar úr áli og sterku, veðurþolnu polyrattan efni. Stólana er hægt að leggja saman. Borð: 59.990 Stóll: 16.990 Vnr. 3710200, 3761900

BORÐ + 4 STÓLAR

99.990

SPARAÐU
27.960
KRÓNUR

VALITOR
KORTALÁN
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

VISA

VIÐHALDSFRÍTT

BORÐ + 4 STÓLAR + SESSUR

Jutlandia
Ál

Jutlandia
Polyrattan

SPARAÐU
20.000
KRÓNUR

SETTID FULLT VERÐ: 99.990

79.990

TIVEDEN GARÐHÚSGÖGN

Innskotsborð með fibersteini og stálgrind $\varnothing 80 \times H42/\varnothing 50 \times H38$ sm. 4 þægilegir armstólar úr áli og handfléttuðu polyrattan efni. Slitsterkar sessur úr polyester efni fylgja. Vnr. 3762200

Jutlandia
Polyrattan

SPARAÐU
30.000
KRÓNUR

VIÐHALDSFRÍTT

BORÐ + SÓFI + 2 STÓLAR + SESSUR

SPARAÐU
19.950
KRÓNUR

ST. $\varnothing 305$ SM.

SETTID FULLT VERÐ: 129.990

99.990

KARLSHAMN GARÐHÚSGÖGN

Sett úr áli og sterku, veðurþolnu polyrattan efni. Flott borð, 3ja sæta sófi og 2 armstólar. Slitsterkar sessur og púðar með polyester áklæði fylgja. Stærð á borði: B57 x L105 x H35 sm. Stóll: B75 x L71 x H81 sm. Sófi: B81 x L173 x H79 sm. Vnr. 3747500

TRAMPÓLÍN

Gott trampólín í garðinn eða á pallinn. Trampólín stærð: $\varnothing 305 \times H70$ sm. **29.990** Öryggisnet hæð: 190 sm. **14.950** Trampólín $\varnothing 305$ sm. + öryggisnet **24.990** Litill stigi **3.995** Vnr. 4701690, 4701601, 4701602

VIÐHALDSFRÍTT

BORÐ + 4 STÓLAR

Jutlandia
Polyrattan

BORÐ + 4 STÓLAR

BORÐ + 4 STÓLAR

69.990

SPARAÐU
18.960
KRÓNUR

SKAGEN BORÐ OG 4 LOMMA STÓLAR

Stílhreint og fallegt gerðhúsgagnasett. Borð er úr svörtu áli með viðhaldsfrírra borðplötu úr viðarlíki. Stærð á borði: B90 x L150 sm. Vnr. 3771093, 3771003, 3737700



BRÖNS Bulsur eftir uppskrift bóndans og meðlæti eru á borðum og bragðast vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á kafi í búskap við Berufjörðinn

Tónlistarhjónin **Berglind Häsler** og **Svavar Pétur Eysteinnsson** eru óhrædd við að prófa nýja hluti. Nú eru þau orðin bændur á Berufjarðarströnd. Þau hafði dreymt um að búa í sveit, rækta grænmeti, ástina og andann og sinna öðrum hugðarefnum. En þegar þau keyptu jörðina Karlsstaði í vor fylgdu henni 60 ær loðnar og lembdar og þau dattu beint inn í sauðburð.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þokan hylur Búlandstind og önnur fjöll Berufjarðar að mestu þegar við Gunnar V. Andrésón ljósmyndari brunum niður Öxi og austur ströndina. Þó grillir í tíglega klettadranga og gil ofan við bæinn Karlsstaði. Á hlaðinu tekur tíkin Píla glaðlega á móti okkur og húsbóndinn Svavar Pétur stígur út með barnavagn því Aldís Rúna, átta mánaða, ætlar að fá sér dagdúr bak við hús. Næstur birtist Hrólfur, fjögurra ára, og tilkynnir okkur að það sé lamb í eldhúsinu. Mikið rétt. Um gólfið vagar völtum fótum lítil mögött gimbur – með bleiu. Mæðgurnar Berglind Häsler og Elísa Egilsdóttir eru að baka pönnukökur og okkur er boðið í bröns þar sem bulsur (grænmetispylsur) Svavars Péturs gegna veigamiklu hlutverki.

Kallstaðir eða hvað?

Svavar segir munnmæli til um að bærin hafi heitið Kallstaðir því hægt hafi verið að kalla til Djúpavogs, yfir fjörðinn.

Hrólfur: „Sko, pabbi kallar bæinn Kallstaði, allar konurnar kalla hann Konustaði og öll börnin kalla hann Barnsstaði!“

Þessi yfirlýsing vekur kátínu við borðið. Hrólfur er samt minntur á að nota inniröddina. „Þegar maður er svona mikið inni og úti til skiptis þá verður maður að eiga bæði inni- og úti-rödd,“ segir faðir hans til skýringar.

Svo berst talið að búskapnum á Karlsstöðum og framtíðaráformunum.

Svavar: „Við höfðum verið með augun opin fyrir jörð í dálítinn tíma og keyptum þessa í vor. Okkur langar að vera með blöndu af menningarstarfsemi, matvælaframleiðslu og einhvers konar ferðaþjónustu. Þetta er ekkert sem gerist á einni nóttu heldur eru þetta langtímaaverkefni.“

Berglind: „Það var aldrei markmiðið að gerast sauðfjárbændur en við eignuðumst 60 kindur óvænt. Ég hafði komið svona fjórum sinnum á ævinni í fjárhús áður en ég kom hingað. En kindurnar voru hér og það var ekki hægt að fara að slátra þeim að vori til.“

Svavar: „Þetta er alveg passlegur fjöldi, þó að þeim fylgi hellings vinna yfir sauðburðinn. Líka mjög skemmtilegar kindur. Þær koma jörðinni dálítið vel því þá urðum við að byrja á að rétta við girðingarnar. Fyrstu lömbin fæddust í blábyrjun apríl, þegar við vorum að renna í hlað, og það komu 35 lömb í lotu en svo varð hlé um tíma. Það var dálítið gaman þegar við vorum að bólusetja þessi 35 lömb. Ég hélt á þeim en Berglind var með sprautuna á lofti eins og róbóti.“

Berglind: „Já, og var allan tímann að hugsa um hvað ég ætlaði að fá mér gott kaffi þegar þetta væri búíð!“

Svavar: „Þegar við komum heim minnti ég hana á að við ættum eftir að merkja og marka öll lömbin. Þetta var góð leið til að hoppa beint í djúpu laugina.“

Berglind: „Annars hefðum við bara haldið áfram í tölvuvinnunni og kannski gleymt okkur í henni. Við erum líka með æðarvarp og þurfum að fara daglega ▶

„Það var dálítið gaman þegar við vorum að bólusetja þessi 35 lömb. Ég hélt á þeim en Berglind var með sprautuna á lofti eins og róbóti.“



BÚRALEGUR BÓNDI
Kindurnar sem fylgdu jörðinni eru frá Svínafelli í Örafum. Svavar Pétur segir þær skemmtilegar.

„Við ætlum að lækka leigu og húsnæðisverð í Reykjavík“

Með auknu framboði íbúða munum við ná fram lægri leigu og húsnæðisverði í Reykjavík. Lausnir Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík eru einfaldar og árangursríkar og hægt er að virkja þær strax. Gerum fólki kleift að búa þar sem það vill, eitt eða í sambúð, enda eru það sjálfsgöð réttindi að geta leigt eða keypt á sómasamlegu verði. Okkar markmið er að skapa heilbrigðan og öflugan almennan húsnæðismarkað til framtíðar.

Við munum breyta gjaldskrá svo hagkvæmt verði fyrir byggingaraðila að byggja minni íbúðir, minnka skriffinnskuna og flýta fyrir samþykktum, bjóða upp á nægt lóðaframboð um alla borg og sjá til þess að eðlilegt leiguverð verði tryggt í að minnsta kosti 25 ár.

Kynntu þér öll stefnumálin okkar á xdreykjavik.is og kjóstu dásamlega Reykjavík.



Við skipum 10 efstu sætin á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

xDásamlega Reykjavík

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík

BÆNDUR Í BERUFIRÐI



► niður í fjöru að hlúa að hreiðrum og fæla varginn frá. Varpíð á eftir að gefa vel af sér ef við sinnum því vel.“

Keyptuð þið þessa jörð dýrum dómum fyrst henni fylgja hlunnindi?

Svavar: „Nei, þótt ótrúlegt sé. Það vilja allir búa þar sem þeir geta skroppið til Reykjavíkur. Við erum komin út úr þeirri þælingu. Þjuggum um tíma á Seyðisfirði og nú í vetur vorum við á Drangnesi.“

Berglind: „Þriggja herbergja íbúðin sem við þjuggum í í Þingholtunum er talsvert hærra metin en þessi 130 hektara jörð með öllum sínum kostum og húsum. Sigurður Þorleifsson og Kristbjörg Sigurðardóttir þjuggu hér hefðbundnum búskap í 55 ár, til 2005.“

Foreldrar Berglindar eru Hafsteinn Häsler og Kristín Elísabet Guðjónsdóttir og Svavar Pétur er sonur Eysteins Péturssonar og Aldísar Hjaltadóttur. Stórfjölskyldan er þegar byrjuð að leggja frumbýlingunum lið. „Hingað mætti hópur rétt eftir að við komum á staðinn, lagði gólfefni og málaði. Það

var tekið á því af alvöru,“ lýsir Svavar. „Svo er mamma væntanleg. Hún er ættuð frá næsta bæ, Berunesi, þar sem ég var í sveit sem strákur.“

Mörg járn í eldinum

Svavar Pétur er grafískur hönnuður og Berglind frílans fjölmiðlakona sem á síðustu mánuðum ritstýrði tveimur ritum á Vestfjörðum. Bæði spila þau líka í tveimur böndum, Skakkamanage og Prins Póló.

Berglind: „Við erum að spila talsvert í sumar. Gáfum út plötu með Skakkamanage í mars, Sounds of Merrymaking, og í vikunni kom út ný plata með Prins Póló, hún heitir Sorri.“

Svavar: „Já, svo er þriðja platan á leiðinni með kvikmyndatónlist. Við unnum í ansi mörgum verkefnum í vetur en þau voru að klárast á þeim tímamarki sem við komum hingað.“

Hvernig er internettengingin á Karlsstöðum?

Svavar: „Við erum með 3G-tengingu. Maður getur tekið það djúpt gremjukast

Maður getur tekið það djúpt gremjukast yfir netmálum á landsbyggðinni að það borgar sig ekki að fara út í það. Þau eru svo langt, langt á eftir þéttbýlinu en stjórnvöld hafa engar áhyggjur af því.“

yfir netmálum á landsbyggðinni að það borgar sig ekki að fara út í það. Þau eru svo langt, langt á eftir þéttbýlinu en stjórnvöld hafa engar áhyggjur af því.“

Berglind: „Við ætluðum að taka lán hjá Bygðastofnun vegna jarðarkaupanna og stofnunarinnar sem er til að hjálpa lífinu á landsbyggðinni setti það sem kröfu að við hefðum góða internettengingu, vitandi að þessir hlutir eru ekki í lagi.“

Elísa er í 9. bekk grunnskólans á Djúpvogi. Hvernig líst henni á þetta sveitaævintýri? „Mér leist ekki vel á það fyrst. En það er ágætt að kynna krökkunum í bekknum aðeins núna svo ég kvíði ekki fyrir því í allt sumar að byrja í nýjum skóla. Ég fer í 10. bekk í haust og eftir það ætla ég í Menntaskólann á Akureyri.“

Berglind: „Við höfum fengið ofsalega góðar móttökur hér og höfum mikinn meðbyr. Stóra verkefnið okkar núna er að gera upp gamla bæinn og koma honum í notkun. „Draumurinn er að vera þar með aðstöðu fyrir listamenn og fræðimenn og kannski vilja einhverjir dvelja þar og borga fyrir sig með því að leggja

eitthvað til jarðarinnar, vinnuframlag eða listaverk.“

Svavar: „Okkur langar að rækta grænmeti, kaupa hráefni frá bændum, framleiða matvöru og selja beint frá býli. Í júní kemur ný vara frá okkur á markað sem er snakk úr gulrófum. Til að byrja með fáum við rófur á Lindarbrekku hér í Berufirði og erum að vinna úr þeim í samstarfi við Matís. Það eru líka fleiri bulstegundir á leiðinni. Uppistaðan í þeim er bygg frá Vallanesi og það er skemmtilegt að segja frá því að Djúpvogur hefur skýra stefnu í slow food-málum.“

Berglind: „Við erum svo spennt að byrja að í sumar erum við að hugsa um að vera með bulsubás hér fyrir utan húsið, þannig að fólk sem er á ferðalagi geti haft samband við okkur og pantað bulsupartí.“

Nú er kominn tími til að gá að bornu og gefa litla bleiulambinu kost á að kynna móður sinni svo við kíkjum í útihúsin og tökum barnavagninn með. Þar vaknar Aldís Rúna og brosir við litlu lömbunum og lífinu.



Smellinn einingahús

- Sterk, falleg og hagkvæm
- Endalausir möguleikar

Fljótlegur og hentugur kostur fyrir öll svið atvinnulífsins, heimilið og bústaðinn.

Lækkar viðhalds- og rekstrarkostnað.



BM VALLA
forstýptar einingar
smellinn

HONDA
The Power of Dreams



HJÓLA- SÝNING

Í dag laugardag milli kl. 11 og 16

Sýnum 2014 árgerðina af Honda mótorhjólum

Komdu og kíktu í kaffi og kynntu þér það nýjasta frá Honda



Frábær tilboð á
nýjum eftirárs hjólum

Takmarkað magn



f Þú finnur okkur á
Facebook
facebook.com/hondamotorhjol

VATNAGÖRÐUM 24 - 26 • SÍMI 520 1100 • WWW.BERNHARD.IS





PESSI TÝPA Björg Magnúsdóttir segist alltaf munu skrifa, en sér ekki fyrir sér að gera starf rithöfundarins að fullu starfi og sitja ein við skrifrit. „Það hljómar voðalega döll.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Typpisleysið fækkar lesendum

Fyrsta bók **Bjargar Magnúsdóttur**, Ekki þessi týpa, vakti mikla athygli í fyrra. Nú er von á framhaldinu, Pessi týpa, þar sem vinkonurnar fjórar takast á við nýjar áskoranir. Björg starfar sem fréttamaður hjá RÚV, berst gegn stimplinum skvísúbækur og skilur ekki þá flokkun. „Eiga þá bara miðaldra karlar að lesa Arnald,“ spyr hún, „og af hverju er Illska þá ekki gæjabók?“

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Það er dálítið stressuð týpa sem mætir á Loft hostel í rigningsudda á miðvikudagsmorgni. Biðin eftir því að nýja bókinn, Þessi týpa, komi út tekur á taugar Bjargar Magnúsdóttur, þótt hún hafi alveg nóg annað að gera en velta sér upp úr því hvernig bókinni verður tekið. „Þetta er ofsalega skríttinn tími. Ég skilaði loka-, loka-, lokaútgáfu af bókinni núna í mars, en þá var ég búin að baða mig upp úr efninu stanslaust síðan í júní í fyrra. Það er undarleg tilfinning að vera að senda frá sér efni núna sem var í hausnum á mér fyrir ári og ég þarf dálítið að einbeita mér að því að fókusera á réttu hlutina. En sem betur fer hef ég nóg annað að gera en að hugsa um hvernig bókinn fer í lesendur.“

Björg vinnur sem fréttamaður á fréttastofu RÚV og verður þar þangað til í haust. Hún væri alveg til í að vera þar áfram en var ein þeirra sem lentu undir niðurskurðarhúfnum og fékk ekki framlengd-an samning. „Þeir reyndu sko að segja mér upp í vetur, en réðu

mig svo aftur út sumarið. Þá veit ég ekkert hvað tekur við, en hef engar áhyggjur af því enn þá. Ég hef áhuga á svo mörgu og er komin með hugmynd að nýrri bók, svo ég verð ekkert verklaus. Mig langar mikið til að fara aðeins til útlanda og er búin að finna hinn fullkomna stað í Nepal til að skrifa næstu bók, en það kemur bara allt í ljós.“

Ef Facebook væri gata í Reykjavík

Björg er Hafnafirðingur að uppruna, alin upp í Setberginu, en býr nú í Vesturbæ Reykjavíkur og telur sig Vesturbæing. Hún lærði stjórnmálafræði og hagnýta menningarmiðlun í HÍ en segist aldrei hafa tekið þá ákvörðun að verða rithöfundur, hún hafi einfaldlega verið skrifandi sögur síðan hún man eftir sér. Nú sé hún hins vegar orðin 29 ára og hið skelfilega þrítugsafmæli vofir yfir. Það sé reyndar ekki eins ógnvekjandi og afþreyingariðnaðurinn vilji vera láta að verða þrítug, en það sé samt áminning um að aldurinn færir yfir. „Ég held að mín kynslóð þjáist dálítið af því að hafa allt of marga möguleika. Við fáum allt upp í hendurnar og erum ofdekrúð. Ég held að það sé að skapa klemmu hjá fólki á mínum aldri núna. Við erum komin dálítið langt sé tekið

ÚR NÝJU BÓKINNI – PESSI TÝPA

Kunnuglegt andlit birtist á skjánum og ég hækka. Það er alveg eins og hann sé að tala við mig. Eingöngu við mig. Að þessu sinni stendur þessi landsþekkti fréttamaður í hvítum sloppi með hárnét yfir hausnum mitt á milli hrárra kjötskrokka, greinilega staddur erlendis. Ég hækka enn meira þegar skotið þrengist að andlitinu á honum. Sætur. „Í hugum einhverra getur það reynst þrautin þyngri að velja á milli íslensks lambakjöts og þess ítalska sem innflutningur var nýverið leyfður á. En eitt er þó víst... að aðferðin við að slátra þeim er sú sama víðs vegar um heim eins og ég komst að hér í slátruhúsi í Milánó...“ Hann lyftir upp frekar stórri ljósmynd af lambi í framandi haga sem ég geri ráð fyrir að sé ítalskur. „Þessi skrokkur... hann var þetta lamb fyrir fimm dögum. Og þannig fór um sjóferð þá.“

Augun í mér eru uppglenn og það er skipt yfir í stúdíóið. „Já, þetta var Rafn Sigfússon, staddur á Ítalíu, með afar safaríka frétt um losun á innflutningskvóta í landbúnaði. En næst þetta...“ Löngu eftir að Rafn er horfinn af skjánum er brosið fast á mér. Ég hef verið að fylgjast með þessum gæja. Hann segir öðruvísi frá og er leikinn við að koma sjálfum sér í mynd. Þeirri hugun skýtur upp í huga mér hvort hann gæti verið áhugaverður viðmælandi í næsta P.S. Sem stendur vantar mig forsíðumódel. Eitthvað ferskt.

mið af árum en höfum kannski ekki gert neitt mikið.“

Björg getur þó varla kvartað yfir því að hafa ekki gert neitt, sendandi frá sér sína aðra skáldsögu fyrir þrítugt. Hún rekur upphaf rithöfundarferilsins til myndatexta sem hún samdi við myndir í fjölskylduabúminu. „Ég lagði mikið upp úr því að skrifa góða myndatexta og þar byrjaði ég að beita húmornum. Myndaabúmin eru reyndar liðin tíð og Facebook um það bil að líða undir lok, sýnist mér. Til að byrja með lagði maður mikla vinnu í að skrifa smellna statusa en ég er orðin mjög fráherf þeim miðli. Ef Facebook væri gata í Reykjavík þá myndi aldrei neinn fara niður þá götu. Hópur af fólki, allir með eigið

gjallarhorn æpandi: Ég var að koma úr ræktinni! Ég var að baka bananabraud! Lestu þessa frétt! Þetta er svo mikið drasl og ekkert gaman lengur en að því sögðu þá má auðvitað nota þennan miðil til einhvers og kannski kemur Facebook að meira gagni í samfélögum þar sem er meira „að“ og fólk þarf að hafa rödd til að koma einhverju mikilvægu á framfæri. Hér er þetta bara ruslahaugur, en eins og á öllum ruslahaugum finnst þar þó gull inn á milli.“

Af hverju er Illska ekki gæjabók?

Það er ekki hægt að taka viðtal við rithöfund án þess að talið berist að ritverkunum. Nýja bókinn, Þessi týpa, heldur áfram að segja

sögu stallnanna fjögurra, Bryndísar, Regínu, Tinnu og Ingu, sem við kynntumst í fyrri bókinni Ekki þessi týpa. Eiga þær sér raunverulegar fyrirmyndir í vinahópi Bjargar? „Nja, ég hef mest verið að skrifa um það sem ég upplifi og var komin með mikla þörf fyrir að koma því í einhvern farveg. Ég fór að velta því fyrir mér hvernig best væri að koma þessu frá mér. Ég er rödd einherrar kynslóðar, þetta er veruleiki sem ég þekki vel, margt fundið og skemmtilegt sem ég hef upplifað í mínu nánasta umhverfi, er ekki upplagt að byrja með þetta settling? Önnur spurning var hvernig konur mér þykir áhugavert að lesa um og mér fannst vanta svona bók eins og kom út eftir mig í fyrra.“

Mér finnst nefnilega mikið af því efni sem er byggt á konum, þessar svokölluðu skvísúbækur eins og mínar bækur eru flokkaðar, vera bölvæð drasl. Þannig að ég vildi leggja eitthvað á borðið í staðinn fyrir að vera bara tuðandi yfir því hvað þessar bækur væru allar ömurlegar, sem mér finnst reyndar alls ekki. Þær eru bara eins misjafnar og höfundarnir eru margir. Mér fannst mikilvægt að búa til kvenkarakterana sem eru, að mínu mati, fyndnir en eiga samt í samræðum um alls konar hluti sem skipta máli. Ég tilheyrir nokkrum svona vinkvennahópum og held að flestir geti sagt það sama. Kannski er þessi klisja um vinkonurnar fjórar klisja af góðri ástæðu.“

Flokkunin skvísúbækur hefur verið nokkuð umdeild og farið í taugarnar á mörgun og Björg er alveg sammála því að hún sé alltof þröng og gefi rangar upplýsingar um innihald bóka. „Ég finn alveg fyrir því að fólk hefur vissa fordóma fyrir skvísúbókum og margir hafa spurt mig hvort ég ætli ekki að fara að skrifa eitthvað annað. Eins og það sé ekki nógu gott að skrifa um skvísúr. Eins og þetta sé ekki bara fullboðleg skáldsaga eins og hver önnur. Mér finnst það alls ekki sanngjarnt gagnvart greininni. Það má ekki tala hana niður en um leið á auðvitað að gera kröfur um gæði efnisins. Svo skil ég heldur ekki hvers vegna skáldsaga um ungar konur er átómatískt flokkuð sem skvísúbók en ekki skáldsaga? Eiríkur Örn Norðdahl fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir skáldsöguna Illsku sem fjallar um ungan karlmann. Af hverju var sú bók ekki flokkuð sem gæjabók? Ég vil breyta þessu. Ég held að með þessari flokkun séum við að gera okkur ákveðinn óleik. Með því að markaðssetja bók sem skvísúbók er búið að planta því í huga karlanna að bókin sé bara fyrir konur. Þá spyr ég á móti: Eiga þá bara miðaldra karlar að lesa Arnald? Hann er miðaldra karl að skrifa um miðaldra karl, svo það væri eðlilegt samkvæmt þessari skilgreiningu. Ef tilgangur bóka er einhver hlýtur hann að vera að brjóta niður fordóma og landamæri, segja frá því sem er að gerast hjá hópum sem lesandinn þekkir ekki. Af hverju ættum við bara að lesa bækur sem eru skrifaðar af einhverjum sem hugsar eins og við? Það meikar engan sens. Mér finnst alveg glatað að vera ung kona að skrifa um eigin veruleika og vera allt í einu komin með helmingi færri lesendur af því að ég er ekki með typpi. Það er ekkert réttlæti í því.“

Heppin að vera dimmrödduð

Flestar skvísúbækur enda því að söguhetjurnar finna draumaprinsinn og lifa hamingjusamlega upp frá því. Það finnst Björgu stórfurðulegt. „Ég er alin upp á Íslandi og það hefur aldrei verið markmið mitt í lífinu að ganga út. Það hljómar sem ógeðslega boring líf. Ég hef aldrei fundið fyrir neinni löngun til að gifta mig og eignast börn. En kannski kemur að því. Ég hef heldur ekki fundið mann sem mig langar til að vera með það sem eftir er ævinnar.“

Nú erum við komnar á kaf í umræðu um stöðu kvenna og viðhorf til þeirra í samfélaginu og Björg talar sig heita um það að viðhorfin séu að breytast og hún samþykki engan veginn að konur geti ekki komist hvert sem þær vilja. Skyndilega stoppar hún þó í miðri setningu og segir að, jú, kannski hafi hún fundið fyrir ákveðnum fordómum gegn konum í starfi sínu sem fréttamaður. „Ég auðvitað vinn við það að lesa fréttir og það hefur oft verið sagt við mig að ég sé rosalega heppin að vera svona dimmrödduð, það sé svo óþolandi að hlusta á skrækar kvenraddir flytja fréttir. Það er hræðilegt viðhorf og ég vildi óska að konur með kvenlegar raddir fengju stuðning frá yfirmönnum til að láta raddir sínar heyrast í fréttunum. Það er ekki þeirra að bakka út og láta ekki í sér heyra, það er samfélagsins að stilla eyru sín betur.“

Umræður um kvennakúgun

halda áfram og þótt Björg sé hörð á því að konur njóti virðingar burt séð frá kynferðinu getur hún þó ekki mælt á móti því að mun meiri áhersla sé lögð á fegurð kvenna í sviðsljósinu en karla. „Það hefur verið offramboð af ógeðslega sætum konum í öllu afþreyingar-efni síðan ég man eftir mér. Þær hafa oft ekkert að segja, eru bara svakalega sætar og það lekur af þeim kynþokkinn. Þannig að auðvitað er maður alinn upp við þau skilaboð að maður verði að vera sætur. Mér finnst þetta ömurlegt og ég veit að þetta hefur áhrif. Ég hef alveg farið í gegnum tímabil þar sem mér finnst ég feit og ömurleg og ekki nógu sæt. Og hvað á ég þá eiginlega að gera? Þess vegna finnst mér svo mikilvægt að kynna

eitthvert mótframboð. Segja við sjálfa mig: ég ætla að kveikja ljós, nenni ekki að bölvæð því hvað allt sé dimmt og ömurlegt. Útkoman er ekkert endilega fullkomin en ég vildi samt leggja hana á borðið: hér eru fjórar stelpur sem geta talað um eitthvað annað en varaliti, hælaskó og draumaprinsinn. Mér finnst sú umræða ekki skipta neinu máli. Ég er alin upp í því að gáfur trompi útlit. Ef þú hugsar um lífið sem langhlaupið sem það er þá áttu frekar að fókusera á það að afla þér upplýsinga, lesa, kynna-ast ólíkum menningarheimum, vera skemmtileg. Það leiðinlega við fegurðina er nefnilega að hún toppar um 25 ára aldur og svo liggur leiðin bara niður á við. Ég ætla að lifa lengi og vil að styrkur minn

liggi í einhverju öðru en að vera sæt, það endist svo voðalega stutt.“

Næsta bók á allt öðrum nótum

Þessi týpa skilur við þær vinkonurnar með allt opið og því eðlilegt að spyrja hvort von sé á fleiri bókum um þær. Björg segist ekki vera viss. „Ég er með margar rosalega skemmtilegar hugmyndir um hvernig þær þróast, svo ég veit ekki hvort ég muni skrifa eina bók enn um þær. Sú hugmynd sem núna er búin að skjóta rötum í höfðinu á mér er hins vegar af allt öðrum toga, þannig að næsta bók verður ekki framhald af þessari. Ég sá alltaf fyrir mér að skrifa tvær bækur um þennan vinkvennahóp og vissulega finnst mér þetta enn mjög djúsi heimur, þessi veruleiki

ungra kvenna og karla, og ég veit að þetta er áhugavert því ég sé það á hverjum einasta degi. En það er líka alveg möguleiki að sækja efni í þennan heim til að búa til eitthvað allt annað, nýja karaktera, sjónvarpsþætti eða eitthvað. Það kemur allt til greina.“

Sérðu það fyrir þér að gerast rit höfundur í fullu starfi? „Ég mun alltaf skrifa, ég veit það. Mig langar að segja alls konar sögur í alls konar formi, en ég held ég gæti aldrei setið allan daginn ein og skrifað, það hljómar voðalega döll. Ég vil vera í auga stormsins, þar sem hlutirnir eru að gerast. Ég þyrfti þá að halda veislur á hverju kvöldi og bjóða öllum vinum mínum til að finnast ekki að ég væri dottin úr sambandi við heiminn.“



Apple iPhone 5s



Snaginn LÓA eftir Heklu Björg Guðmundsdóttur



Nýja Leica T myndavélin

Hversu þungt vegur ál?

Ársfundur Samáls fer fram í Kaldalóni í Hörpu, að morgni þriðjudags 20. maí kl. 8.00.-10.00. Morgunverður frá kl. 8.00 og dagskráin hefst kl. 8.30. Skráning á www.samal.is

Á fundinum verður fjallað um horfur í áliðnaðinum og verðmætasköpun fyrir samfélagið allt.

Dagskrá

- Ávarp ráðherra
Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.
- Ræða formanns
Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan.
- Horfur í áliðnaðinum
Kelly Driscoll, framkvæmdastjóri á greiningarsviði CRU.
- Sóknarfæri fyrir Ísland
Gerd Götz, framkvæmdastjóri Evrópsku álsamtakanna.
- Þróun á Mercedes-Benz C-Class og álbýlting í bílaframleiðslu
Lars Wehmeier, framkvæmdastjóri vöruþróunar C-Class, Daimler AG.

Fundarstjóri er Dagmar Ýr Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa Fjarðaráls.

Í samstarfi við Öskju verður nýja C-Class bifreiðin frá Benz forsýnd í Hörpu á ársfundi Samáls. Álnotkun í Benz C-Class hefur fimmfaldast úr 10% í 50%. Fyrir vikið er bifreiðin 100 kílóum léttari en áður, brennir 20% minna eldsneyti og dregið hefur verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Á síðustu 20 árum hefur álnotkun að jafnaði þrefaldast í bifreiðum í Evrópu. Gert er ráð fyrir að hún tvöfaldist til ársins 2025 og fyrir vikið er talað um álbýltingu í bílaiðnaðinum. Íslenskt ál er notað í Benz C-Class.



samál
SAMTÖK ALFRAMLEIÐENDA



Mercedes-Benz C-Class



HVUNNDAGSHETJA ÁRSINS

Sigurður Hallvarðsson

Sigurður Hallvarðsson er Hvunndagshetja ársins fyrir að vera öðrum góð fyrirmynd þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Hann safnaði tíu milljónum króna til styrktar Ljósínu við Langholtsveg með áheitaöngu í roki og rigningu frá Hveragerði til Reykjavíkur. Einnig safnaði hann peningum til kaupa á sjónvörpum fyrir langveik börn sem dvelja í Rjóðrinu þegar hann var í hvíldarinnlögn á líknardeildinni nú nýverið, en hann glímir sjálfur við erfið veikindi.

Sigurður Hallvarðsson greindist með heilaæxli fyrir tæpum 10 árum og hefur notið stuðnings og endurhæfingar í Ljósínu. Hann hefur farið í fjölda aðgerða til að fá fá meina sinna bót. Í maí síðastliðnum kom í ljós að fjöldi meina hafði tekið sér bólfestu í heila Sigurðar sem í kjölfarið afþakkaði geisla- og lyfja-meðferð.

Glaðastur þegar hann gleður aðra

Elsti sonur Sigurðar, Snorri, segir pabba sinn góðan mann sem setji annarra hagsmuni fram yfir sína eigin. „Hann hefur alltaf verið þannig. Pabbi er mjög vinmargur og ég hef aldrei heyrt neitt annað en góða hluti um hann sagt. Hann er einfaldlega besti pabbi í heiminum og með betri mannverum sem ég hef kynnst,“ segir Snorri og segir pabba sinn vel að verðlaununum kominn. „Allir tilefndir eru að gera algjörlega frábæra hluti. Það sem er kannski sérstakt í hans tilviki er að maður í hans ástandi skuli standa fyrir svona söfnunum, líkt og hann gerði fyrir Ljósíð og Rjóðrið, í staðinn fyrir að slappa af og einbeita sér að sínum veikindum. En hann er einfaldlega ekki þannig. Hann hefur alltaf sagt að það sem geri hann glaðastan sé að gera eitthvað til þess að gleðja aðra.“

Truflaði vinnandi fólk

Snorri sá um að skutla pabba sínum í meðferðir í nokkra mánuði. „Það var frekar sérstakt, því að ég kynntist honum allt öðru vísi en hann er í kringum fjölskylduna. Til dæmis var það algjört aðalatriði að stoppa í Ljósínu til þess að gleðja konurnar þar og svo var haldið á aðra staði „að trufla vinnandi fólk“ eins og hann kallaði það sjálfur. Svo heimsóttum við reglulega Kristínu sem var með honum á Grensá í endurhæfingu og er móðir gamallar kærustu hans og bekkjarsystur. Hann hefur haldið góðu sambandi við hana og leyfir henni að fylgjast mjög vel með öllu sem hann gerir og dóttur hennar líka. Eins og ég sagði áður setur hann hagsmuni annarra á undan sínum eigin.“

Fjölskyldan stendur þétt saman

Veikindi Sigurðar hafa haft veruleg áhrif á fjölskylduna, eins og gefur að skilja. „Áhrifin eru bæði góð og slæm. Flest börnin ólust upp við það að pabbi var veikur og hann þurfti oft að hvíla sig aðeins meira en aðrir. Við lærðum að lifa með því og aðlagast. En ég vil meina að við í fjölskyldunni höfum færst nær hvert öðru eftir því sem veikindin urðu alvarlegri. Það hefur farið mikið í að búa okkur undir þetta sem er vissu-

lega erfitt. Við höfum verið að fara á námskeið og fundi og reynt að leita alls kyns úrræða til þess að vinna úr þessu öllu saman. En við erum öll mjög sátt og þakklát fyrir þennan tíma sem við höfum fengið með pabba. Hann hefur ekki mikið sýnt að hann sé veikur, hvorki í fjölmiðlum né heima fyrir, hann er bara eins og hann er. Nú þegar veikindin eru að ná hámarki er þetta mjög erfitt fyrir alla – en við reynum að passa upp á hvert annað og vera til staðar fyrir alla.“

Undirbjó áheitaönguna í heilt ár

Erna Magnúsdóttir er forstöðukona Ljósins. Hún segir alla þá sem hafi kynnst Sigurði í Ljósínu brosa þegar um hann er rætt. „Hann er maður með fallegt hjarta og fallega sál,“ segir Erna og bætir við að áheitaöngun sem Sigurður hafi farið fyrir hafi verið gríðarlega þýðingarmikil fyrir Ljósíð. „Siggí hafði talað um skipulagningu göngunnar í heilt ár. Gangan hófst í myrkri og rigningu frá Hveragerði en það var mjög glatt yfir öllum. Siggí var glaður og stoltur yfir að nú væri þessi langþráði draumur að rætast. Hann vann þrekvirkni þennan dag, hann gekk til Reykjavíkur, spastískur á vinstri fæti en lét það ekki á sig fá. Góðvinur hans Willum Þór gekk alla leið með honum ásamt fleiri góðum vinum. Um 200 manns söfnuðust saman fyrir framan Holtagarða og gengu með honum síðasta spólinn og svo var haldin gleði- og þakkarsamkoma í Ljósínu þar sem Siggí var hylltur.“ segir Erla, og bætir við að hann hafi stórt hjarta og hafi allan sinn tíma í Ljósínu hugsað um hvað hann geti gert til að styðja við bakið á starfseminni.

Engum öðrum líkur

„Eftir að Siggí lauk göngunni þá kom smá tómarúm hjá honum og hann vildi fá fleiri verkefni,“ segir Erla en þar sem Ljósíð þarf að reida sig að miklu leyti á styrki frá þjóðfélaginu þá hélt hann ótraudur áfram að vinna starf í þágu Ljósins. „Hans næsta verkefni var að safna falletum og nyt-samlegum munum í jólabúð Ljósins sem var opin í desember. Það varð úr að Siggí fór um allan bæinn og safnaði fullt af flottum munum sem svo voru seldir með mikilli gleði til styrktar starfseminni.“

Á þessu ári datt Sigurði í hug að fá vini sína til að gefa Ljósínu lag sem væri tileinkað starfseminni og að það gætu komið inn tekjur af því. „Hann talaði því við vin sinn Jón Ólafsson tónlistarmann og þar er að fæðast fallet Ljósíð sem verður tileinkað öllum þeim sem hafa glímt við krabba-mein. Siggí er engum líkur.“



Í FADMI FJÖLSKYLDUNNAR Frá vinstri Sölvi Páll, Breki Steinn, Aron, Sigurður, Hallvarður, Ágústa, Óskar og Snorri.

MYNDIR/ÚR EINKSAFNI



Í ÁHEITAGÖNGUNNI Sigurður Hallvarðsson ásamt Aroni, syni sínum.



Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Sigurður og synir hans Snorri, Hallvarður og Aron.



Í FRÍÍ Á SPÁNI Sigurður og synirnir, Aron, Hallvarður og Snorri.

„Það sem er kannski sérstakt í hans tilviki er að maður í hans ástandi skuli standa fyrir svona söfnunum, líkt og hann gerði fyrir Ljósíð og Rjóðrið, í staðinn fyrir að slappa af og einbeita sér að sínum veikindum.“

Snorri Sigurðarson, elsti sonur Sigurðar

5
ÁRA
Ábyrgð
Ótakmarkaður
Akstur
5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur



OPIÐ Í DAG, LAUGARDAG FRÁ 12-16

Minnsti skemmtistaður í heimi

Nýr Hyundai i10 4G Wi-Fi

Verðlaunabíll frá 1.990.000 kr.

Nýr Hyundai i10 hefur unnið til 10 verðlauna á síðastliðnum fjórum mánuðum og er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Með fullkominni 4G Wi-Fi tengingu geta farþegar auðveldlega breytt i10 í minnsta skemmtistað í heimi og sent beint frá skemmtilegum bíltúr með góðum vinum. Gerðu eitthvað skemmtilegt!

Hyundai i10 - eldsneytisnotkun: 4,7 l/100 km í blönduðum akstri*

Núi bíllinn er Hyundai



Kaupauki!

Nýr iPad
Mini fylgir
öllum nýjum
Hyundai i10 4G Wi-Fi

Siminn

Hyundai i10 er tengdur dreifikerfi
Simans um land allt



HYUNDAI NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai - Kaupúni 1 - Beint á móti IKEA - Sími: 575 1200
www.hyundai.is - www.facebook.com/hyundai.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400


Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR ÁRBORG



ADFERDAFRÆÐIN Hringt var í 813 þar til náðist í 604 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki þriðjudaginn 14. maí. Svarhlutfallið var 74 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Alls tóku 62,4 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

Framkvæmdastjóri nær ekki kjöri

Sjálfstæðisflokkurinn tapar meirihluta sínum í Árborg samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Framkvæmdastjóri Árborgar er í baráttusæti flokksins og nær samkvæmt því ekki kjöri. Framboðin í bænum leggja áherslu á velferðarmál, atvinnu og fjármálin.

Brjánn Jónasson

brjann@frettabladid.is



Sjálfstæðisflokkurinn missir hreinan meirihluta bæjarfulltrúa í Árborg í komandi sveitarstjórnarkosningum samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins.

Flokkurinn, sem fékk 50,1 prósent atkvæða í sveitarstjórnarkosningunum 2010 og fimm bæjarfulltrúa af níu, mælist nú með stuðning 35,1 prósentis íbúa og fjóra bæjarfulltrúa.

Ásta Stefánsdóttir, sem ráðin var framkvæmdastjóri Árborgar, er í fimmta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins og nær hún ekki sæti í bæjarstjórn miðað við þessa niðurstöðu. Enginn bæjarstjóri er í bænum en framkvæmdastjórinn hefur sama hlutverki að gegna og bæjarstjórnar í öðrum sveitarfélögum.

Framsóknarflokkurinn styrkir stöðu sína lítillega í prósentum, en sökum þess hvernig atkvæði dreifast gætu þeir bætt við sig tveimur bæjarfulltrúum á þeirri litlu viðbót. Flokkurinn nýtur nú stuðnings 22,7 prósentra kjósenda og fengi þrjú bæjarfulltrúa kjörna. Alls kusu 19,6 prósent flokkinn í síðustu kosningum og endaði hann með einn bæjarfulltrúa kjörinn.

Björt framtíð býður fram í fyrsta skipti í Árborg, og fengi samkvæmt könnuninni svo til sama fylgi og Samfylkingin. Alls stýðja 14,7 prósent Bjarta framtíð og fengi flokkurinn einn mann í bæjarstjórn út á þann stuðning.

Samfylkingin hefur tapað fjórðungi af fylgi sínu frá síðustu kosningum, fær 14,9 prósent atkvæða en var með 19,7 prósent í síðustu kosningum. Flokkurinn fengi samkvæmt þessu einn bæjarfulltrúa, en er með tvo í dag.

Vinstri græn missa sinn eina bæjarfulltrúa fari kosningar í takt

við skoðanakönnun Fréttablaðsins. Flokkurinn fengi samkvæmt könnuninni 7,3 prósent atkvæða, en fékk 10,5 prósent í kosningunum árið 2010.

Í könnun Fréttablaðsins sögðust 4,9 prósent ætla að kjósa Pírata, en flokknum tókst ekki að koma saman lista í sveitarfélaginu.

Afar lítil hreyfing þarf að verða á fylgi Framsóknarflokks, Samfylkingarinnar eða Bjartrar framtíðar til að þriðji maður Framsóknarflokks detti út fyrir annan mann Samfylkingarinnar eða Bjartrar framtíðar.

Velferð og gegnsæi

Vinstri græn í Árborg leggja áherslu á velferðarmál og gegnsæi í þjónustu við íbúa, segir Andrés Rúnar Ingason, oddviti flokksins í Árborg.

„Vinstri græn boða nýja hugsun um mótun samfélagsins. Þessari hugsun er best lýst með orðunum: Fyrir okkur öll – á ábyrgð okkar allra,“ segir Andrés.

Flokkurinn vill gera leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili gjaldfrjáls, í áföngum á kjörtímabilinu, og greiða meira niður tómsundaiðkun barna.

„Börn ráða ekki aðstæðum sínum og sem samfélag getum við gefið þeim jöfn tækifæri út í lífið,“ segir Andrés.

Flokkurinn vill einnig að almenningsamgöngur í sveitarfélaginu verði aftur gjaldfrjálsar, og þær verði lagaðar að þörfum íbúanna. Þá vill hann að strætisvagnar aki um helgar.

„Við viljum auka áhrifavald íbúa með bættu aðgengi að upplýsingum og ákvarðanatökum,“ segir Andrés. Liður í því er að bæjarstjórnarfundir séu teknir upp og verði gerðir aðgengilegir á netinu, auk þeirra beinu útsendinga sem nú tíðkast. Þá eigi gögn sem snerta ákvarðanir að liggja fyrir á vef þegarinnar.

„Við viljum að haft verði samráð

við íbúa allt kjörtímabilið með skipulögðum hætti, og leita eftir viðhorfum þeirra og vilja með kosningum um mikilvæg mál,“ segir Andrés.

Forgangsraða í velferðarmálum

Velferðarþjónustu Árborgar hefur farið aftur á sumum sviðum, segir Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Samfylkingarinnar í Árborg. Hann segir flokkinn vilja forgangsraða í velferðarmálunum.

„Við leggjum megináherslu á að bæta húsnæðisaðstöðu fatlaðs fólks, hækka frístundastyrkina úr 15 þúsund í 26 þúsund, hækka endurgreiðslur vegna þjónustu dagmæðra og bæta félagsaðstöðu eldri borgara,“ segir Eggert.

Hann segir ófremdarástand ríkja á leigumarkaði og að lítið hafi verið gert til að bæta úr því.

„Við ætlum að leiða saman verkataka og fjárfesta til að byggja litlar og meðalstórar leiguíbúðir sem henta ungu og tekjulágu fólki.“

Eggert segir mikilvægt að beita afli sveitarfélagsins til að laða að fyrirtæki og bæta uppbyggingu atvinnutækifæra. „Við viljum sjá uppbyggingu Selfossflugvallar, með tilliti til kennsluflugs og einkaflugs.“

Mikil vöntun er á hjúkrunarrýmum í Árborg og Samfylkingin leggur áherslu á að fjölga þeim. Hvað fjármál Árborgar varðar segir Eggert að leggja þurfi áherslu á niðurgreiðslu skulda og eflingu tekjustofna sveitarfélagsins á næsta kjörtímabili.

Atvinnu- og velferðarmálin

Velferðarmál og atvinnumál eru ofarlega á baugi hjá Helga Sigurði Haraldssyni, oddvita Framsóknarmanna í Árborg. Flokkurinn leggur áherslu á uppbyggingu hjúkrunar- og dvalarrýma í sveitarfélaginu og vill stækka aðstöðu fyrir félagsstarf eldri borgara.

Helgi segir flokkinn vilja hækka íþrótt-, tómsunda- og æskulýðs-

styrki bæjarfélagsins í 25 þúsund krónur á ári.

„Varðandi skólamálin viljum við styrkja innviði skólakerfisins með áherslu á árangur og vinna að stofnun lista- og verknámsdeildar á grunnskólastigi í samvinnu við framhaldsskólann og atvinnulífið,“ segir Helgi.

Framsóknarflokkurinn vill ráða atvinnu- og ferðamálafulltrúa til starfa í sveitarfélaginu og koma upp aðstöðu fyrir ör- og sprotafyrirtæki.

„Við leggjum mikla áherslu á að vinna að aukinni sjálfbærni og ráðdeild í rekstri sveitarfélagsins og að verkefnum verði forgangsraðað. Vinna þarf góðar langtímaáætlanir í samvinnu við íbúa og notendur og undirbúa verkefni vel svo áætlanir standist og hægt sé að treysta því. Með því fæst mun meiri sátt í forgangsróðunina,“ segir Helgi.

Viðsnúningur í rekstri Árborgar

Sjálfstæðisflokkurinn í Árborg stefnir að áframhaldandi ábyrgri stjórnun fjármála og stöðugleika í rekstri, segir Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar, sem skipar fimmta sætið á lista flokksins í komandi kosningum.

Ásta segir mikinn viðsnúning hafa verið á rekstri þegarinnar á síðasta kjörtímabili. Afgangur hafi verið af rekstri og verulegur árangur náðst við lækku skulda.

Skuldahlutfallið, sem er hlutfall skulda og tekna sveitarfélagsins á ári, hefur farið úr 206 prósentum árið 2010 í 130 prósent árið 2014, segir Ásta.

„Með því að lækka skuldir gefst færi á að framkvæma meira. Stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu íþróttamannvirkja í samráði við íþróttahreyfinguna, uppbyggingu félagsaðstöðu fyrir eldri borgara, endurbótum í húsnæðismálum skóla og áframhaldandi gerð göngustíga,“ segir Ásta.

Sjálfstæðisflokkurinn vill efla almenningsamgöngur og tryggja nægjanlegt framboð byggingarlóða í öllum byggðarkjörnum Árborgar. Ásta segir einnig nauðsynlegt að halda áfram á þeirri braut sem hafi verið mörkuð með uppbyggingu fræðsluviðs og netvæðingu skólanna.

„Það er nauðsynlegt að halda því sem áunnist hefur varðandi lækku skatta og gjalda. Þannig njóta íbúarnir þess að umbætur hafa orðið í rekstri sveitarfélagsins, en fasteignaskattar hafa nú lækkað þrjú ár í röð,“ segir Ásta.

Tryggja lífsgæði til lengri tíma

„Björt framtíð í Árborg stendur fyrir nýja nálgun á stjórnmál,“ segir Viðar Helgason, oddviti flokksins í Árborg.

Hann segir flokkinn leggja áherslu á framtíðarsýn sem hæfi jafn fjölbreyttu sveitarfélagi og Árborg. „Við viljum horfa til langs tíma og tryggja lífsgæði allra íbúa.“ Nútímavæða þarf skólakerfið og koma til móts við þarfir allra barna, segir Viðar.

Hann segir að stuðla þurfi að uppbyggingu dvalarheimila fyrir aldraða og tengja hana við sjúkrahúsið á Selfossi.

„Við viljum stuðla að auknu framboði í atvinnu og stýðja við nýsköpun og sprotafyrirtæki, sérstaklega í ferðarþjónustu. Við viljum að styrkleiki hvers byggðarkjarna fái að njóta sín, saga þeirra, náttúra og sérstaða,“ segir Viðar.

Björt framtíð vill að almenningsamgöngur innan sveitarfélagsins verði lagaðar að þörfum íbúa, bæði að skóla og atvinnu. Þá þurfi að vinna skipulagsmál í samvinnu við íbúana, og gæta þess að horfa til langs tíma og fórna ekki meiri hagsmunum fyrir minni. „Árborg er ein heild og þannig ber að skipuleggja það,“ segir Viðar.

FRAMBOÐSLISTAR Í ÁRBORG

F Framsókn

1. sæti Helgi S. Haraldsson
2. sæti Íris Böðvarsdóttir
3. sæti Ragnar Geir Brynjólfsson
4. sæti Karen Karlsdóttir Svendsen

D Sjálfstæðisflokkurinn

5. sæti Ásta Stefánsdóttir
1. sæti Gunnar Egilsson
2. sæti Sandra Dís Hafþórsdóttir
3. sæti Kjartan Björnsson
4. sæti Ari Björn Thorarensen

S Samfylkingin

1. sæti Eggert Valur Guðmundsson
2. sæti Arna Ír Gunnarsdóttir
3. sæti Guðlaug Einarsdóttir
4. sæti Viktor Stefán Pálsson

V Vinstri grænir

1. sæti Andrés Rúnar Ingason
2. sæti Margrét Magnúsdóttir
3. sæti Haukur Örn Jónsson
4. sæti Elín Finnbogadóttir

Æ Björt framtíð

1. sæti Viðar Helgason
2. sæti Eyrún Björg Magnúsdóttir
3. sæti Már Ingólfur Másson
4. sæti Guðrður Ester Geirsdóttir

Það er gaman að fá sér splunkunýjan ferðavagn

Það er spennandi að taka á móti nýju fellihýsi, tjaldvagni eða hjólhýsi sem verður annað heimili fjölskyldunnar sumarlangt. Með faglegri ráðgjöf og góðri þjónustu hjálpum við þér að fjármagna það sem upp á vantar til að þú getir eignast ferðavagninn.

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is

ergo 



netto

Kræsingar & kostakjör

-40%

GRÍSAGRILLSNEIÐAR
STJÖRNUGRÍS
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.498,-

899,-

-40%

GRÍSAKÓTELTUR
M/BEINI KRYDDAÐ
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.798,-

1.079,-

KJÚKLINGUR
ÍSFUGL HEILL - FERSKUR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.049,-

797,-

SVEPPIR
250 G BOX
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 298,-

149,-

-50%

KLEINUHRINGUR
NÝBAKAÐUR
STYKKJAVEÐ
VERÐ ÁÐUR 189,-

95,-

-25%

COOP BLÁBER STÓR
250 G
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 399,-

299,-

-25%

JARÐARBER
ALLETIDERS FROSIN 400 G
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 299,-

224,-

Tilboðin gilda 15. - 18. maí 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

-40%



**GRÍSAHRYGGJAFÍLE MARINERAÐ
STJÖRNUGRÍS
KÍLÓVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 2.498,-

1.499,-

-25%



**LAMBALÆRISSEIÐAR
GRILL M/SALT OG PIPAR
KÍLÓVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 2.398,-

1.799,-

-40%

**KH ÞORSKBITAR
RÖÐ OG BEINLAUSIR -FROSID
KÍLÓVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 1.498,-

899,-



**COOP FRANSKAR
RIFFLAÐAR 900G
POKAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 439,-

347,-

-30%



**NICE'N EASY PIZZUR
4 TEGUNDIR - STEINBAKAÐAR
STYKKJAVEÐ**
VERÐ ÁÐUR 426,-

298,-


www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




MORÐMÁLIÐ Í ENGIHJALLA

Áslaug Perla fór í gleðskap með vinum sínum í maí árið 2000. Hún sneri ekki aftur heim. Hún hitti mann í miðbæ Reykjavíkur og fannst látin skömmu síðar.



ENGIHJALLI 9 Árásarmaður Áslaugar Perlu henti henni yfir svalirnar á blokkarfbúð í Kópavogi.



FANGELSAÐUR FYRIR MORÐ Árásarmaður Áslaugar Perlu hlaut fjórtán ára fangelsi fyrir morðið en Hæstiréttur þyngdi refsinguna um tvö ár.

Syrgir það sem hefði orðið

Á aldamótaárinu 2000 reið hrina manndrápa yfir þjóðina. Fimm fórnarlömb lágu í valnum og eitt þeirra var Áslaug Perla Kristjónsdóttir. Áhrif voðaverka af þessu tagi ná ekki einungis til fórnarlambanna sjálfra heldur verða afleiðingarnar þungbærar fyrir fjölskyldurnar sem standa eftir brotnar. Morðmálið í Engihjalla er þar engin undantekning.

Áslaug Perla Kristjónsdóttir var 21 árs, fædd í janúar árið 1979. Föstudagskvöldið 26. maí árið 2000 hélt Áslaug Perla í gleðskap með vinum sínum og sneri aldrei aftur heim eftir þetta örlagaríka kvöld. Hún hitti mann í miðbæ Reykjavíkur eftir að skemmtistöðum bæjarins hafði verið lokað þetta kvöld og fannst látin skömmu síðar.

„Hún var pínulítill snillingur, fljót að læra að lesa, ári á undan í skóla, ákveðin, þorin. Hún hafði þörf fyrir að skapa.“ Þetta segir Ragnheiður Kristjónsdóttir, systir Áslaugar Perlu, sem hefur aldrei tjáð sig um mál systur sinnar fyrir en nú.

Dagarnir í kjölfarið þungbærir

„Manni finnst fyrsti dagurinn sem maður fréttir þetta ofsalega erfiður en þá veit maður ekki hvað á eftir að koma. Það sem kemur á eftir verður oft miklu erfiðara. Þá áttar fólk sig á því að þetta sé veruleikinn. Hún kemur ekkert aftur og fólk syrgir manneskjuna gríðarlega, líka hvað hefði orðið.“ Áslaug Perla lést eftir að hafa verið kastað fram af svölum á 10.

hæð Engihjalla 9 þennan örlagaríka morgun.

„Þau eru þarna eitthvað uppi og að mínu viti gerist eitthvað þannig að hann beitir hana einhverju valdi og hendir henni yfir svalirnar,“ segir Ragnheiður.

Eins og dómínó

Héraðsdómur Reykjaness dæmdi Ásgeir Inga Ásgeirsson í 14 ára fangelsi fyrir morðið á Áslaugu Perlu. Hæstiréttur þyngdi refsinguna um tvö ár. Málið hefur tekið mikið á móður Áslaugar Perlu sem hefur aldrei verið sátt við dóminn. 14 árum eftir morðið skrifar hún reglulega greinar um málið og þá þætti þess sem henni finnst þurfa að leiðrétta.

„Ég veit ekki hvort nokkur skilji það þegar eitthvað svona gerist. Einhver sviptir aðra manneskju lífi og þá er þetta eins og dómínó, þú ert að eyðileggja allt í kringum þessa fjölskyldu. Þetta var ofsaleg sorg og ofsalegur missir. Það er erfitt að sætta sig við að svona gerist, eitthvað sem er algjör óþarfi og átti aldrei að gerast,“ segir Ragnheiður að lokum. Fjallað verður ítarlega um málið í þættinum Íslenskir ástríðuglæpir á Stöð 2 klukkan 20.50 á sunnudagskvöld.

“Hún kemur ekkert aftur og fólk syrgir manneskjuna gríðarlega, líka hvað hefði orðið.”

Ragnheiður Kristjónsdóttir



MISSTI SYSTUR Ragnheiður segir Áslaugu Perlu hafa verið mjög skapandi.



GÆLUDÝR

LAUGARDAGUR 17. MAÍ 2014

Kynningarblað Fóður, ræktun, snyrtivörur og beituhlaup.

Var með hundahár á heilanum

ARION-fóðrið frá Líflandi hefur verið vinsælt meðal gæludýraeigenda. Margrét Mekkin á Labradorhund sem hún sér mikinn mun á eftir að hún fór að gefa honum ARION Premium Lamb & Rice en það er sérstaklega ætlað fyrir betri húð og feld.

Flestir hundaeigendur þekkja hvítleitt vandamál sem fylgir vorinu. Þegar sól hækkar á lofti hrynja gjarnan hárin af ferfættu vinunum okkar. Margrét Mekkin á Labradorhundinn Konna og þekkir þetta vandamál vel. Hún hóf störf hjá Líflandi fyrir nokkrum mánuðum og kynntist þar ARION-fóðrinu sem Lífland er með umbod fyrir. „Ég var að verða geðveik á hárlosi hundsins og þurfti orðið að ryksuga tvisvar sinnum á dag. Það voru hundahár alls staðar, á fötunum mínum, í bílnum, meira að segja í smjörinu!“ Margrét segir kímín að hún hafi meira að segja reynt að ryksuga hundinn en ekkert hafi virkað. „Svo prófaði ég að kaupa ARION Premium Lamb & Rice-fóðrið þar sem það er sérstaklega ætlað fyrir betri húð og feld. Ég hafði engar sérstakar væntingar um að ástandið myndi batna en það kom skemmtilega á óvart að hárlosið minnkaði töluvert eftir að hann hafði verið á fóðrinu í nokkrar vikur. Það þekkja það líka allir hundaeigendur að það er engin „Colgate-lykt“ út úr þessum elskum en mér fannst andremman líka minnka mjög mikið.“



Margrét með Konna sem fer minna úr hárum eftir að Margrét fór að gefa honum fóður frá ARION.

Náttúruleg innihaldsefni

„Ég gef Konna einu sinni á dag og hef tekið eftir því að hann nýtir fæðið miklu betur núna en hann hefur gert áður. Ég vil hundinum mínum auðvitað það besta og það gleður mig sérstaklega að fá svona góð gæði fyrir gott verð.“ ARION-vörurnar eru einstaklega bragðgóðar en leyndarmálið á bak við góða bragðið er einstök blanda vel valinna, náttúrulegra innihaldsefna sem eru laus við gerviefni í litar- og bragðefnum. „Það

skemmir auðvitað ekki fyrir að hann er gjörsamlega sjúkur í þetta fóður. Á slaginu sex sest Konni við dallinn sinn og bíður eftir því að fá að borða. Ef maður bregst ekki nógu fljótt við lætur hann mann alveg vita að maður er að gleyma honum.“

Fjölbreytt úrval

ARION-fóðrið verður sífellt vinsælla hjá gæludýraeigendum og fæst nú hjá fjölmörgum endur-

söluadílum um allt land. Framleiðendur ARION vita að gott fóður er grundvöllur góðrar heilsu og hafa sérfræðingar þeirra, í samvinnu við rannsóknasetur virtra háskóla, þróað heildstætt úrval fóðurs sem tryggir það besta sem besti vinurinn þarfnast. Tekið er tillit til nýjustu rannsókna og framfara á þessu sviði í samsetningu og framleiðslu fóðursins.

Til eru þrjár línur af ARION-

fóðri. ARION Friends, sem er gott fóður á góðu verði, ARION Premium, sem er hágæðafóður og er sérstakt fóður fyrir allar stærðir og gerðir af hundum. Nýlega bættist svo þriðja línan við, sem heitir ARION Health & Care og er ofnæmisfóður.

Mikill munur á hundinum

Margrét hefur séð mikinn mun á Konna eftir að hún skipti yfir í ARION-fóður.

„Labradorum fylgir oft bæði hárlos og eyrnabólga og Konni var búinn að vera með þráláta eyrnabólgu stanslaust í tvö ár. Ég var búin að reyna svo til allt, setja hann á alls konar lyf og ég veit ekki hvað, en það var ekki fyrr en ég bæði skipti um fóður og fékk dropa frá dýralækninum sem eyrnabólgan fór loksins. Ég er ekki að segja að droparnir hafi ekki átt sinn þátt í því, en ég held að fóðrið hafi alls ekki skemmt fyrir.“



BESTI VINUR ÞINN ER BESTI VINUR OKKAR

Arion dýrafóður er unnið út frá rannsóknum á því hvað það er sem besti vinur þinn þarfnast og þróað með það í huga. Því besti vinur þinn á aðeins það besta skilið.

ARION



Hundarnir hlaupa með léttu múla sem eru sérstaklega hannaðir til að þeir geti opnað munninn og andað auðveldlega. „Það kemur í veg fyrir að þeir geti glefsað hver í annan og kemur í veg fyrir að þeir slasi sig ef þeir ná að bíta í beituna á hlaupum,“ segir Kristín.
MYND/BINNIO

Mjóhundar elska beituhlaup

Beituhlaup er veiðifrótt sem hönnuð er fyrir mjóhunda. Þannig geta þeir fengið útrás fyrir eðli sitt sem felst í því að elta uppi og veiða kanínur. Sportið hefur verið stundað á Íslandi síðastliðin ár og veitir bæði hundum og eigendum ómælda skemmtun og gleði.

Til að stunda beituhlaup þarf í fyrsta lagi stórt tún langt frá umferð og truflun og í öðru lagi beituhlaupstæki sem er í raun ekkert annað en risastórt tvinnakæfli með mótör,“ útskýrir Kristín Þorvaldsdóttir, sem var fyrsti formaður mjóhundadeildar Hundaræktarfélag Íslands og á sjálf þrjá hunda af Whipped-kyni.

„Hlaupið var hannað til að koma í stað kanínuveiða en mjóhundar voru upphaflega ræktaðir til veiða, sér í lagi kanínuveiða sem í dag eru víðast hvar ólöglegar. Beituhlaupið veitir

hundunum því útrás fyrir eðli,“ segir Kristín. Hlaupið er bæði fyrir stærri og minni mjóhunda.

Fyrir hverja æfingu er lögð braut sem hundarnir hlaupa eftir. Það er gert með því að draga spotta úr beituhlaupskeflinu og leggja það í ýmsum hlykkjum með ákveðnum aðferðum. Í enda spottans er fest annaðhvort héraskinn, plastpokaræmur eða tuskudýr. Hundunum er síðan stillt upp við enda brautarinnar, tveimur í einu, og sleppt þegar tækið er sett af stað og dregur bandið á allt að 90 km hraða á

klukkustund. „Þá byrjar endinn með agninu að skoppa og hundarnir verða óðir í að elta. Þegar tækið stoppar við enda brautarinnar fá hundarnir síðan að skoða agnið eða bíta,“ segir Kristín og telur hundana fá afar mikið út úr þessum æfingum. „Þeim finnst þetta rosalega gaman og geta ekki á heilum sér tekið fyrir en þeim er sleppt til að elta beituna,“ segir hún brosandí.

Mjóhundadeild HRFÍ er ung að árum, var ekki stofnuð fyrir en 2007. „Þá voru ekki nema um 30 til 40 mjóhundar til á landinu. Við ákváðum samt strax að safna fyrir beituhlaupstæki,“ segir Kristín en tækið góða kom til landsins tveimur árum síðar. „Síðan þá hafa verið æfingar á hverju sumri á um það bil hálf mánaðar fresti. Hver æfing tekur upp í hálfan dag en um tíu til tuttugu hundar eru á hverri þeirra,“ lýsir Kristín.

Þótt beituhlaupið sé sérsniðið að mjóhundum hafa aðrar hundategundir verið velkomnar á æfingu. „Við köllum þá feithunda til mót-vægis við mjóhunda,“ segir Kristín

kímin en margir þessara hunda eru ekkert síðri en mjóhundarnir í að elta beituna. „Til dæmis hefur verið hér Papillion-hundur sem skákar flestum í áhuga,“ segir hún hlæjandi.

Ekki hefur enn verið haldin beituhlaupskeppni hér á landi en til þess þarf tvo erlenda dómara sem dýrt er að flytja inn. „Við höfum samt gert um tuttugu hunda keppnishæfa og alltaf á stefnuskránni að halda keppni.“

Ekki er búið að ákveða formlegt æfingaplan fyrir sumarið en áhugasamir geta fylgst með á Facebook-síðunni Beituhlaup á Íslandi.



Hundarnir eru afar spenntir áður en þeir fá að spretta úr spori.
MYND/BINNIO



Hundarnir fá að ná beitunni í lok hlaupsins.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir, 512 5434, bryndis@365.is
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

HVÍLÍK HUNDAHEPPNI!

Loksins er komið á markaðinn sjúkrafóður á viðráðanlegu verði. Er hundurinn þinn með ofnæmi, viðkvæman feld, gigt eða mjaðmalos? **ARION sjúkrafóðrið** er þróað í samstarfi við dýralækna með það fyrir augum að skapa okkar bestu vinum betri heilsu og lífshamingju.

ARION

Gott verð

Náttúruleg hráefni

Góð næring



Hundar vilja ekki gervitennur
þeir vilja DentaStix®



Minnkar myndun tannsteins um allt að 80%*
*Við daglega notkun

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



GRÓÐURGANGA UM ELLIÐAÁRDAL
Skemmtileg ganga verður farin frá bókasafninu í Árbæ, Ársafni, Hraunbæ 119, á morgun kl. 14 í Elliðaárdal. Viðfangsefni göngunnar er Gróður og saga. Göngumenn verða fræddir um hið fjölbreytta gróðurfur Elliðaárdals og hvernig það hefur breyst frá fyrri tíð.

Færri kíló - Minna ummál með spínat extrakt **Nýtt á Íslandi**

Aptiless: Mest selda þyngdarstjórnunarefnið í Noregi og Svíþjóð. Hungurtilfinning minnkar strax frá fyrstu notkun. Inniheldur yfir 100 mismunandi próteinefni. Einn skammtur jafngildir fimm bollum af fersku spínati. 100% náttúrulegt. **Thylakoids:** Dregur úr hungri - Eykur mettun - Minnkar sykuröngun - Jafnar blóðsykur Lækkar blóðfitu, kólesterol og blóðþrýsting - Minnkar ummál Fækkar aukakílóum - Eykur orku - Bætir þarmaflóru.

Vísindaleg sönnun á virkni

Rannsóknir gerðar af Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð ásamt fleiri virtum rannsóknarstofnunum. **Nýtt í heiminum - nýtt á Íslandi**



Dr. Charlotte Erlanson-Albertsson, Prófessor við Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð

Ein merkasta nýja uppgötvunin sem gerð hefur verið í heiminum dag

Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsöluastaðir flest apótek og heilsuþúðir.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




SAFT



HÁRIÐ VARÐ LÍFLEGRA

Selma Björk sá mikinn mun á hári sínu eftir að hafa tekið Hair Volume í tvo mánuði. MYND/VILHELM




STUÐLAR AÐ LÍFLEGRA HÁRI

ICECARE KYNNIR Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með. Aðeins ein tafla af Hair Volume á dag og hárið verður líflegra og þykkara.

Selma Björk Grétarsdóttir var farin að taka eftir að hár hennar hafði þynnst og var orðið mjög þurr og slitið. „Ég ákvað að prófa Hair Volume sem ég hafði séð auglýst og fljótlega sá ég að hárið varð miklu líflegra. Mér finnst einnig vera kominn gljái á hárið og finn að það hefur þykknað þótt ég sé einungis búinn að taka Hair Volume í tvo mánuði. Ég hef litað hárið reglulega og þarf því að gæta þess að það þorni ekki of mikið. Ég get hiklaust mælt með Hair Volume fyrir þær sem eru í sömu stöðu og ég,“ segir Selma.

NÝ UPPFINNING

Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit – hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsí, kísli og B-vítamínunum.



Rauði krossinn í Reykjavík óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Leitað er að öflugum einstaklingi til krefjandi stjórnunar- og leiðtogastarfa þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.

- Framkvæmdastjóri stjórnar daglegum rekstri Rauða krossins í Reykjavík og ber ábyrgð á starfsemi.
- Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að starfsemi sé í samræmi við stefnu stjórnar og samþykktir Rauða krossins á Íslandi.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Stjórnar daglegum rekstri Rauða krossins í Reykjavík
- Fylgir eftir stefnu félagsins, ákvörðunum stjórnar og samþykktum aðalfundar
- Ber ábyrgð á starfsemi Rauða krossins í Reykjavík gagnvart stjórn deildarinnar
- Stýrir og ber ábyrgð á rekstri skrifstofu og annarri starfsemi sem heyrir undir Rauða krossinn í Reykjavík
- Stuðlar að góðum tengslum við aðrar deildir félagsins og landsskrifstofu
- Að öðru leyti fer um starfssvið hans eftir stefnu og fyrirmælum sem stjórn Rauða krossins í Reykjavík gefur

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Þekking á sjálfbóðinni þjónustu mikill kostur
- Áhersla er lögð á samskiptahæfileika
- Miklir frumkvæðis- og skipulagshæfileikar
- Góð tungumálakunnátta er skilyrði
- Þekking á samningagerð

Upplýsingar veitir:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní nk.

Umsóknir ásamt ferilskrá og fylgigögnum óskast fylltar út á www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Sumarstörf á Sólheimum.



Sumarafleysing í félagsþjónustu Sólheima

Helstu verkefni eru stuðningur við fatlað fólk. Um er að ræða vaktavinnu þar sem unnið er í 7 daga og frí í 7 daga.

Aðstoð í bakarí Sólheima

Óskum eftir aðstoðarmann við bakstur í sumar. Bakaríið er lífrænt vottað og framleiðir brauð, kökur og tertur sem eru til sölu í völdum verslunum og kaffihúsi Sólheima.

Starfsmenn í kaffihús- og verslun Sólheima.

Við erum að leita eftir þjónustuglöðum einstaklingum frá byrjun júní til ágústloka.

Leitað er eftir jákvæðum einstaklingum með ríka þjónustulund. Áhugi á lífrænum lífsstíl og umhverfismálum er kostur.

Skilyrði að einstaklingur sé eldri en 20 ára. Húsnæði er í boði á Sólheimum

Upplýsingar veitir Erlendur Pálsson, rekstrarstjóri Sólheima í netfangið ep@solheimar.is.
Nánari upplýsingar um starfsemi Sólheima er að finna á vef Sólheima www.solheimar.is

Sólheimar hafa starfað að mannrækt, umhverfis- og menningarmálum í 84 ár. Í byggðarhverfinu Sólheimum búa og starfa um 100 manns. Rekin er fjölþætt atvinnustarfsemi með garðyrkjustöð, skógræktarstöð, verslun, kaffihúsi, bakaríi, matvinnslu, jurtaskofu og gistiheimili. Á staðnum eru fimm mismunandi listasmiðjur, leirgerð, listasmiðja, kertagerð, vefstofa og smíðastofa. Menningarstafssemi er fjölþætt og á Sólheimum er listhús, sýningarsalir, höggmyndagarður, trjásafn, kirkja, fræðasetrið Sesseljuhús og íþróttaleikhús.



Matreiðslumaður óskast

Brasserie Ask Suðurlandsbraut 4a Reykjavík
vantar metnaðarfullan og duglegan matreiðslumann með réttindi eða mikla og almenna reynslu af matreiðslu.

Unnið er á vöktum 2-2-3
Ópið til kl. 22.00 öll kvöld.

Nánari upplýsingar í síma 8983595
eða haukur@askur.is



SNÆFELLSBÆR

Lausar kennarastöður við leik- og grunnskóla Snæfellsbæjar

Snæfellsbær auglýsir lausar kennarastöður við leik- og grunnskóla sveitafélagsins.



Í Snæfellsbæ eru tveir leikskólar, einn á Hellisandi og annar í Ólafsvík.

Leikskólarnir vinna með stærðfræði/numicon, málörvun barna og umhverfismennt.

Útfærslurnar eru ólíkar milli leikskóla. Farið inn á heimasíðu skólana og kynnið ykkur starf okkar frekar. <http://leikskolinn.is/kriلاكot> og <http://leikskolinn.is/kriubol/>.



Í Grunnskóla Snæfellsbæjar eru lausar eftirfarandi stöður: Almenn kennsla og umsjón á yngsta stigi, 2/3 staða textílmennna- og heimilisfræðikennarastaða og 1/2 staða í upplýsinga- og tækni- mennt á mið- og unglingsstigi skólans.

Nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu hans www.gsnb.is og á Fésbókarsíðu skólans, <https://www.facebook.com/grunnskolisnaefellsbaeajar?ref=hl> er að finna myndir úr starfi hans og annan fróðleik.

Nánari upplýsingar veitir Ingigerður Stefánsdóttir, leikskólastjóri leikskóla Snæfellsbæjar í síma 4336925/26 eða í pósthöfnu leikskolar@snb.is og Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar í síma 4339900 eða á pósthöfnu maggi@gsnb.is.

Umsóknarfrestur til og með laugardeginum 31.maí

Minnt er á eftirfarandi samhljóða grein í lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 og lögum um grunnskóla nr. 91 frá 2008:

„Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla/grunnskóla einstakling sem hlotið hefur refsiddóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.“

GÆÐASTJÓRNUNARDEILD



Helstu verkefni:

- Framkvæma gæðaúttektir
- Framkvæma öryggisúttektir
- Eftirfylgni með úrlausn gæðaúttekta
- Eftirfylgni með úrlausn öryggisúttekta
- Útbúa gögn fyrir byggingaryfirvöld
- Þróun á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins
- Vinna að ýmsum sérverkefnum sem tengjast gæðastjórnun

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku máli
- Góðir samskiptahæfileikar
- Stjórnunarhæfni
- Skipulögð og öguð vinnubrögð

Upplýsingar/umsóknir: Benedikt Egilsson rekstrar- og gæðastjóri
benedikt@tgverk.is, sími 824 8402

Fossaleyni 16 • 112 Reykjavík
Sími 534 8400 • www.tgverk.is



The EFTA Surveillance Authority ensures that the participating EFTA States - Iceland, Liechtenstein and Norway respect their obligations under the EEA Agreement. The Authority protects the rights of individuals and market participants who find their rights violated by rules or practices of the EFTA States. The Authority also enforces restrictions on state aid and ensures that companies operating in the EFTA States abide by the rules relating to competition. The Authority is located in Brussels and employs a total of 70 international staff.

Officers for the Internal Market Affairs Directorate

The Authority is seeking two case handlers for its Internal Market Affairs Directorate to be assigned responsibilities for surveillance work in relation to the EFTA States in the fields of

- General internal market law - in particular free movement of goods
- Transport - safety, security, freedom to provide services and establishment

Deadline for application: 5 June 2014.

Start date: Autumn 2014

To see the detailed vacancy notice including eligibility and selection criteria and conditions, please consult the Authority's career website <https://jobs.eftasurv.int>

All applications need to be submitted online.



HÁRGREIÐSLUFÓLK ATH.

Stóll til leigu, góð aðstaða,
næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.)
eða í síma 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO



Galdrastál sif. – Járnsmiðja

Óskum eftir að ráða vandvirkan starfsmann í smíði og
uppsetningu á framleiðsluvörum okkar.

Umsóknir sendist á galdrastal@gmail.com.

Einnig er hægt að fá upplýsingar í síma 869 8595, Sigurður

Twill

Twill vefnaðarvöruverslun óskar eftir starfsfólki.

Ef þú hefur áhuga á saumskap og kannt til verka og ert
hress og skemmtileg/ur þá endilega sendu okkur ferilskrána
þína með mynd á olof@twill.is

Skilafrestur umsókna er til 23. maí -
öllum umsóknum verður svarað



ÍÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI
FAGMENNSKA · VIRÐING · ÞEKING

Aðstoðarskólameistari

Við Íðnskólinn í Hafnarfirði er laus til umsóknar staða
aðstoðarskólameistara frá og með 1. ágúst 2014. Um er að
ræða fullt starf til fjögurra ára með möguleika á endur-
ráðningu. Aðstoðarskólameistari skal uppfylla skilyrði í
ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsrétt-
indum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og
skólastjóra. Aðstoðarskólameistari er staðgengill skóla-
meistara og vinnur með honum við daglega stjórn skólans
og rekstur.

Umsókn þarf ekki að skila á sérstöku eyðublaði. Með
umsókn skal fylgja ítarlegar upplýsingar um fyrri störf,
meðmælendur og menntun. Umsóknir skal senda til skóla-
meistara á netfangið arsaell@idnskolin.is eða á heimilis-
fang skólans: Íðnskólinn í Hafnarfirði, Flatahrauni 12, 220
Hafnarfjörður.

Umsóknarfrestur er til 6. júní 2014. Laun eru samkvæmt
gildandi kjarasamningi KÍ og fjármála- og efnahags-
ráðherra.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ársæll Guðmundsson,
skólameistari, arsaell@idnskolin.is sími 585 3600. Nánari
upplýsingar um Íðnskólinn í Hafnarfirði má sjá á heima-
síðu skólans www.idnskolin.is.

Skólameistari



FORSTÖÐUMAÐUR FÉLAGSÞJÓNUSTU



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Leitað er að kröftugum og metnaðarfullum einstaklingi sem hefur áhuga á að búa og starfa í einstöku
samfélagi.

Meðal helstu verkefna

Ábyrgð á þjónustu í búsetu og atvinnu.

Umsjón með starfsmannamálum.

Leiðir þverfaglegt starf félagsþjónustu Sólheima.

Samskipti og samstarf.

Þátttaka í að móta stefnu og framtíðarsýn.

Menntunar- og hæfniskröfur

Proskapjálfa menntun eða önnur fagmenntun sem nýtist í starfi.

Reynsla af starfi með fötluðu fólki.

Stjórnunarreynsla er nauðsynleg.

Jákvæðni og færni í samskiptum.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en 30. maí til Guðmundar Ármanns framkvæmdastjóra á netfangið
gap@solheimar.is.

Nánari upplýsingar um starfsemi Sólheima er að finna á vef Sólheima www.solheimar.is

Sólheimar hafa starfað að mannrækt, umhverfis- og menningarmálum í 84 ár. Í byggðarhverfinu Sólheimum búa og starfa um 100
manns. Rekin er fjölþætt atvinnustarfsemi með garðyrkjustöð, skógræktarstöð, verslun, kaffihúsi, bakaríi, matvinnslu, jurtaskofu
og gistiheimili. Á staðnum eru fimm mismunandi listasmiðjur, leirgerð, listasmiðja, kertagerð, vefstofa og smíðastofa.
Menningarstafsemi er fjölþætt og á Sólheimum er listhús, sýningarsalir, höggmyndagarður, trjásafn, kirkja, fræðasetrið
Sesseljuhús og íþróttaleikhús.



ENNEMM / SIA / NM62676

Síminn

Ertu skapandi í kaffilistum?

Umsjónarmaður Kaffigarðs

Síminn leitar að kröftugum og metnaðarfullum kaffibarþjóni
til að hafa umsjón með og bera ábyrgð á daglegum rekstri
Kaffigarðs, hjarta Símons, þar sem starfsmenn hittast og spjalla.

Við erum að leita að áreiðanlegum og stundvísu kaffinörd sem
er tilbúinn að leggja sig fram við að skapa jákvætt andrúmsloft í
Kaffigarðinum.

Helstu verkefni eru að afgreiða kaffi, te og kakódrykki, panta
inn vörur og fylgjast með vöruúrvali. Þá mun starfsmaðurinn
koma að verkefnum í tengslum við innri viðburði í samstarfi við
mannauðsdeild og markaðsdeild.

Um er að ræða skemmtilegt og líflegt starf á góðum
vinnustað. Vinnutími er frá 8 til 16.

Menntun, reynsla og hæfni:

- Æskilegt er að viðkomandi hafi stúdentspróf
- Reynsla af kaffigerð og/eða þjónustustörfum er nauðsynleg
- Eldri en 23 ára

Persónueinkenni:

- Frumkvæði og aðlögunarhæfni
- Kraftur og metnaður
- Samskiptalipurd og hæfni til að vinna í hópi
- Vinnusemi og skipulagshæfileikar
- Jákvæðni
- Snyrtimennska

Umsóknarfrestur er til og með 26. maí nk.

Sótt er um á siminn.is. Fyrirspurnum skal beint til Halldóru Jónsdóttur, ráðgjafa á mannauðssviði
Símons á netfangið halldoraj@siminn.is

EFLA verkfræðistofa óskar eftir starfsmanni á umhverfissviði

Vegna aukinna verkefna EFLU í Noregi er óskað eftir starfsmanni á umhverfissviði fyrirtækisins. Um er að ræða fjölbreytt verkefni á sviði vatns- og fráveitu- hönnunar og meðhöndlunar frárennslis. Aðsetur starfsmanns verður í höfuðstöðvum EFLU í Reykjavík. Um framtíðarstarf er að ræða.

Hæfniskröfur:

- M.Sc. gráða í umhverfis- eða byggingarverkfræði er nauðsynleg
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tök á norðurlandtungumáli

Umsókn, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast inn í gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 30. maí næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Ingunn Ólafsdóttir, mannauðsstjóri, ingunn.olafsdottir@efla.is.



EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafar fyrirtæki sem veitir vandaða þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að stuðla að framförum og efla samfélagið.

EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 240 samhentra starfsmanna.



HÖFDABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • www.efla.is • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • SVÍPJOB • PÓLLAND • RÚSSLAND • TYRKLAND



Staða sérfræðings í geðlækningum

Laus er til umsóknar 100% staða sérfræðings í geðlækningum við geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri og veitist staðan frá 1. september n.k. eða eftir samkomulagi.

Ábyrgðarsvið: Starfið felur í sér þjónustu við sjúklinga á legudeild, göngudeild og bráðamóttöku. Samvinnu við aðrar deildir sjúkrahússins og stofnanir á Norður- og Austurlandi. Starfinu fylgir vaktskylda, þátttaka í kennslu heilbrigðisstétta og þjálfun aðstoðar- og deildarlækna auk tækifæra til rannsóknarvinnu.

Hæfniskröfur: Umsækjandi skal hafa fullgild réttindi í geðlækningum. Við leitum að geðlækni með viðtæka menntun og reynslu í almennum geðlækningum. Við ráðningu verður lögð áhersla á faglega þekkingu auk hæfileika á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

Sjúkrahúsið á Akureyri er kennslusjúkrahús, sem veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu. Áhersla er lögð á bráðaþjónustu og helstu sérgreinameðferðir. Geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri er eina geðdeildin utan höfuðborgarsvæðisins. Þar eru sex stöður lækna. Deildin þjónar aðallega íbúum Norður- og Austurlands frá 18 ára aldri. Deildin skiptist í legudeild og dag- og göngudeild með fjölbreyttum verkefnum. Góð samvinna er við geðsvið Landspítalans og stofnanir SÁÁ fyrir fíknisjúklinga.

Næsti yfirmaður er Sigmundur Sigfússon forstöðulæknir geðlækninga sem gefur nánari upplýsingar um stöðuna í síma 4630100 og í tölvupósti sigmundur@fsa.is og Gróa B. Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri lyflækningasviðs í síma 4630100 og tölvupósti groaj@fsa.is. Starfskjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2014.

Umsóknum skal skilað á umsóknareyðublaði Embættis landlæknis um læknisstöður, sem fæst á vef sjúkrahússins www.fsa.is til Þóru Ákadóttur starfsmannastjóra sjúkrahússins eða á netfang thora@fsa.is. Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt upplýsingum um fræðilegar rannsóknir, rit- og kennslustörf og staðfest afrit af fylgigögnum.

Kerfisstjóri á tölvu- og upplýsingatæknideild

Laus er til umsóknar staða kerfisstjóra við tölvu- og upplýsingatæknideild. Um er að ræða 100% starf. Starfið veitist frá 15. júní eða eftir nánara samkomulagi. Í starfinu felst ábyrgð á fjölbreytilegri kerfisumsjón í rekstrarumhverfi sjúkrahússins.

Ábyrgðarsvið:

- Umsjón og daglegur rekstur á netþjónum, stýrikerfum og hugbúnaði (Vmware, Microsoft, Linux, SAN, IP net)
- Þátttaka í greiningu á þörfum, tæknilegum kröfum, vali og innleiðingu UT lausna
- Uppsetning og bilanagreining miðlægra kerfa
- Lágmarkun rekstrartrufana með skilgreindum vinnuaðferðum
- Umsjón með afritun og geymslu rafrænna gagna

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði, skyldum greinum eða vottuð færni (MCSA, MCSE eða MCITP certificate) í upplýsingatækni æskileg
- Góð þekking og reynsla af rekstri upplýsingatækni
- Færni til að greina og sjá lausnir
- Góð almenn þekking á tækniumhverfum og uppbyggingu netkerfa
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi ásamt hæfileika á sviði samskipta, samvinnu og ríki þjónustulund.

Við tölvu- og upplýsingatæknideild starfa 6 manns í krefjandi og fjölbreyttu starfsumhverfi. Næsti yfirmaður er Árni Kár Torfason forstöðumaður tölvu- og upplýsingatæknideildar sem gefur nánari upplýsingar um starfið í síma 463 0277 eða 860 0471, tölvupóstur arni@fsa.is.

Launakjör eru skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2014.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu sjúkrahússins eða á vef sjúkrahússins, <http://www.fsa.is/>, og skal umsóknum með upplýsingum um menntun og fyrri störf ásamt afritum prófskríteina skilað til Þóru Ákadóttur starfsmannastjóra thora@fsa.is eða sendist til: **Sjúkrahúsið á Akureyri Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru: ÖRYGGI SAMVINNA FRAMSÆKNI. Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins, sem er reyklusinnustaður.



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Forstöðulæknir skurðlækninga	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201405/360
Sjúkraliðar	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201405/359
Hjúkrunarfræðingar	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201405/358
Sjúkraþjálfari	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201405/357
Matráður - afleysingar	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201405/356
Dósent í sálfræði	HÍ, heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201405/355
Dósent í líftölvfræði	HÍ, miðstöð í lýðheilsuvísindum	Reykjavík	201405/354
Upplýsinga- og vefstjóri	HÍ, heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201405/353
Doktorsnemi, læknaeild	HÍ, heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201405/352
Kerfisstjóri	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201405/351
Yfirsálfræðingur við geðdeild	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201405/350
Sérfræðingur í geðlækningum	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201405/349
Geislafræðingar	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Nesk.st./Egilsst	201405/348
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn á Egilsstöðum	Egilsstaðir	201404/277
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranesi	201405/347
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstað	201405/346
Framhaldsskólakennari	Menntaskólinn í Kópavogi	Kópavogur	201405/345
Kennari í rafvirkjun	Fjölbrotaskóli Vesturlands	Akranes	201405/344
Framhaldsskólakennarar	Framhaldsskólinn í Vestm.eyjum	Vestm.eyjar	201405/341
Starfsmaður í afleysingar	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201405/340
Umferðareftirlitsmenn	Samgöngustofa, umferðarsvið	Reykjavík	201405/339
Sérfræðingur	Samgöngustofa, skipaefirlitsdeild	Reykjavík	201405/338
Framhaldsskólakennarar	Fjölbrotaskólinn við Ármúla	Reykjavík	201405/337
Framhaldsskólakennari	Menntaskólinn í Reykjavík	Reykjavík	201405/336
Sjúkraliði	LSH, göngud. sykursýki og innk.sj.	Reykjavík	201405/335
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201405/334
Starfsþjálfun	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	Afríka	201405/333
Sálfræðingur	LSH, geðsvið	Reykjavík	201405/332
Læknir í starfsnámi	LSH, geðsvið	Reykjavík	201405/331



Skrifstofustjóri

Náttúrustofu Vestfjarða

Náttúrustofa Vestfjarða óskar eftir að ráða skrifstofustjóra. Starfssvið: Bókhald, áætlanagerð og umsjón skrifstofu Náttúrustofunnar. Starfshlutfall 50% eða eftir samkomulagi. Starfsstöðvar Náttúrustofu Vestfjarða eru á Bíldudal, í Bolungarvík og á Hólmanvík. Frekari upplýsingar hjá Þorleifi Eiríkssyni forstöðumanni í síma 456 7005 eða 892 6005, netfang: the@nave.is. Umsóknir skulu sendar til Náttúrustofu Vestfjarða, Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík. **Umsóknarfrestur er til 21. maí 2014.**



VEFSTJÓRI SÖLU- OG MARKAÐSSVIÐS MEÐ STARFSSTÖÐ Á AKUREYRI

Saga Travel (www.sagatravel.is) er framsækið ferðapjónustufyrirtæki þar sem áhersla er lögð á hágæða þjónustu og vörupróun. Við leitum eftir hugmyndaþrikum starfsmanni til byggja upp öflugan vefsölu í framsæknu og skapandi umhverfi. Leitað er eftir einstaklingi með mikla sölu-, markaðs- og samskiptahæfileika og sérstök áhersla lög á sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Um framtíðarstarf er að ræða.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Umsjón og ábyrgð með heimasíðum Saga Travel
- Umsjón og ábyrgð á söluherferðum á vefnum
- Umsjón og ábyrgð á ásýnd Saga Travel á öðrum heimasíðum og samfélagsmiðlum
- Aðkoma að markaðsstörfum og markaðsstefnu félagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf og/eða viðamikil starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Hæfni til að stýra verkefnum og vinna sjálfstætt
- Góð þekking á leitarvélabestun og google virkni
- Góð tök á inDesign og grunnþekking á vefforritun
- Mikil reynsla af sölu og/eða markaðsstörfum
- Mjög gott vald á ritaðri enskri tungu og greinaskrifum

Umsóknarfrestur til og með 10. júní 2014.

Óskað er eftir að umsækjendur sendi ítarlega starfsferilskrá með umsókn og rökstuðning fyrir hæfni í starfið. Saga Travel hvetur jafnt konur og karla til að sækja um starfið

Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sævar Freyr í síma 825 8888 eða job@sagatravel.is

Rafkaup

Rafkaup er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á lömpum, lampabúnaði, ljósaperum og innlagnaefni.

Rafkaup er umboðsaðili þekkttra vörumerkja eins og SYLVANIA, DELTA LIGHT og IGUZZINI.

Rafkaup var stofnað árið 1982.

Sölumaður - Tæknimaður

Rafkaup óskar að ráða tæknimann til þjónustu og sölustarfa

Starfslýsing:

Öll almenn þjónustustörf, ráðgjöf, sala, pantanir ofl.

Hæfniskröfur:

Skilyrði er reynsla og góð þekking á ljósabúnaði, stýrikerfum og almennu raflagnaefni.

Sjálfstæð vinnubrögð, góð þjónustulund, stundvísi og reglusemi Reykleysi æskilegt.

Einungis reyklusir einstaklingar eldri en 25 ára koma til greina.

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á atvinna@rafkaup.is fyrir 23. maí

Rafkaup hf - Ármúla 24 - 108 Reykjavík - www.rafkaup.is

Kraftmikill sölumaður óskast

Fríðrik A. Jónsson ehf. óskar eftir að ráða sölumann til starfa í sölu á siglinga og fiskileitartækjum og öðrum rafeindabúnaði fyrir skip og báta. Leitað er eftir aðila með góða skipulagshæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum.

Starfssvið:

- Kynning og sala á vörum til viðskiptavina
- Umsjón með heimasíðu og uppsetning á auglýsingum
- Utanumhald um auglýsingar, sýningar og markaðsstarf
- Samskipti við birgja
- Ýmis önnur verkefni

Hæfniskröfur:

- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þekking á siglinga og fiskileitartækjum
- Reynsla og hæfni í sölumálum
- Góð tölvukunnátta

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist með tölvupósti fyrir 27. maí n.k. á faj@faj.is



Fríðrik A Jónsson stofnaði sitt fyrirtæki árið 1942 og er fyrirtækið því orðið 72 ára. Fyrirtækið hefur verið leiðandi á sínu sviði og verið í eigu sömu fjölskyldu þar til eigendur Marás keyptu það árið 2006. Félagið er til húsa í Miðhrauni 13 í Garðabæ. Fríðrik hóf samstarf við Willy Simonsen sem stofnaði Simonsen Radio a.s. í Noregi sem síðar fékk nafnið Simrad sem er eitt þekktasta merkið í sjávarútvegi í dag.

Á síldarárunum varð bylting í síldveiðum þegar Fríðrik setti á Íslandsmarkað fyrsta Simrad sonarinn (Astik) sem á þeim tíma var settur í öll helstu síldveiðiskip á Íslandi og var upphaf að sterkri stöðu Fríðriks A. Jónssonar ehf og Simrad á Íslandi.

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Hjúkrunarheimilið Ísafold

- starfsmaður í ræstingu
- aðstoðarmaður í þjónustumiðstöð

Flataskóli

- íþróttakennari

Álftanesskóli

- deildarstjóri sérkennslu

Hofsstaðaskóli

- námsráðgjafi
- umsjónarmaður tómstundaheimilis

Vinnuskóli Garðabæjar

- flokkstjórar

Leikskólinn Hæðarból

- leikskólakennari

Leikskólinn Kirkjuból

- starfsmaður í atferliþjálfun

Bæjarskrifstofur

- byggingarfulltrúi

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is



EINKA- OG HÓPTÍMA-ÞJÁLFARAR ... TAKIÐ EFTIR!

Hreyfing leitar að úrvals þjálfurum til að þjálfa eftir nýju kerfi sem verður kynnt í Hreyfingu í haust.

Ef þú hefur haldgóða reynslu af líkamspjálfun, ert fyrirmynd annarra hvað varðar lífsgleði og líkamlegt atgervi og býrð yfir leiðtoga-hæfileikum þá ert þú sá einstaklingur sem við leitum að.

Við leggjum áherslu á að viðkomandi hafi gaman af að umgangast fólk, sé hvetjandi og fullur orku. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá og nýlegri mynd á netfangið hreyfing@hreyfing.is fyrir 27.maí.



HREYFING

BLUE LAGOON
ICELAND

www.hreyfing.is

Námsráðgjafi óskast

Laust er starf námsráðgjafa við Tækniskólann – skóla atvinnulífsins, til afleysinga í eitt ár. Umsækjandi skal hafa lokið MA-námi í starfs- og námsráðgjöf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Páll Ásgeirsson, námsstjóri, í síma 822 2348 og í tölvupósti, gpa@tskoli.is

Umsóknarfrestur er til 25. maí.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Skólastjóri við leikskólann Hulduheima

Skóladeild Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða leikskólastjóra til starfa við leikskólann Hulduheima á Akureyri frá 1. ágúst 2014.

Leikskólinn Hulduheimar er sameinaður leikskóli Holtakots og Síðusels og eru húsin aðgreind með nöfnunum Kot og Sel. Kot er u.þ.b. 33 barna leikskóli við Þverholt og Sel er þriggja deilda leikskóli við Kjalarsíðu með u.þ.b. 65 börn.

Sýn Hulduheima er: Velliðan – Virkni – Velferð.

Mótun nýrrar stefnu fyrir nýjan skóla er í vinnslu og mikið og spennandi starf framundan. Frekari upplýsingar um leikskólann má sjá á www.hulduheimar.akureyri.is.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt. Umsóknarfrestur er til og með 28. maí 2014



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

Reynd

Dynamics NAV forritarar

Reynd leitar að reyndum, metnaðarfullum Microsoft Dynamics NAV forriturum vegna aukinna erlendra verkefna.

HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla í forritun í Dynamics NAV og innleiðingu Dynamics NAV viðskiptalausna.
- Háskólamenntun t.d. í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði, viðskiptafræði eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð.
- Sjálftæði, frumkvæði og nákvæmni í starfi.
- Góð enskukunnátta.

Reynd sérhæfir sig í ráðgjöf, innleiðingum og þjónustu á Microsoft Dynamics NAV, LS Retail, Cenium og fleiri lausnum.

Fyrirtækið og starfsmenn þess státa af víðtækri reynslu á þessu sviði og hafa unnið að fjölda krefjandi verkefna innanlands sem og erlendis.

Þekking starfsmanna nær út fyrir hið hefðbundna svið upplýsingatækninnar og hefur fyrirtækið mikla reynslu af ráðgjöf til stjórnenda, breytingastjórnun og greiningu gagna.

Umsókn með ferilskrá skal send á job@reynd.is merkt „NAV forritari“ fyrir 9. júní 2014. Frekari upplýsingar veitir Bjarni Gaukur Sigurðsson (gaukur@reynd.is).

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



MÆLINGAMENN

ÍSTAK óskar eftir að ráða mælingamenn til starfa. Um er að ræða landmælingar á framkvæmdasvæðum fyrirtækisins á Íslandi. Viðkomandi verður að hafa reynslu af sambærilegum störfum.

Upplýsingar um starfið eru veittar á skrifstofu ÍSTAKS, Bugðuflijóti 19, 270 Mosfellsbæ og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Sækja skal um starfið á www.istak.is – undir „Starfsúmsókn“.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 400 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stór-iðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

VILTU GERA ÞAÐ GOTT?

STARFSFÓLK ÓSKAST

Við Viljum ráða fólk á nýjan og glæsilegan veitingastað Saffran á Bildshöfða. Erum með lausar stöður í sal og eldhúsi, bæði fullar stöður og hlutastörf (ekki sumarstörf). Við gerum kröfur um að starfsfólk sé í góðu skapi, formi og jafnvægi, úrræðagott og leggi metnað sinn í starfið. Gott vald á bæði ensku og íslensku er skilyrði fyrir störf í eldhúsi. Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg í sal.

SÆKTU UM EF ÞÚ...

- Vilt vinna á öflugum og skemmtilegum vinnustað.
- Ert 18 ára eða eldri.
- Vilt skapa með okkur framúrskarandi veitingastað.
- Vilt vinna í vaktavinnu.

UMSÓKN

Umsóknareyðublöð eru á umsokn.foodco.is

Nánari upplýsingar veitir Herwig: atvinna@foodco.is

GLÆSIBÆ • DALVEGI • ÁRTÚNSBREKKU • BÆJARHRAUNI • BÍLDSHÖFÐA
OPNAR FLJÓTLEGA

SAFFRAN

GLÆSILEGT ATVINNUHÚSNÆÐI Á AKUREYRI TIL LEIGU EÐA SÖLU STRANDGATA 3

258 m² húsnæði til leigu á besta stað í miðbæ Akureyrar, við Ráðhústorgið. Inngangur og útstillingagluggar bæði að austan og vestan. Mjög sýnilegt öllum sem fara um miðbæ Akureyrar. Húsnæðið er innréttað sem fata-verslun, en áður hefur verið rekin veitingarstaður í eigninni. Stór og sólrík verönd framan við húsnæðið gefur mikla möguleika, og næg bílastæði eru í grennd.



Upplýsingar gefur Aðalsteinn Árnason
í síma 666 1077 eða á vgj@nett.is

Þjónustufulltrúi Fasteigna Akureyrarbæjar

Fasteignir Akureyrarbæjar óska eftir að ráða þjónustufulltrúa í viðhaldi leiguíbúða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Fasteignir Akureyrarbæjar eru eignarhalds- og rekstrarfélag í eigu Akureyrarbæjar.

Félagið hefur sérstaka stjórn sem starfar í umboði bæjarstjórnar og hefur umsjón með öllum fasteignum í eigu bæjarins.

Helstu verkefni félagsins eru nýframkvæmdir, kaup og sala eigna, viðhald eigna og útleiga þeirra.

Starfssvið

- Umsjón með viðhaldi og endurbótum fasteigna
- Gerð viðhaldsáætlana
- Stýring framkvæmda
- Eftirlit með framkvæmdum
- Samskipti og þjónusta við leigutaka og
- Þjónustuaðila

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 26. maí 2014



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

Menntasvið Kópavogs auglýsir

Forstöðumenn dægradvalar óskast í Hörðuvallaskóla, Álfrólsskóla og Lindaskóla.

Forstöðumaður Dægradvalar stjórnar skipulagi daglegrar starfsemi í Dægradvöl. Hann ber ábyrgð á faglegu starfi, skráningu barna og eftirliti og hefur umsjón með innheimtu dvalargjalda, í samvinnu við skólalastjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólanám í tólmstundafræði, uppeldisfræði eða sambærilegum greinum sem nýtast í starfi.
- Reynsla af stjórnun og skipulögðu starfi með börnum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Frumkvæði og metnaður í starfi.

Allar nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Starfsþjálfun – þrjár stöður

Próunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir eftir ungu háskólaþingi sem hefur áhuga á 4 mánaða starfsþjálfun í tengslum við verkefni á sviði þróunarsamvinnu í þremur samstarfslöndum stofnunarinnar. Starfstími á vettvangi er frá 16. ágúst til 15. desember.

Hæfniskröfur:

Umsækjendur skulu hafa lokið grunnnámi í háskóla (BA, BSc eða sambærilegri gráðu) og ekki vera eldri en 33 ára. Mjög góð enskukunnátta er skilyrði, þar á meðal geta til að skrifa góðan texta, góð tölvukunnátta og undirstöðuþekking í aðferðafræði. Gerð er krafa um sjálfstæð vinnubrögð, ábyrgð, áreiðanleika og lipurð í mannlegum samskiptum. Þekking á þróunarmálum, þróunarstarfi og afrískri menningu er ákjósanleg. Umsækjendur verða að hafa ökuréttindi.

Verkefni starfsnema í Malaví:

Tilfallandi verkefni á skrifstofu og fyrir þróunarverkefni stofnunarinnar. Umsækjendur þurfa að hafa viðtæka þekkingu af gagnaöflun og úrvinnslu og reynslu af notkun tölfræðiforritsins SPSS.

Verkefni starfsnema í Mósambík:

Tilfallandi verkefni á skrifstofu og fyrir þróunarverkefni stofnunarinnar. Helstu verkefni tengjast þróun fiskeldis í smáum stíl, innan verkefnastöðar í fiskimálum. Hluti starfstímans verður í höfuðborginni Mapútó og hluti út á landi þar sem aðstæður eru krefjandi. Kunnátta í portúgölsku eða spænsku er nauðsynleg.

Verkefni fyrir starfsnema í Úganda:

Tilfallandi verkefni á skrifstofu og fyrir þróunarverkefni stofnunarinnar. Meðal helstu verkefna er upplýsingaöflun í tengslum við áætlanagerð, greiningu og úrvinnslu gagna og aðstoð við undirbúning og skipulag. M.a. áhersla á að greina efnahagsleg áhrif fiskmarkaða á nærsamfélagið.

Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu Próunarsamvinnustofnunar Íslands fyrir 30. maí nk.



Rauðarárstíg 27 - 105 Reykjavík - Sími: 5458980 - Netfang: iceida@iceida.is

FJÖLBREYTT SKRIFSTOFUSTARF BÓKHALD

Fjármálasvið Norvíkur hf. óskar eftir að ráða starfsmann í fjölbreytt skrifstofustarf / bókhald.

Starfssvið:

- Færsla bókhalds í Dynamics AX og AS400 bókhaldskerfi
- Aðstoð við uppgjör
- Afstemmingar lánardrottna
- Afstemmingar banka
- Önnur tilfallandi skrifstofustörf

Hæfniskröfur:

- Reynsla af skrifstofustörfum
- Bókhaldsþekking skilyrði
- Góð almenn tölvufærni – sérstaklega í Excel
- Hröð og nákvæm vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt og hafa ríka þjónustulund.

Umsóknarfrestur til og með 25. maí 2014

Nánari upplýsingar veitir Lovísa Þórðardóttir skrifstofustjóri í tölvupósti lovisa@norvik.is

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Norvíkur, www.norvik.is



Starfsemi Norvíkur hf. hófst árið 1962 með stofnun BYKO ehf. Höfuðstöðvar samsteypunnar eru í Reykjavík og má skipta starfsemi upp í tvo megin þætti: Byggingavöruverstun á Íslandi. Timburiðnað og flutningastarfsemi og þjónusta um pvera Evrópu.

Byggingavöruverstun á Íslandi BYKO ehf., byggingavörustarfsemi: Stærsta byggingavöruverstun Íslands. Starfrækir byggingavöruverstunir, timbursölur og leigumarkaði á fjölmörgum stöðum á landinu.

Timburiðnaður Norvíkur Staðsetning rekstrarins er í Lettlandi, Eistlandi, Rússlandi, Bretlandi og Svíþjóð.



www.vinna.is

Baadermaður



HB Grandi óskar eftir að ráða mann til að hafa yfirumsjón með viðhaldi á Baadervélum í fiskiðjuveri félagsins í Reykjavík. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af viðhaldi Baadervéla. Menntun í vélvirkjun er æskileg.

Nánari upplýsingar gefur Sigurður Gunnarsson í síma 858 1054. Umsóknir skal senda á pósthöfn sigurður@hbgrandi.is



HRAFNAGILSSKÓLI



EYJAFJARÐARSVEIT

Grunnskólakennari, skólaliði og starfsmaður í Frístund

Óskum eftir að ráða **grunnskólakennara** að Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit. Um er að ræða umsýsluárástöðu á yngsta stigi. Ráðið er frá 1. ágúst 2014.

Í Hrafnagilsskóla er stuðst við kennsluáferðirnar Byrjendalæsi og Orð af orði á yngsta stigi.

Leitað er eftir kennara sem:

- Sýnt hefur árangur í starfi.
- Lagar kennslu- og starfshætti markvisst að þörfum nemenda.
- Sýnir metnað fyrir hönd nemenda.
- Vinnur í góðri samvinnu við foreldra og allt starfsfólk.
- Er fær og lipur í samskiptum.
- Byr yfir frumkvæði og skipulagsfærni og sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum.

Óskum eftir **starfsmanni** í Frístund og **skólaliða** í afleysingastarf skólaárið 2014 - 2015

Leitað eftir starfsmanni sem:

- Er lipur í samskiptum og jákvæður.
- Er stundvís og vinnur vel.
- Vinnur í góðri samvinnu við allt starfsfólk.
- Hefur gaman að því að vinna með börnum.

Umsóknarfrestur er til 28. maí 2014.

Nánari upplýsingar veita skólalæstjórarnir Hrund Hlökkversdóttir og Björk Sigurðardóttir í sínum 464-8100 og 699-4209 eða á netfangin, hrund@krummi.is og bjork@krummi.is.

Hrafnagilsskóli er staðsettur í Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit um 10 km. frá Akureyri. Hann er einn af fjölmennustu skólum sem starfa í dreifbýli á Íslandi með tæplega 200 nemendum. Árið 2007 hlaut Hrafnagilsskóli Íslensku menntaverðlaunin fyrir framúrskarandi skólustarf. Kjörorð skólans eru að allir hafi hið góða í sér og möguleikann til að verða betri manneskjur. Heimasíða Hrafnagilsskóla er www.krummi.is.



Twill vefnaðarvörverslun óskar eftir starfsfólki.

Ef þú hefur áhuga á saumaskap og kannt til verka og ert hress og skemmtileg/ur þá endilega sendu okkur ferilskrána þína með mynd á olof@twill.is

Skilafrestur umsókna er til 23. maí - öllum umsóknum verður svarað

Starfsmenn óskast!

Sumarafleysingar og framtíðarstörf
Spennandi störf í boði!

Sölumaður í verslun Parka Dalvegi

Starfssvið:

Starfið felst í ráðgjöf og sölu á parketi, flísum, innihurðum ofl.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölu á ofangreindum byggingarvörum til innréttingar er skilyrði.
- Leitað er að jákvæðum einstaklingi sem er sjálfstæður, skipulagður, drifandi, metnaðarfullur og á auðvelt með mannleg samskipti.
- Framúrskarandi þjónustulund.
- Þekking á Navision er æskileg.
- Áhugi á fallegri hönnun er kostur.

Sumarstarfsmaður á lager Parka Dalvegi

Starfssvið:

Almenn lagerstörf.

Móttaka og frágangur vöru frá birgjum.

Afhending vöru til viðskiptavina.

Útkeyrsla á vörum.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af lagerstörfum.
- Skipulagshæfileikar.
- Meirapróf og lyftarapróf æskileg.
- Tölvukunnátta.
- Þjónustulund, samstarfshæfni og jákvætt viðhorf.

Sölumaður á innréttingum í verslun Parka Dalvegi

Starfssvið:

Almenn ráðgjöf og sala á eldhúsinnréttingum, auk innréttingalausna fyrir baðherbergi, fataskápa ofl.

Samskipti við erlenda birgja sem og önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af hönnun og sölu á innréttingum.
- Reynsla af sérhæfðum teikninga- og söluforritum.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Framúrskarandi þjónustulund.
- Þekking á Navision er æskileg.
- Góð almenn enskukunnátta.
- Áhugi á fallegri hönnun er kostur.

Umsóknarfrestur er til 26. Maí 2014.

Umsóknir sendist á netfangið starf@parki.is

Parki
INTERIORS

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Leikskólakennari í leikskólann Álfatún
- Leikskólakennari vegna stuðnings á leikskólann Sólhvörf
- Kennari á mið- og unglíngastig í Kópavogsskóla
- Starfsmenn í dægradvöl í Smáraskóla
- Tónmenntakennari í Smáraskóla

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

ÍSAFOLD HJÚKRUNARHEIMILI OG ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ HÚSNÆÐI FYRIR FÓTAAÐGERÐASTOFU

Garðabær auglýsir húsnæði til leigu fyrir fótaaðgerðastofu í þjónustumiðstöð Ísafoldar, Strikinu 3, Sjálandshverfi í Garðabæ.

Gólfplötur húsnæðis: 16m²

Ísafold er hjúkrunarheimili með 60 hjúkrunarrýmum, 10 dagdvalarrýmum og þjónustumiðstöð. Rýmið er á 1. hæð.

Áhugasamir aðilar skulu skila upplýsingum um sig og væntanlegan rekstur í þjónustuver Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ, eigi síðar en föstudaginn 30. maí kl. 14:00.

Nánari upplýsingar eru á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Óskum eftir öflugum forritara

ARK Technology er tæknifyrirtæki sem þróar lausnir til að fylgjast með umhverfisáhrifum skipa á sjálfvirkan hátt. Hugbúnaður ARK byggist á stærðfræðilegum kjarna sem notaður er til að herma og reikna út mengun frá skipum í alþjóðlegum siglingum. Með lausnum ARK geta skipaútgærðir mætt auknum alþjóðlegum kröfum um mengunareftirlit á hafi og í höfnum.

Æskilegt er að umsækjandi hafi:

- Þekkingu á SQL forritunar umhverfinu
- Þekkingu á sviði nettengdra SQL gagnagrunna
- Kunnáttu í hönnun gagnasafna
- 2-3 ára reynslu

Ferilskrá ásamt upplýsingum um styrk og reynslu sendist á netfangið jobs@arktech.net fyrir 30. maí. Sýnishorn af fyrri vinnu (vefsíður, o.þ.h.) eru æskileg en þó ekki nauðsynleg.



ARK Technology
Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 519 3800
www.arktech.net



Sundagörðum 2
Sími: 533-4800
www.midborg.is

W
MIDBORG
fasteignasal

Björn Þorri Viktorsson
Hrll. og lögg. fasteignasali
Karl Georg Sigurbjörnsson
Hrll. og lögg. fasteignasali

Njörvasund 27

Opið hús sunnudag á milli 16:00 og 17:00



OPIÐ HÚS

Einstaklega falleg 3-4 herb. íbúð á 2. hæð í góðu þrjúbýli á vinsælum stað í vogahverfi. Húsið er fallett utan sem innan. Góðar svalir og fallegur garður. Samtals 82,7 fm. Nánari uppl. **Friðþjófur S. 894-1233**

www.hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARDARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

ÚTBOÐ

FÆRANLEGAR KENNSLUSTOFUR
Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í framleiðslu og afhendingu á þremur færslustofum, tengigangi ofl.. Húsin skilist eigi síðar en 20. ágúst n.k. fullklárud.
Útboðsgögn fást afhent frá og með miðvikudeginum 14.mái í afgreiðslu Umhverfis- og framkvæmda, Norðurhelli 2, 221 Hafnarfirði.
Tilboð verða opnuð á sama stað 4. júní 2014, kl:11:00.

Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

Útboð

Faxaflóahafnir sf óska eftir tilboðum í verkið:

Göngubrýr við Sjóminjasafnið Staurarekstur og brúarsmíði


Verkið felst í því að reka niður harðviðarstaura í Gömlu höfninni við Sjóminjasafnið og byggja þar brýr og pall úr harðvið.

Helstu magntölur:
Stauraniðurrekstur33 stk
Brúar- og pallasmíði270 m²

Verklök eru 15. nóvember 2014.

Útboðsgögn verða afhent án gjalds á stafrænu formi með því að senda beiðni á netfangið mannvit@mannvit.is frá þriðjudeginum 20.mái.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Faxaflóahafna, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, þriðjudaginn, 10. júní 2014 kl. 11:00.



Sýslumaðurinn á Húsavík - UPPBOÐ -

Einnig birt á www.naudungarsolur.is. Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Mararbraut 19, fnr.215-3195, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Friðrik Rúnar Garðarsson, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, fimmtudaginn 22. maí 2014 kl. 10:15.


Uppsalavegur 5, 231-4552, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Parhús ehf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Sjónvá-Almennar tryggingar hf., fimmtudaginn 22. maí 2014 kl. 11:00.

Uppsalavegur 7, 231-4553, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Parhús ehf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Sjónvá-Almennar tryggingar hf., fimmtudaginn 22. maí 2014 kl. 11:30.

Boðagerði 10, fnr. 216-6868, 670 Kópaskeri, Norðurþingi, þingl. eig. Sarunas Raila, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, þriðjudaginn 27. maí 2014 kl. 10:40.

Hafnarsvæði 154484, fnr. 216-7203, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Biltungur ehf, gerðarbeiðandi Íslandsbanki hf., þriðjudaginn 27. maí 2014 kl. 13:15.

Sýslumaðurinn á Húsavík 16. maí 2014.



FISKISTOFA

Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2013/2014 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 665, 10. júlí 2013

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 462/2014 í Stjórnartíðindum

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggða-kvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðarlög:

Norðurþing (Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn)

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluaðila, á eyðublaðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.

Umsóknarfrestur er til og með 30. maí 2014.

Fiskistofa, 16. maí 2014.

108 Reykjavík

Brekkugerði



Fallegt 305 fm einbýlishús á tveimur hæðum
Sólstofa og rúmgóðar suðursvalir
Sólpallur, heitur pottur og glæsilegur garður
Möguleiki á að útbúa séríbúð á jarðhæð
Húsið er teiknað af Sigvalda Thordarson

TILBOÐ

Nánari upplýsingar veita **David Jónsson**, sölufultrúi david@miklaborg.is sími: 697 3080

Þróstur Þórhallsson löggiltur fasteignasali sími: 897 0634 throstur@miklaborg.is

569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

EINBÝLI TIL SÖLU



Fasteignasala G.Ó. kynnir til sölu lítið og notalegt einbýlishús, staðsett við Kársnesbraut í Kópavogi, í upphafi byggt sem sumarbústaðurinn Hamingjustaðir árið 1946, bætt við húsið síðar og lítill bílskúr sérstæður byggður 1967. Í husinu er stofa með arni og útiskála, eitt svefnherbergi og tvö minni herbergi. Gott eldhús og borðstofa. Fasteignamat og lóðamat kr.28.350.000 og brunabótamat kr.18.693.000. Eignin er samtals að flatarmáli 118,4m² þar af bílskúr 25m², lóðin er 800m². Komið er að allnokkru viðhaldi á eigninni.
Ásett verð er 26.000.000,-

Upplýsingar veitir Gunnar Ólafsson lg.fs. í síma 868-4479 eða fasteign@simnet.is Fasteignasölu G.Ó. Reykjavíkurvegi 60 Hafnarfirði

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi www.hagvangur.is



HAGVANGUR
SKOÐARLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Boltagerði 2014, Melaskóli og Kelduskóli – Vík,** útboð nr. 13247.
- Hjólástígar. Endurnýjun gönguleiða 2014,** útboð 13239

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is



Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.

Malarás 2 - 110 Reykjavík
Opið hús í dag, laugardag milli kl. 15:00 og 16:00



Glæsilegt tvílyft einbýlishús á frábærum útsýnisstað í Selásnum. Húsið er samtals 280,6 fm að gólfleti, þ.e. íbúð er 243 fm og innbyggður bílskúr er 37,6 fm. Komið inn á neðri hæð. Hol, tvö herbergi, snyrting, þvottahús, parket og flísar á gólfum. Á efri hæð er stofa, borðstofa, sólstofa, eldhús, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Parket og flísar á gólfum. Húsið var allt endurnýjað að innan árið 2000 á afar vandaðan og smekklega hátt. Glæsilegt ústýni.
Verð 78,5 milljónir.

Eldri borgarar - Sléttuvegur 11 - 103 Reykjavík
Opið hús í dag, laugardag milli kl. 15:00 og 15:30.



Mjög falleg og björt 2ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr í góðu fjölbýlishúsi með lyftu fyrir 60 ára og eldri. Anddyri, innbyggðir fataskápar. Stór og björt stofa, parket á gólfi. Úr stofu er gengið út á suðvestursvalir sem eru að hluta yfirbyggðar. Eldhús opið við stofu, góð innrétting hvít með beykiköntum, korkflísar á gólfi. Svefnherbergi, stórir fataskápar, korkflísar. Baðherbergi, dúkur á gólfi, góð innrétting, sturtuklefi, tengi fyrir þvottavél. Stór sér geymsla framan við íbúð. Sér bílskúr fylgir íbúð. **Verð 32,9 millj.**

Suðurgata 7, 101 Reykjavík - www.hibyli.is
hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800 - Fax: 585 8808



Fasteignasala Kópavogs
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta
Gunnlaugur Hilmarsson lögg. fasteignasali

Jöklafold 12

Opið hús, mánudaginn 19.maí kl. 17.00 – 17:30



